



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. desember 2006 – 324. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Traust brúar bilið

Auður Jónsdóttir rit-höfundur ræðir um trúnað, pólitík og söguna Tryggðar-pant.



BÆKUR 34

Bænin veitir vellíðan

KK leitar Guðs og trúin er orðin stór hluti í lífi þessa öfluga tónlistarmanns.

VÍÐTAL 20

Háskólinn árið 2011

Nú styttest í aldarafmæli Háskóla Íslands. Þau fimm ár fram að þeim tíma á að nota til að efla skólann, segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 12


Tap gegn heima-mönnum



Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik tapaði gegn Rúmenum í gær og á ekki möguleika á að komast á HM.

ÍÞRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT HÆGVINDRI Í dag verður vaxandi norðaustan átt við suðausturströndina, 8-13 m/s í fyrstu en síðan heldur hvassari. Annars staðar hægviðri. Þjart með köflum suðvestan og vestan til, annars skýjað og úrkomulítið. Hiti 0-5 stig.

VEÐUR 4

Opið alla daga

Jólagjafir



exo

www.exo.is

Dauði eftir hjartastopp í lögreglubíl rannsakaður

Öll gögn um málsatvik er leiddu til þess að maður á fertugsaldri fékk hjartastopp í lögreglubíl hafa verið send til ríkissaksóknara. Maðurinn lést eftir að hafa legið á gjörgæsludeild Landspítalans í tæpa viku.

LÖGREGLUMÁL Embætti Ríkissaksóknara hefur til rannsóknar málsatvik er leiddu til þess að maður fékk hjartastopp í lögreglubíl aðfaranótt sunnudags 26. nóvember. Þetta staðfesti Bogi Nilsson ríkissaksóknari við Fréttablaðið í gær.

Maðurinn lést á föstudag eftir að hafa legið á gjörgæsludeild Landspítalans síðan hann fékk hjartastopp. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvær dætur.

Maðurinn var gestur á Radisson SAS Hótel Sögu í Reykjavík á laugardagskvöldið og var lögregl-

an kölluð til vegna óláta hans aðfaranótt sunnudags. Maðurinn hafði þá kastað til húsgögnum og ráðist inn á herbergi sofandi hóteldgesta en ekki unnið þeim mein.

Að sögn Geirs Jóns Þórissonar, yfirlögregluþjóns í Reykjavík, þurfti að taka harkalega á manninum við handtöku en hann hafi skyndilega fengið hjartastopp er hann var kominn inn í lögreglubíl. „Lögreglan þurfti að beita manninn harðræði við handtöku en það voru engin átök á milli lögreglu og mannsins er maðurinn fékk hjartastopp.“

„Lögreglan þurfti að beita manninn harðræði við handtöku en það voru engin átök á milli lögreglu og mannsins er maðurinn fékk hjartastopp.“

GEIR JÓN ÞÓRISSON
YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Geir Jón segir að það leiki grunur á því að maðurinn hafi verið undir áhrifum fíkniefna en ríkissaksóknari rannsakar málið og mun fara skipulega yfir alla þætti þess. Öll gögn um málið

hafa verið send til ríkissaksóknara.

Sjúkralið var kallað til og tókst því að lifga manninn við og var hann í kjölfarið fluttur á gjörgæsludeild.

Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni í Reykjavík fundust fíkniefni á herbergi mannsins á hóteli en endanleg staðfesting á því hvort maðurinn hafi verið undir áhrifum fíkniefna umrætt kvöld, eða hvað það var sem leiddi til hjartastoppis, liggur ekki fyrir þar sem réttarkröfning hefur ekki enn farið fram.

- mh



JÓL Í VETRARGARÐINUM Ljósín á jólatrénu í Vetrargarðinum í Smáralind voru tendruð í gær við mikinn fögnuð fjölda barna. Við þetta tilefni var Jólaævintýri Smáralindar frumsýnt. Hér sést leikarinn Örn Árnason segja jólasögu af mikilli innlifun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrstu tölur í forvali VG:

Ögmundur, Katrín og Kolbrún efst

STJÓRN MÁL Ögmundur Jónasson, Katrín Jakobsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir fengu flest atkvæði í fyrstu sætin þrjú í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á höfuðborgarsvæðinu þegar 700 atkvæði höfðu verið talin.

Svanhildur Kaaber, formaður kjörstjórnar, las upp fyrstu tölur klukkan 22 í gærkvöldi.

Samtals greiddu tæplega 1.100 manns atkvæði í forvalinu en 1.800 manns voru á kjörskrá. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Árni Þór Sigurðsson voru í næstu sætum.

Frambjóðendur í forvalinu voru þrjátíu.

Raðað verður á lista flokksins í báðum Reykjavíkurborgardæmum og Suðvesturkjördæmi fyrir Alþingiskosningarnar næstkomandi vor út frá niðurstöðum.

- mh

Fjögurra ára stúlka og karlmaður um þrítugt létust og þrír slösuðust alvarlega:

Tvennt lést í hörðum árekstri

SLYS Fjögurra ára stúlka og karlmaður um þrítugt létust í hörðum árekstri tveggja fólksbíla á Suðurlandsvegi í gær. Þrír slösuðust alvarlega, þar af átta ára drengur.

Í öðrum bílnum voru tveir karlmenn og lést farþegi þess bíls. Í hinum bílnum var karlmaður með börnin tvö. Ökumenn beggja bílanna hlutu beinbrot og átta ára drengurinn slasaðist alvarlega en er þó ekki talinn í lífshættu.

Slysið varð um klukkan þrjú síðdegis á Sandskéiði. Annar bíllinn fór yfir á öfugan vegarhelming og skall beint framan á hinn. Að sögn varðstjóra lögreglunnar í Reykjavík, sem fer með málið, er talið að ökumaður hans hafi verið að reyna framúr-akstur.

Þeim sem komu á bráðamóttöku var vísað á Læknavaktina vegna anna á slysideild Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Suðurlandsvegur var lokaður við Hafravatnsveg í austur og við Litlu kaffistofuna til vesturs, í um tvær stundir og umferð beint um Þingvallaveg á meðan unnið var á slysstað.



Á SLYSSTAÐ Talið er að ökumaður annars bílsins hafi verið að reyna framúrakstur þegar slysið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Tuttugu og sjö manns hafa látist í umferðinni á árinu. Ekki hafa fleiri látist í umferðinni á landinu síðan árið 2002, en þá létust 29 manns.

- sh

LEIKSÝNING KL. 14 Í DAG Í VETRARGARÐINUM

SMÁRALIND BÉTRÍ LEIÐ TIL AÐ VERSTA

Jólagleði

L'ORÉAL - REVITALIFT

Revitalift krem sem gefa frábæra næringu, draga úr finum línum og hrukkum, hafa styrkjandi áhrif á húðina. Henta mjög vel fyrir 40-50 ára.

20% afsláttur



2.179 kr.

CLARINS - MASKARAKASSI

Wonder volume maskari, 30 ml augnfarðahreinsir og 5 ml augngel.



4.689 kr.

BURBERRY - DÖMUILMUR

Nýr ilmur frá Burberry, elegant og léttkryddaður.



2.719 kr.

VAN GILS - BASIC INSTINCT

Léttur og ferskur ilmur. Edt. 40 ml - 75 ml deo stick.



Levante

LEVANTE - SOKKABUXUR

Vekja athygli!



5.490 kr.

MICROLIFE - HITATEPPI

Fyrir þá sem þjást af vöðvabólgu, bakverkjum og stírðleika í hálsi og baki. Jöfn og hröð hitadreifing.



4.240 kr.

LAMAZE - SAFARILEST

Litla dýralestin. Örvar börn til gangs. Skemmtileg dýrahljómsveit spilar tónlist. Hentar frá 6 mánaða aldri.



1.590 kr.

FRÁBÆRT FYRIR MATARBOÐIÐ!

Mataruppskriftir frá Ítalíu, Mexíkó, Indlandi og fleiri löndum ásamt 60 mín. af tilheyrandi tónlist á einum og sama disknum.

Einnig úrval geisladiska frá SENU.

GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM

Komdu til okkur og skoðuðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	67,72	68,04
	Sterlingspund	133,16	133,80
	Evra	89,58	90,08
	Dönsk króna	12,015	12,085
	Norsk króna	10,962	11,026
	Sænsk króna	9,92	9,978
	Japanskt jen	0,5818	0,5852
SDR		102,22	102,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,6835
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félag íslenskra flugumferðarstjóra styrkir launalausar flugumferðarstjóra í janúar:

Veðsetja eignir ef með þarf

FLUGUMFERÐARSTJÓRAR Félag íslenskra flugumferðarstjóra hefur samþykkt að styrkja þá félagsmenn sem ekki hafa ráðið sig til Flugstöða, eiga ekki rétt á biðlaunum og verða launalausir vegna þessa í janúar 2007. Styrkurinn skal nema fullum launum sem tapast, án aukavinnu, og greiðist í byrjun febrúar. Félagsfundur hefur falið stjórn félagsins að ganga frá fjármögnun vegna þessa og heimilar að eignir félagsins séu veðsettar til tryggingar láni ef þurfa þykir.



LAUNALOUSIR FÁ STYRKI Félag íslenskra flugumferðarstjóra hefur falið stjórn félagsins að fjármagna styrki til launalausra félagsmanna í janúar.

Loftur Jóhannsson, formaður félagsins, segist vera bjartsýnni á að ágreiningur við stjórn Flug-

stöða verði leystur eftir fund með stjórn félagsins á miðvikudaginn var og á von á að samningaviðræð-

ur hefjist fljótlega. Á fundinum lögðu fulltrúar Flugstöða fram upplýsingabréf og yfirlýsingu til að skýra málið.

Kröfur flugumferðarstjóra snúast um það að tryggja flugumferðarstjórum sömu lífeyrisréttindi hjá Flugstöðum ohf. og þeir hafa haft sem opinberir starfsmenn. Loftur telur að breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sé besta lausnin.

Tæplega þrjátíu umsóknir bárust um tæplega níutíu stöður flugumferðarstjóra hjá Flugstöðum ohf. Þegar umsóknarfrestur rann út í vikunni.

Ný könnun um reykingar:

Þeim fækkar sem reykja

HEILBRIGÐISMÁL Umfang reykinga hér á landi hefur verið á hægrri en stöðugri niðurlæging síðan árið 1991. Þetta er meðal þess sem fram kemur í könnun Capacent Gallup sem gerð var fyrir Lýðheilsustöð.

Í könnuninni kom fram að 21 prósent karla reykja daglega en einungis 17 prósent kvenna. Líttill og ómarktækur munur er á hlutfalli kvenna og karla sem reykja af og til.

Daglegar reykingar eru algengastar hjá fólki á aldrinum 20 til 29 ára og háskólamenntað fólk reykir minna en þeir sem eru einungis með grunnskólamenntun.



BELL MINNST Fjöldi fólks vottaði hinum látna virðingu sína.

Fórnarlamb lögregluofbeldis: Fjöldmennni við útför Sean Bell

NEWYORK, AP Hundruð manna söfnuðust saman í Queens í gær til að votta saklausu fórnarlambi skotárásar lögreglu virðingu sína. Hinn látni, Sean Bell 23 ára, var borinn til grafar í gær.

Bell varð fyrir skotárás lögreglu þegar hann var á leið heim úr steggjapartíi ásamt tveimur vinum. Lögreglan taldi ranglega að ungu mennirnir væru vopnaðir. Fimm tíu lögreglumenn skutu á þremmingana og lést Bell samstundis. Hinir tveir liggja alvarlega særðir á sjúkrahúsi.

Útförin fór fram í sömu kirkju og á þeim degi sem Bell hefði átt að ganga í það heilaga ásamt unnustu sinni. Málið hefur vakið mikla óánægju almennings í Bandaríkjunum og lögreglan hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir framgöngu sína.

Samfylkingin skapi endurnýjunarkraft

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði kjósendur ekki treysta Samfylkingunni nægilega vel í ræðu sinni á flokksstjórnarfundum flokksins. Hún segist finna fyrir því hjá fólki að tími sé kominn til að koma ríkisstjórnarflokkunum frá völdum.

STJÓRN MÁL „Vandi Samfylkingarinnar liggur í því að kjósendur þora ekki að treysta þingflokknum – ekki enn þá,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, í ræðu sinni á flokksstjórnarfundum flokksins í Reykjanesbæ í gær. Hún segir Samfylkinguna þurfa að komast í ríkisstjórn til þess að skapa henni endurnýjunarkraft.

Ingibjörg Sólrún lagði áherslu á það í ræðu sinni að Samfylkingin væri tilbúin til þess að axla ábyrgð og stýra málum af festu í ríkisstjórn eftir kosningarnar næsta vor. „Ég er ekki sátt við að flokkurinn sé með um 25 prósentu fylgi í skoðanakönnun vegna þess að það er undir kjörfylgi. Mér finnst það benda til þess að það vanti upp á traust kjósenda á þingflokknum vegna þess að hann gegnir mikilvægu hlutverki. Þetta hafa stjórnarandstöðuflokkar, sem eru öflugir, glímt við í mörgum ríkjum í kringum okkur. Til dæmis má nefna Demókrataflokkinn í Bandaríkjunum áður en Bill Clinton varð forseti, Verkamannaflokkinn í Bretlandi áður en Tony Blair komst til valda og hægriflokkana í Svíþjóð. Ég tel Samfylkinguna þurfa að aga málflutning sinn fram að kosningum og á þeim forsendum tel ég ljóst að við munum fá það traust sem þarf til þess að komast í ríkisstjórn.“

Í ræðu sinni fór Ingibjörg Sólrún hörðum orðum um framtíð ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins. Sagði hún kosningaloforð stjórnarflokkanna í síðustu kosningum „í formi



FRÁ FUNDINUM Ingibjörg Sólrún flytur ræðu sína á flokksstjórnarfundinum. Ingibjörg Sólrún segist finna fyrir vilja fólki til þess að hleypa nýjum flokkum að í ríkisstjórn.

skattalækkana og hærri húsnæðislána“ hafa reynst „hjóm eitt“. Sagði hún útreikninga sýna það „svart á hvítu að allar lækkanir á skattflut föllum væru þegar upp-éttnar úr vösum venjulegs fólks og gott betur“. Átvöglin hétu „vextir og verðbólga“.

Ingibjörg Sólrún segir langa stjórnarandstöðu hafa styrkt flokkinn og nú þurfi flokksmenn að sameinast um að fella ríkisstjórnina í kosningunum næsta vor. „Ég skynja það sterkt að

Samfylkingin þarf að nýta þau greinilegu sóknarfæri sem skapast hafa fyrir kosningarnar í vor. Ég finn að það er útbreidd skoðun meðal fólks að Samfylkingin þurfi að vera í ríkisstjórn, eftir kosningarnar næsta vor, til þess að það skapist í henni endurnýjunarkraftur fyrir íslenskt samfélag. Ég er tilbúin til þess að leggja mikið á mig til þess að ná fram vilja fólks og Samfylkingarfólk er tilbúið til þess líka.“

Tveir handteknir í Kópavogi: Með fíkniefni í söluumbúðum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Kópavogi handtók í fyrrakvöld tvo menn um tvítugt eftir að fíkniefni í söluumbúðum fundust í fórum þeirra. Í kjölfarið var gerð húisleit heima hjá öðrum manna og fundust þar um tvö hundruð grömm af hassi og lítilræði af amfetamíni.

Einnig fundust peningar á heimili mannsins sem taldir eru vera ágóði af fíkniefnasölu. Mennirnir voru yfirheyrðir í fyrrinótt og viðurkendi annar þeirra að hafa átt hluta efnanna og hafa ætlað þau til sölu.

Rannsókn á málinu stendur enn yfir og verst lögregla frekari fréttu af málinu.



JÓLÁSÝNING Sýningin hefur skipað sér fastan sess í menningarlífi borgarinnar.

Jólásýning Árbæjarsafns:

Jólahald með gamla laginu

MENNING Jólásýning Árbæjarsafns hefst klukkan 13 í dag. Ungir sem aldnir geta komið og fylgst með undirbúningi jóllanna eins og hann var í gamla daga og rölt á milli húsa. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga, guðþjónusta verður í kirkjunni ásamt því að gestir fá að fönðra, syngja jólalög og ferðast um í hestvagni.

Sýningin er aðeins opin í dag og næstkomandi sunnudag frá klukkan 13 til 17.

DANMÖRK

Blaðberaskortur

Dönsku fríblöðin sjá fram á að þurfa að flytja inn fleiri blaðbera því Danir hafa engan áhuga á starfinu. Þótt 133 atvinnuleysisþegum, sem eru fullfærir um að starfa sem blaðberar, hafi verið boðin sú vinna í Frederiksberg, tóku eingöngu fimm starfinu. Í Kaupmannahöfn töldust 270 atvinnulausir hæfir og níu þeirra tóku boðinu.

FERÐSKIR



Safaríkar upplýsingar í Xerox litum gera það að verkum að útkoman er lesandanum í fersku minni.




Xerox litaprentarar, fjölnota kerfi og stafrænar prentvélar.



VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	9°C alskýjað	London	12°C rigning	Alicante	20°C skúr
Þórshöfn	9°C rigning	Paris	13°C rigning	Mallorca	19°C alskýjað
Oslo	6°C skúr	Frankfurt	11°C skúr	Algarve	19°C hálfskýjað
Stokkhólmur	8°C hálfskýjað	Friedrichshafen	9°C skúr	Krit	18°C alskýjað
Gautaborg	10°C léttskýjað	Berlin	11°C hálfskýjað	Las Palmas	22°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

40% afsláttur af öllum seríum og jólaljósum

Mikið úrval af alls kyns á jólaljósum á frábæru verði



Útiljósatré 120 cm, 150 cm og 180 cm




Pyramídar 30, 40 og 60 cm



Útigreni 2,7 m



Innisería kúla 35 ljósa



Mini inni/útiljósaseríur Margar stærðir.



Útisería Star 40 ljósa



Útisería Cluster 576 ljósa

Gildir 2. og 3. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Er áfengi of dýrt á Íslandi?

Já	84%
Nei	16%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú heimsforeldri?

Segðu skoðun þína á visir.is



Mikill erill var hjá lögreglunni í Reykjavík aðfaranótt laugardags vegna ölvunar: Árásir, ölvun og umferðaróhöpp

LÖGREGLUMÁL Allar fangageymslur lögreglunnar í Reykjavík voru fullar eftir aðfaranótt laugardags. Fimm voru færðir í fangaageymslur vegna líkamsárása, en alls voru átta líkamsárásir tilkynntar. Einn var meðal annars sleginn í höfuðið aftan frá með flösku. Meiðsl hans eru talin minniháttar en árásmáðurinn er ófundinn.

Sex umferðaróhöpp urðu um nóttina, þar af nokkur þar sem grunur er um ölvun við akstur. Bíll valt við Seljakirkju og er öku- maðurinn talinn hafa misst stjórn á bílnum í hálfu. Þá valt bíll á gatnamótum Miklubrautar og

Lönguhlíðar en þeir sem í honum voru höfðu sig á brott áður en lögregla kom á vettvang. Þá var ekið á tvo ljósastaura og eitt umferðarskilti.

Mikil ölvun var í miðborginni, sem lögregla telur að megi rekja beint til þess að útborgunardagur var á föstudag. Lögregla þurfti að fara í mörg útköll í heimahús vegna kvartana um hávaða.

Þá komu upp tvö smávægileg fíkniefnamál þar sem menn neyttu eigin efna. Auk þess var tilkynnt um innbrot í þrjú fyrirtæki í austurborginni þessa erilsömu nótt.



MIÐBÆR UM NÓTT Margt var um manninn í miðbænum aðfaranótt laugardags og mikil ölvun. Lögregla hafði í nógu að snúast og meðal annars var tilkynnt um átta líkamsárásir.

50 ára valdaafmæli á Kúbu: Hátíðarhöldin án Kastrós

HAVANA, AP Lokadagur afmælis- hátíðar á Kúbu hófst í Havana í gær í tilefni af því að fimmtíu ár eru liðin síðan núverandi forseti landsins, Fídel Kastró, og félagar hans gerðu uppreisn á Kúbu. Hátíðarhöldin hófust án viðveru Kastrós en þegar var búið að fresta hátíðarhöldunum um tvær vikur vegna heilsufars hans.

Miklar vangaveltur hafa verið um það hvort Kastró myndi láta sjá sig á þessum hátíðarhöldum en forsetinn hefur ekki sést síðan í júlí og hafa skilaboð um bágð heilsufar hans aðeins borist frá ríkisstjórninni. Kastró varð áttæður fyrr á árinu.



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, boðar til AUKA - AÐALFUNDAR

Þriðjudaginn 5. desember 2006, kl. 20.30, að Grettisgötu 89, 1.hæð.

Fundurinn er haldinn vegna væntanlegrar sameiningar Starfsmannafélags Akraness við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um næstu áramót.

Fundarefni:

1. Tillaga til lagabreytingar.
2. Önnur mál.

Stjórnin



EYÐILAND Aurskriðurnar færðu fjölmörg hús við rætur eldfjallsins Mayan nær algjörlega í kaf. Aðeins húspökinn standa nú upp úr sandinum.

Óttast að 600 manns hafi látist í skriðum

Fellibylur olli miklum aurskriðum á Filippseyjum frá fimmtudegi. Á fjórða hundrað hafa fundist látnir og rúmlega 300 er saknað. Hús fóru nánast á bóla- kaf í eðju. Fyrstu útfarir fórnarlambanna fóru fram strax í gær.

FILIPPSEYJAR, AP Óttast er að yfir 600 manns hafi farist í miklum aurskriðum í kjölfar fellibyls á Filippseyjum síðustu daga. Í gær höfðu á fjórða hundrað lík fundist og ríflega 300 manns var enn saknað. Litlar líkur voru taldar á því að nokkur ætti eftir að finnast á lífi. Hafist var handa við að jarðsetja fórnarlömb hamfaranna þegar í gær vegna þess hversu ört líkin rotnuðu í hitanum.

Þykk, svört eðja sem flæddi um allt gerði björgunarmönnum erfitt fyrir, en talið er að þeir hafi ekki fundið neinn á lífi í eðjunni frá því á fimmtudag þegar fellibylurinn Dorian gekk á land. Vindhraði hans fór í rúma sjötíu metra á sekúndu þegar verst lét.

Albay-fylki á suðurhluta Luzon-eyjunnar varð verst úti og þar höfðu tæplega 300 fundist látnir í gær. Skriðurnar féllu flestar úr Mayon, sem er eitt virkasta eldfjall landsins. Aska og stógrýti

hafði safnast saman í hlíðum fjallsins undanfarið í kjölfar óvenju mikillar virkni og bylurinn sópaði því öllu niður á þorpin við rætur fjallsins.

Þungt hljóð var í fylkisstjórn- anum Fernando Gonzales í gær. „Allir hlutar fylkisins hafa orðið storminum að bráð. Hér er algjör eyðilegging. Aldrei áður í sögunni höfum við orðið vitni að öðru eins vatnsmagni. Nánast hvert einasta byggt svæði er á kafi.“ Hús nærri bænum Padang, sem er í um tíu kílómetra fjarlægð frá höfuðborg fylkisins, fóru nærri algerlega á kaf í eðju og stóðu aðeins þökin upp úr. Mörg lík bárust á haf út og skolaði síðan á land í nálægum bæjum. Sums staðar fundust einungis leifar af hinum látnu.

Hinn 21 árs Silangan Santander var við jarðarför Larry bróður síns í gær. Aðeins fundust fætur hans og neðri hluti líkama. Ófrísk



GRÍÐARLEG EYÐILEGGING Lítið sést af þessu húsi annað en þakið eitt. Þessir íbúar skoðuðu í gær hina gifurlegu eyðileggingu.

ekkja hans treysti sér ekki til að mæta við jarðarförina. „Öll húsin í hverfinu okkar voru horfin,“ sagði hún og bætti því við að bróður hennar væri einnig saknað. „Þar er ekkert nema sandur, grjót og vatn.“

Kanadamenn hafa veitt rúnum sextíu milljónum til hjálparstarfsins og Japanar tólf milljónum.

stigur@frettabladid.is




Verð 12.900

Tilvalið í jólapakkann

Enginn filter

A Breath of Fresh Air from

FRÍ heimsending

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800

Reykjavíkurborg styrkir víetnömsk ungmenni á Íslandi til betra lífs:

Víetnömsk ungmenni fá styrk

FÉLAGSMÁL Reykjavíkurborg hefur hækkað framlag til verkefnisins Framtíð í nýju landi og Íslensku- brautarinnar um samtals sjö hundruð þúsund krónur. Framtíð í nýju landi er verkefni til þriggja ára og hefur það að markmiði að aðstoða víetnömsk ungmenni á aldrinum 15-25 ára við að afla sér menntunar og taka virkari þátt í íslensku samfélagi. Reykjavíkurborg hefur áður styrkt verkefnið um eina milljón en nú hækkar styrkurinn í 1,2 milljónir.

Þá hefur nýju verkefni, Íslensku brautinni, verið hleypt af stokkunum en markmið þess er að aðstoða ungmenni af erlendum uppruna við að fóta sig á menntabrautinni og aðstoða þau við hugsanlega tungumálaerfiðleika. Reykjavíkurborg hefur nú úthlutað þessu verkefni hálfri milljón króna.

Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í Höfða í liðinni viku og við það tækifæri sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri verkefnum ætlað að veita ungmendum af erlendum uppruna meira brautargengi svo þau nái að standa jafnfætis íslenskum jafnöldrum sínum.

Í dag búa tæplega hundruð víetnömsk ungmenni



FRAMTÍÐ Í NÝJU LANDI Anh-Dao Tran verkefnisstjóri, Hildur Sigurðardóttir stjórnarformaður og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri ásamt nokkrum þátttakendum verkefnisins.

á Íslandi og býr langstærstur hlutinn á höfuðborgarsvæðinu. Við athöfnina mættu víetnömsk ungmenni sem tekið hafa þátt í verkefninu og sýndu þau þakklæti sitt í verki með því að færa leiðbeinendum sínum gjöf.

- hs

Það er gaman að gefa



Tendrum ljós á jólatrénu og hefjum góðgerðasöfnun

Í dag klukkan 14 tendrar Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra ljósin á jólatré Kringlunnar. Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Skólakór Kársness syngja við athöfnina og jólasveinarnir mæta að sjálfsögðu. Um leið hefst góðgerðasöfnun á jólapökkum undir tréð. Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpi Íslands sjá um að koma gjöfunum til rétttra viðtakenda.

Opið 13-17 í dag



Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

ATVINNULÍF OG UMHVERFI

FUNDARÖÐ SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2006-2007

LOFTSLAGSBREYTINGAR OG ATVINNULÍFIÐ

Þriðjudaginn 5. desember kl. 8:15-10:00
Grand Hótel Reykjavík

Framsögur:

Nick Campbell, formaður nefndar Evrópusamtaka atvinnulífsins um loftslagsbreytingar

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair Group

Árni Magnússon, forstöðumaður orkumála hjá Glitni

Fundarstjóri:

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Fundurinn fer fram á ensku



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þátttökugjald kr. 2.500 ásamt morgunverði

Allir velkomnir - skráning á www.sa.is eða í síma 591 0000



Hrefnuveiðikvótinn sá sami og á liðinni vertíð:

Norðmenn ætla að veiða 1.052 hrefnur

SIÁVARÚTVEGSMÁL Norsk stjórnvöld tilkynntu í síðustu viku að hrefnuveiðikvóti næsta árs verði 1.052 dýr. Þetta er jafn stór heildarkvóti og á þessu ári en ekki náðist að veiða nema um helming þess kvóta á vertíðinni sem lauk fyrir skömmu.

Hrefnuveiðikvóti Norðmanna í ár náðist ekki vegna óhagstæðs veðurs að sögn hrefnuveiðimanna. Einnig hefur hátt verð á olíu sett strik í reikning þeirra þar sem margir forðuðust að sigla um langan veg til að veiða hrefnu. Kvótan-



AF MIÐUNUM Norðmenn hafa gefið út sama hrefnuveiðikvóta og á liðinni vertíð.

um er skipt á milli strandveiða og úthafsveiða og á næsta ári verður leyfð veiði á 900 dýrum við ströndina í stað 600 á þessari vertíð. - shá

Nauðganir aldrei fleiri

Tilkynntum nauðgunum á Akureyri fjölgaði um 100 prósent milli ára. Norðan heiða er í tísku hjá ungu fólki að leigja sumarbústaði og sali til að halda samkvæmi án hefðbundins eftirlits.

NAUÐGANIR Nauðgunum, sem komið hafa til kasta neyðarmóttöku nauðgana á slysadeildinni á Akureyri, hefur fjölgað um hundrad prósent milli ára. Þær voru ellifu í fyrra, en 22 nauðgunarmál hafa borist neyðarmóttökunni í ár. Neyðarmóttaka nauðgana á Fjórðungssjúkrahúsinu hefur verið opin síðan árið 1994 og starfsfólk þar hefur aldrei séð annað eins.

Hulda Rafnsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri slysadeildarinnar, segir að aukinn fjöldi skráðra tilfella skýrist að hluta til með kynningarherferð neyðarmóttökunnar; að nú viti fleiri af starfsemi hennar. Einnig megi leita skýringa í breyttu skemmtanamynstri ungs fólks. Ungmenni drekki mikið og einnig sé eitthvað um ólöglega vímuefnatöku. Langflestar nauðganirnar, segir Hulda, verða í heimahúsum, partíum og í sumarbústöðum og gerandi er allajafna kunnugur fórnarlambinu. „Það er meiri grimmd í þessu umhverfi og meðal ungmenna er orðið lítið um hömlur;“

FJÖLDI NAUÐGUNARMÁLA HJÁ NEYÐARMÓTTÖKU

1994	3
1995	1
1996	16*
1997	9
1998	8
1999	10
2000	11
2001	8
2002	15
2003	6
2004	14**
2005	11
2006	22***

* Mikill fjöldi vegna Halló Akureyri.
** Neyðarmóttaka mikið auglýst árið á undan.
*** Enn er mánuður eftir af árinu.

„Það er meiri grimmd í þessu umhverfi og meðal ungmenna er orðið lítið um hömlur.“

HULDA RAFNSDÓTTIR
HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI



MIÐÆR AKUREYRAR Ungt fólk sækir í að halda partí utan miðbæjarkjarnans, þar sem hvorki er lögregla né starfsfólk veitingastaða til að skerast í illan leik.

segir Hulda, en hún telur samt sem áður að fyllerið sé ekki einhlít skýring, því skemmtanahaldið hafi oft verið svipað eða meira.

Eftirlitslaus partí gætu verið hluti skýringarinnar. Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri segir, líkt og Hulda, að erfitt sé að benda á afgerandi skýringu á þessum tölum, en að lögreglumenn hafi tekið eftir aukinni ásókn ungmenna í að leigja sér sali utan miðbæjarkjarna eða sumarbústaði síðustu tvö árin.

Meirihluti fórnarlamba var á aldrinum sextán til 26 ára.

klemens@frettabladid.is

120 1886
2006

Aðventuhátíð fyrir eldri borgara

Við bjóðum eldri borgurum til aðventuhátíðar í Aðalbanka Landsbankans í Austurstræti laugardaginn 9. desember og sunnudaginn 10. desember kl. 15 - 17.

Árni Heiðar Karlsson, píanóleikari, og Sigurlaug Knudsen, söngkona, taka á móti gestum með ljúfri tónlist.

Rithöfundar lesa úr verkum sínum:

9. des. Guðni Th. Jóhannesson les úr Óvinum ríkisins.
Sigurjón Einarsson les úr Undir hamrastáli.

10. des. Kristín Steinsdóttir les úr Á eigin vegum.
Ásgeir Pétursson les úr Haustlitum.

Tónlistaratriði báða dagana:

Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanóleikari, og Bryndís Halla Gylfadóttir, sellóleikari, töfra fram hugljúfa hátíðartóna.

Veitingar í boði og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Eldri borgurum stendur til boða að fá ókeypis akstur með leigubíl til og frá bankanum á þessum tíma í boði Landsbankans og Bæjarleiða.

Þeir sem hafa áhuga á að koma á Aðventuhátíð Landsbankans eru vinsamlegast beðnir að skrá sig í Þjónustuveri bankans í síma 410 4000. Takið fram við skráningu hvort þið viljið fá ókeypis akstur til og frá bankanum.



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Happadís GK-16 kom með metafla að landi:

Lönduðu tæpum sautján tonnum

SIÁVARÚTVEGUR Happadís GK-16 frá Sandgerði landaði mesta afla sem skip með vinnsluleyfi undir fimmtán brúttótonnum hefur landað hér á landi er 16,9 tonnum af þorski var landað í Neskaupstað um hádegisbil á fimmtudag. „Þetta var afar fengsæll túr og ánægjulegt að þetta hafi gengið svona vel. Við erum sex á skipinu en förum fjórir út í hverjum túr. Vonandi verður framhald á svona góðri veiði,“ sagði Sverrir Þ. Jónsson, eigandi og skipstjóri á Happadísinni, er Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

Happadísin er 14,67 brúttótonn og 12,74 metrar að lengd. Sverrir



HAPPADÍS GK-16 Landaði mesta afla sem skip af þessari stærð hefur landað.

frettabladid@guðmundur.is

segjast reikna með því að halda áfram að gera út frá Neskaupstað. „Þegar veiðin er svona góð er óþarft að fara á önnur mið.“ - mh



Korthafar bíða spenntir!



- Í næstu viku fá e-korthafar og e² Vildarkorthafar ávísun með endurgreiðslu í pósti. Í ár nemur heildarávinningur korthafa um 100 milljónum króna.

Það er alltaf gaman að nota e-kort og e² Vildarkort – en aldrei eins og í desember!

Yfir 100 milljóna
króna ávinningur!

Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is
og e² Vildarkortið á www.e2.is

e kort
www.ekort.is

e² Vildarkort
www.e2.is



MÓTMÆLA MISMUNUN Tugir ungmenna komu saman í Jakarta, höfuðborg Indónesíu, til að mótmæla mismunun og fordómum gegn fólki sem er með alnæmi eða HIV-smit. Í gær var alþjóðlegi alnæmisdagurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilraunaverkefnið Englatré kynnt í Grensáskirkju í kvöld:

Gjafir handa börnum fanga

KIRKJA Tilraunaverkefni um gjafir handa börnum fanga verður kynnt á adventukvöldi í Grensáskirkju í kvöld. Lítið jólatré, svonefnt Englatré, verður sett upp í kirkjunni og á það hengd lítil spjöld í engilsmynd með nöfnum barna fanga í Kvennafangelsinu í Kópavogi. Safnaðarfólk er síðan hvatt til að taka eitt spjald og finna gjöf handa viðkomandi barni og leggja við tré.

Alþjóðasamtök kristinna fangavina á Íslandi standa fyrir verkefninu en fulltrúar þeirra, Jóhann F. Guðmundsson og Lára Vigfúsdóttir, hafa heimsótt fangelsin um aldarfjórðungsskeið. Í stjórn samtakanna auk þeirra eru Sigurlaug Þor-

kelsdóttir og Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur þjóðkirkjunnar.

Hreinn segir verkefninu ætlað að vekja athygli á stöðu aðstandenda fanga sem og að veita börnum þeirra stuðning á þeim erfiða tíma sem jólin geta verið þeim.

„Margir fangar eiga börn og það getur verið erfiður tími í lífi barnanna þegar jólin ganga í garð og þau vita af pabba eða mömmu í fangelsi. Sum börn búa við erfiðar aðstæður og eru kannski ein með leyndarmálið sitt um að foreldri þess sé í fangelsi. Það er þeim styrkur að vita til þess að til þeirra sé hugsað með hlýju og kærleika.“

- sdg



HREINN HÁKONARSON FANGAPRESTUR Hreinn stendur hér við Englatré sem er með nöfnum barna fanga á englamiðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ölvaður ökuníðingur: Handtekinn eftir ofsakstur

LÖGREGLUMÁL Drukinn karlmaður á fertugsaldri var handjárnður og færður í fangaeymslu af lögreglunni í Keflavík eftir ofsakstur í fyrrinótt. Maðurinn mældist fyrst á 132 kílómetra hraða á Reykjanesbraut þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Hann sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu og ók áfram í vestrátt.

Við Grindavíkurveg mældist bíllinn á yfir 140 kílómetra hraða. Fjórir lögreglubílar náðu loks að króa hann af á Aðalgötu í Keflavík þar sem þurfti að handjarna hann vegna óláta og flytja í fangaeymslu.

- sh

Greenland dúnúlpá frá The North Face

Jólatilboð

22.990 kr.

verð áður 26.990 kr.

THE NORTH FACE

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

POLAR

LISTEN TO YOUR BODY

PÚLSMÆLAR

22.900,-

RS200sd hlaupamælir

Verð frá 4.900,-

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



BIÐSTÖÐIN Börn á leið til skóla og annarra tómsunda við Salaskóla þurfa að fara yfir Fífuhvamsveg eftir færslu biðstöðvarinnar. Þar eru hvorki gangbraut né gönguljós.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Segir börn í stórhættu

Strætó bs. hefur fært biðstöð sína við Salaskóla yfir Fífuhvamsveg og börn þurfa nú að ganga yfir veginn til þess að komast í skólann. Hvorki gangbraut né gönguljós eru á þessu svæði.

SAMGÖNGUR Færsla biðstöðvar fyrir leið 28 við Salaskóla í Kópavogi hefur skapað stórhættu fyrir þau börn sem nýta sér þjónustu strætisvagnsins á leið sinni til skóla eða tómsunda á svæðinu. Biðstöðin hefur verið færð yfir Fífuhvamsveg og þurfa börnin nú að fara yfir hann til að komast að skólalóðinni, en vagninn stoppar áður inni á henni.

Jóhann Björgvinsson, foreldri nemanda við skólann, segist ekki skilja hvernig mönnum detti svona lagað í hug. „Það er léleg lýsing þarna, engin gangbraut eða neitt. Það er ekki nein lausn að setja biðstöð við hraðbraut.“ Hann segir að best væri ef biðstöðin yrði færð aftur fyrir framan skólann. „En þetta er náttúrulega klúður frá upphafi þetta skipulagssvæði.“

Að sögn Péturs Fenger, aðstoðarframkvæmdastjóra Strætós bs., hafa vagnar fyrirtækisins átt í vandræðum með að komast í gegnum hringtorg við gömlu biðstöðina síðan skólalóðin hófst á ný í haust vegna þess að bílum sé iðulega lagt við það. „Þetta er orðið þannig að við getum ekkert athafnað okkur vegna þrengsla á torginu. Það hefur nokkrum sinnum orðið tjón á vagninum vegna þessa. Lögreglan

telur sig ekki hafa lögsögu þarna inni á svæðinu þar sem það er skilgreint sem einkalóð. Við fáum því hvorki aðstoð við að fjarlægja bílana né þegar við lendum í tjóni.“

Hann segir að fyrirtækið hafi óskað eftir því við bæjaryfirvöld að einhvers konar ráðstafanir verði gerðar á svæðinu til að ráða bót á vandamálinu en ekki fengið nein viðbrögð enn sem komið er. „Okkur finnst ekki æskilegt að stoppa þar sem við stoppum núna. Okkur fannst betra að fara með krakkana inn á svæðið vegna þess að Fífuhvamsvegurinn er eins og hann er. Til þess að leggja ekki niður þjónustuna þá er hins vegar skásti kosturinn að vera þarna úti við veginn því við komumst ekki inn í hringtorgið lengur.“

Steingrímur Hauksson, deildarstjóri hönnunardeildar Kópavogsbæjar, segir málið nýkomið inn á borð til sín og því stutt á veg komið. Hann segir nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir en að bærinn sé ekki búinn að setja málið í neinn farveg. „Ég geri ráð fyrir því að við reynum að banna bílum að leggja inni á torginu. Við ætlum að reyna að láta biðstöðina vera áfram þar sem hún var.“

thordur@frettabladid.is

Misnotkun kortaupplýsinga:

Skoðar ábyrgð fyrirtækja

NEYTENDUR Talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, hefur farið fram á við banka, sparisjóði og kortafyrirtæki að fá til skoðunar ábyrgðarákvæði í skilmálum þeirra gagnvart neytendum í þeim tilgangi að gæta þess að jafnvægi sé á milli ábyrgðar neytenda og fyrirtækis á misnotkun af hálfu óviðkomandi aðila.

„Í kjölfar fréttu undanfarið um innbrot í heimabanka kannaði ég hvort neytendur hefðu borið tjón í umræddum tilvikum hjá hlutadeigandi bönkum og sparisjóðum. Stefnt er að því að réttarstaða neytenda samkvæmt skilmálum sé í samræmi við almennar reglur skaðabóta- og neytendaréttar.“

- sdg




SAGA JÓLANNA

Í SÖGU JÓLANNA er fjallað á ítarlegan hátt um jólahátíðina fyrir og síðar á Íslandi og víðar um heim. Rákin er saga jólananna frá upphafi þegar fátækir sem ríkir héldu ljóshátíð í skammtdeginu. Hér er einstakur fróðleikur settur fram á lífríkan hátt.

Árni Björnsson, þjóðháttafræðingur, lýsir því hvernig kirkjan breytti eldra jólahaldi og mótaði nýtt helgihald, höfðingjar svölluðu og almúginn dansaði en allir reyndu að tjalda því besta seni til var á hverju heimili. Gerð er grein fyrir hugmyndum fólks um jólavættir í myrkruna. Sérstaklega er hugað að þróun hátíðarinnar síðustu hundráð ár sem hefur skipað henni svo sterkan sess í hugum okkar nútímafólks.

Hvernig væri til okkar án jólananna? Hvers vegna byrjuðu þau yfirleitt? Hvenær uppgönguðu Íslendingar jólasveina og hvaðan komu þeir? Af hverju er alþjóðlegi jólasveinninn klæddur rauðum? Hver er faldaleykjir? Hvað voru barnafánur? Hvar er elsta jólatréð á Íslandi? Hverjir sömdu jólasálmana? Hvernig skemmti fólk sér á jólanum? Hvaða mat boðaði fólk? Hver gerði fyrsta jólakortid í heiminum? Hvaða lög eru jólalög? Allt þetta og ótalmargt annað finnur þú í þessari bók.

BÓKIN SKIPTIST Í 17 KAFLA:

HÁTÍÐIR Í SKAMMDEGINU KRISTNÚN JÓLANNA JÓLASÁLMAR JÓLAFASA HELGIDAGAR Á ADVENTU JÓLAVÆTTIR JÓLASKREYTINGAR JÓLATRÉ JÓLAMATUR	JÓLAGJAFIR JÓLASKEMMINGAR JÓLASONCVAR JÓLAVALLI JÓLAGLEÐI JÓLAVEDJUR ÁRAMÓT JÓL UM VÍÐAVERÖLD
--	--

Þókinna þrýðir mikill fjöldi teikninga og ljósmynda sem setja sterkan svip á efsnið. SAGA JÓLANNA er sannkölluð fróðleiksnáma fyrir alla Íslendinga. Höfundur bókarinnar, Árni Björnsson, er löngu kunnur fyrir störf sín og bækur enda er hann virtur fræðimaður á sínu sviði.

SAGA JÓLANNA er fyrir unga sem aldna, alla sem vilja vita eitthvað meira um jólin og njóta þeirra í leiðinni.



Tindur

B Ó K A Ú T G Á F A

Símar: 660 4753 • 534 6250
 www.tindur.is •
 tindur@internet.is • tindur@tindur.is

Fátt er mikilvægara en fjölskyldumáltíðin

Einfaldar og ljúffengar uppskriftir að hætti Jóhönnu Vigdísar



Bókina prýða glæsilegar ljósmyndir feðginanna Silju Magg og Magnúsar Hjörleifssonar.

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir sjónvarpskona er snilldarakokkur og hefur brennandi áhuga á mat og matargerð. Í þessari bók opnar hún heimili sitt og leyfir lesendum að fylgjast með sér við eldamennskuna.

Með ferskt hráefni, frjóar og skemmtilegar hugmyndir og smitandi matargleði í farteskinu galdrar hún fram gómsæta rétti við allra hæfi og gefur jafnframt ýmis holtráð.

„Mikið hlakka ég til að elda eftir bókinni! Áherslur Jóhönnu Vigdísar í matargerð eru alveg að mínu skapi – og hún er fyrsta flokks kokkur!“
Sirrý – Sigríður Arnardóttir

„Jóhanna Vigdís galdrar áreynslulaust fram einstakar kræsingar sem fleiri fá nú sem betur fer að njóta.“
Kristján Arason

„Alveg meiriháttar bók.“
Felix Bergsson / 6 til 7 á Skjá einum

Jóhanna Vigdís hefur unnið við matarblaðamennsku í Sviss og á Íslandi og skrifað í matarblöð af ýmsu tagi um árabil. Hún hefur starfað sem sjónvarpsfréttakona í tólf ár og er landsmönnum að góðu kunn af skjánum.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Leiðbeinandi verð: 5980kr.
Verð nú: **3468**kr.



Leiðbeinandi verð: 4990kr.
Verð nú: **2894**kr.



Leiðbeinandi verð: 6980kr.
Verð nú: **4048**kr.



Leiðbeinandi verð: 4690kr.
Verð nú: **2720**kr.



Leiðbeinandi verð: 5980kr.
Verð nú: **3468**kr.



Leiðbeinandi verð: 4480kr.
Verð nú: **2598**kr.



Leiðbeinandi verð: 4480kr.
Verð nú: **2598**kr.

Helgartilboðin

Ferskar bringur

40% afsláttur við kassann

FERSKAR SKINNLAUSAR
Kílóverð nú: **1538**kr.
Merkt verð 2565kr.

Leggir kílóverð nú: **387**kr.
Merkt verð 645kr.

Vængir kílóverð nú: **192**kr.
Merkt verð 320kr.

Ferskir leggir og vængir



Leiðbeinandi verð: 5480kr.
Verð nú: **3178**kr.



Leiðbeinandi verð: 4990kr.
Verð nú: **2744**kr.




600g
259kr.
Bónussild



Purusteik
598kr.
KÍLÓVERÐ
Puru rifjasteik frá FK
Tilheyrandi á aðventunni



Leiðbeinandi verð: 4990kr.
Verð nú: **2894**kr.



Leiðbeinandi verð: 4480kr.
Verð nú: **2598**kr.



Leiðbeinandi verð: 4690kr.
Verð nú: **2720**kr.



Leiðbeinandi verð: 3980kr.
Verð nú: **2308**kr.



Leiðbeinandi verð: 4690kr.
Verð nú: **2720**kr.



42% afsláttur við Kassann

Leiðbeinandi verð: 3780kr.
Verð nú: 2192kr.



Leiðbeinandi verð: 2490kr.
Verð nú: 1444kr.



Leiðbeinandi verð: 2990kr.
Verð nú: 1734kr.



Leiðbeinandi verð: 2690kr.
Verð nú: 1560kr.



Leiðbeinandi verð: 2690kr.
Verð nú: 1560kr.

í Bónus!



SS ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
Kilóverð nú:
1329kr.
Merkt verð 1898kr.

SS ÚRB. HANGILÆRI
Kilóverð nú:
1819kr.
Merkt verð 2598kr.

30% afsláttur við Kassann

Birkireykta úrbeinaða hangikjötið frá SS FRAMPARTUR OG LÆRI



Frá Stjána bakara
2.5kg
579kr.
STEIKINGARFEITI



500 ml
49kr.
Egils GULL

500 ml
49kr.
Pepsi MAX

500 ml
49kr.
Egils appelsín



20 stykki

798kr.
LAUFABRAUÐSDEIG

Laufabrauðsdeig tilbúið í skurð



Mikið úrval!

Jólapappír
Verð frá:

29kr.
2 m x 70 sm

10 jólakort með úmslögum
Verð frá:

159kr.
Mikið úrval!



www.bonus.is




42% afsláttur við Kassann

Leiðbeinandi verð: 3280kr.
Verð nú: 1902kr.



Leiðbeinandi verð: 4480kr.
Verð nú: 2598kr.



Leiðbeinandi verð: 4690kr.
Verð nú: 2720kr.



42% afsláttur við Kassann

Leiðbeinandi verð: 4680kr.
Verð nú: 2714kr.



Leiðbeinandi verð: 4690kr.
Verð nú: 2720kr.



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON JARÐ-
EÐLISFRÆÐINGUR ER 58 ÁRA Í DAG

„Auðvitað fannst manni
afmæli miklu merkilegri og
skemmtilegri þegar maður
var barn, svo fölnar þetta
þegar maður eldist. Áð vísu
var það þannig heima að
jólástússið byrjaði alltaf
með afmælinu mínu.“
Þetta sagði Ari Trausti um
afmælið sitt í Fréttablaðinu
fyrir 4 árum.




tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 3. NÓVEMBER 1999

NASA týnir Marsfari

Á þessum degi fyrir sjö árum misstu vísindamenn bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA samband við könnunarfar sem var á leið til rauðu reikistjörnunnar Mars. Sambandsmissirinn olli miklum vonbrigðum, ekki síst þar sem þetta var annað Marsfarið sem NASA missti á skömmum tíma en fyrri geimfarið brann fyrir mistök upp í gufuhvolfi stjörnunnar. Áð þessu sinni virtist hins vegar allt ætla að ganga að óskum þar til sambandið við farið rofnaði um það bil sem það stefndi inn í gufuhvolf reikistjörnunnar. Hjá NASA missti fólk þó ekki móðinn og byrjaði þegar að undirbúa næstu Marsferð en líklegt var talið að geimfarið hefði lent á óheppilegum stað eða skemmt í landingunni. Marsfarið kostaði 12 milljarða íslenskra króna.



MARS Rauða stjarnan hefur löngum heillað jarðarbúa þrátt fyrir hrjóstugt landslagið.

MERKISATBURÐIR

- 1967 Fyrsta vel heppnaða hjartaígræðslan er gerð í Höfðaborg í Suður-Afríku. Hjartaþeginn lést hins vegar átján dögum síðar.
- 1981 Menntamálaráðuneytið staðfestir ákvörðun Náttúruverndarráðs um að friðlýsa Þjórsárver við Hofsjökul.
- 1989 Það hillir undir lok kalda stríðsins þegar George Bush Bandaríkjaforseti og Mikhail Gorbatsjov, leiðtogi Sovétríkjanna, funda á Möltu.
- 1998 Kvótadómurinn. Hæstiréttur kveður upp þann dóm að fimmta grein laga um stjórn fiskveiða sé í andstöðu við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

HÖRÐUR ÁSKELSSON: LISTVINAFÉLAGIÐ 25 ÁRA

Samfelldur vöxtur í starfi Listvinafélagsins frá upphafi

Listvinafélag Hallgrímskirkju heldur upp á 25 ára starfsafmæli sitt um þessar mundir. Félagið var stofnað haustið 1982 með það að markmiði að efla listalíf við Hallgrímskirkju. Hefst dagskrá félagsins alltaf á aðventunni.

Áð sögn Harðar Áskelssonar, listræns stjórnanda Listvinafélagsins, eru um 400 manns skráðir félagar og hefur þeim farið fjölgandi hægt og rólega í gegnum árin. Hann segir að félagið hafi skipt sköpum fyrir starfið í Hallgrímskirkju. „Það hefur verið samfelldur vöxtur í umfanginu. Það hafa verið ótrúlega breytingar því það er alls staðar svo miklu meira framboð af öllu. Þó að framboðið hjá okkur hafi aukist hefur það aukist annars staðar líka,“ segir Hörður. Bætur hann því við að félagið hafi haft áhrif á starfsemi í öðrum kirkjum þar sem svipuð félög hafi verið stofnuð, m.a. á Akureyri og á Seltjarnarnesi, auk þess sem til standi að stofna listvinafélag í Grafarvogskirkju.

Aðspurður hvað hafi staðið upp úr í starfsemi félagsins í gegnum árin nefnir Hörður fyrst fjórar myndlistarsýningar á ári sem það stendur fyrir. „Framan af þóttu þetta ekki merkilegar sýningar enda var engin sérstök aðstaða fyrir hendi. En núna keppast menn um að fá að sýna hérna og við höfum átt ánægjuleg samskipti við myndlistarmenn,“ segir hann.

Félagið stendur einnig að árlegri kirkjulistahátíð, sem var fyrst haldin árið 1987, ári eftir að Hallgrímskirkja var fullbúin. Að auki hefur félagið haldið alþjóðlega orgeltónleika á sumrin frá árinu 1992, sem hafa notið mikilla vinsælda. Á þessu ári Listvinafélagsins verða einnig frumfluttar tvær stórar óratoríur. Önnur þeirra er eftir Sigurði Sævarsson en hin eftir Áskel Másson.

Dagskráin félagsins hófst í gær með opnun sýningar í



HÖRÐUR ÁSKELSSON Hörður er listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju.

for Kirkju Hallgrímskirkju sem nefnist Mynd mín af Hallgrími. Þar sýna íslenskir myndlistarmenn útfærslur sínar á hinni alskunnu mynd Hjalta Þorsteinssonar af Hallgrími Péturssyni.

Í dag hefst svo Jólátónlistarhátíð Hallgrímskirkju með árlegum jólátónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju þar sem finnska messósópransöngkonan Monica Groop syngur með kórnum. Tónleikarnir hefjast klukkan 17 en annað kvöld klukkan 20 verða síðari tónleikarnir.

freyr@frettabladid.is



Elskulegur maður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Ágúst Steindórsson
Hraunbraut 26, Kópavogi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudaginn 29. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigríður Friðsem Sigurðardóttir
Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,
Michal Drzymkowski
Nesbú, Vatnsleysuströnd,

andaðist mánudaginn 27. nóvember á Landspítalanum í Fossvogi. Minningarathöfn verður haldin í Fossvogskapellu mánudaginn 4. desember kl. 15.00. Jarðsett verður í Póllandi. Fyrir hönd aðstandenda,

Jadwiga Drzymkowska
Mariusz Drzymkowski
Monika Olender
Marcin Drzymkowski
Og barnabörn.

Harpa Rósa Drzymkowska
Robert Kulis
Emilia Mieczkowska



Ástkær eiginkona mín, móðir
okkar, tengdamóðir og amma,
**Guðrúnar Þórunn
Jónsdóttir Boatwright**
Hulduhlíð 11, Mosfellsbæ, áður búsett á
Akranesi og í Bandaríkjunum,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðines í fimmtudaginn 30. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

David E. Boatwright
Helen Kuszmaul
Jónína Chamberlain
Sigrún H. Boatwright
David J. Boatwright
og barnabörn.

Brad Kuszmaul
Jon Chamberlain
Halldór Ingi Haraldsson
Lenna Boatwright



Okkar einlægustu þakkir til allra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug í veikind-
um og við andlát og útför móður okkar,
tengdamóður og ömmu,

Guðrúnar Njálisdóttur
Eyrarholti 3, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir viljum við færa Heimahlyningu Krabbameinsfélags LSH fyrir einstaka þjónustu.

Jón Vífill Albertsson
Anna Kristrún Sigurpáldóttir
Silja Ósk Sigurpáldóttir
Ingigerður Sigurpáldóttir
Ísar Logi, Styrmir Davíð, Elma Lilja og Ylfa Rún.

Fanney Júlíusdóttir
Arnar Sigurðsson
Björn Heiðar Jónsson



Innilegustu þakkir til þeirra sem sýndu
okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát
og útför eiginmanns míns, fæður,
tengdafaðir og afa,

Þorsteins L. Péturssonar
vélstjóra, Laufríma 24, Reykjavík.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks á deild 11E á Landspítalanum, hjúkrunarþjónustunnar Karítasar og líknaardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og ómetanlegan stuðning og hlýhug.

Unnur Guðmundsdóttir
Rut Þorsteinsdóttir
Hörður Þorsteinsson
Hafdis Þorsteinsdóttir
Afabörn og langafabörn.

Olgeir Kristjánsson
Kristín Gunnarsdóttir

LEGSTEINAR
Kynningarafsláttur á völdum tegundum
Vöðuhóla 1 • 110 Reykjavík • Sími 566 7878 • Fax 566 8787
rein@rein.is • www.rein.is

**LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAİK**
Hamarslóða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

Í tilefni af 95 ára afmæli mínu þann 18. mars sl. langar mig að þakka öllum þeim sem af þessu tilefni glöddu mig með nærveru sinni, gjöfum og hlýhug. Einnig langar mig að nota tækifærið til að þakka fjölskyldu minni fyrir að minnast 100 ára afmælis mannsins míns heitins, Páls Pálssonar, í ágúst sl. sumar. Megi guð vera með ykkur.

Jóhanna Jóhannesdóttir
Kópavogsbraut 85, Kópavogi.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Avít jól

25% afsláttur

af hvítum stólum og sófasettum



Sófasett 3+1+1

~~269.000.-~~ 201.750.- stgr.



Chesterfield sófi

~~225.000.-~~ 168.750.- stgr.




Stakur stóll

~~89.000.-~~ 66.750.- stgr.



Hornsófi m/ tungu

~~259.000.-~~ 194.250.- stgr.



Sófasett 3+1+1

~~349.000.-~~ 261.750.- stgr.

GP

gæðahúsgögn



Opið virka daga 10-18 • lau 11-16 • sun 13-16

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

VINSÆLUSTU



Mest selda bókin í flokki ævisagna samkvæmt metsölulistum.

Vinsælasta ævisagan

Saga Rögnu á Laugabóli er örlagasaga íslenskrar hvunnudagshetju sem lætur ekki bugast þrátt fyrir ótrúlegar raunir sem á hana eru lagðar. Í bakgrunni eru svo náttúruhamfarir og hörð lífsbarátta á Vestfjörðum. Saga Rögnu á Laugabóli er einstök persónusaga sem hefur djúp áhrif á sérhvern lesanda.

Guðni tekur flugið

Guðni Þórðarson, oftast kenndur við ferðaskrifstofuna Sunnu var á sínum tíma einn umsvifamesti viðskiptamaður landsins og átti harðvítuga andstæðinga sem svifust einskis í því að freista þess að knésetja hann. Hér segir hann í fyrsta sinn frá baráttu sinni við valdablokkirnar í viðskiptalífnum sem sáu ofsjónum yfir uppgangi hans.



9. ÆVISÓGUR

Metsölulisti Mbl. 30. nóv.

9. ÆVISÓGUR

Peninn Eymundsson og Bókabólar MM 29. nóv.



2. BARNBÆKUR

Metsölulisti Mbl. 30. nóv.

2. BARNBÆKUR

Peninn Eymundsson og Bókabólar MM 29. nóv.

Ný Fíásól

Enn er Fíásól komin á kreik og hressari en nokkru sinni fyrr. Hér áttar hún sig á því að hún er óskabarn, útvegjar fjölskyldunni einkabjón og bregður sér meira að segja til útlanda! **Hressilegar sögur og bráðfyndnar myndir gera Fíásól að eftirlæti íslenskra bókaorma ár eftir ár.**

Ný bók eftir Guðrúnu Helgadóttur

„Á móti alvarlegu söguefni kemur hraður og galvaskur frásagnarháttur Karenar Karlottu og **hnitmiðaður stillinn sem stundum er svo rosalega myndinn** ... Þetta eru bækur sem stækka sjóndeildarhring lesenda sinna.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is



4. BARNBÆKUR

Metsölulisti Mbl. 30. nóv.

5. BARNBÆKUR

Peninn Eymundsson og Bókabólar MM 29. nóv.



9. BARNBÆKUR

Metsölulisti Mbl. 30. nóv.

Frábær unglingsbók

„Frábær saga!“
Móðir höfundar

„Örugglega **ýkt skemmtileg og myndin** bók. Ég ætla samt bara að bíða eftir bíómyndinni.“
Bróðir höfundar

„Hræðilegt ritverk. Foreldrar, leyfið börnunum ykkar ekki að lesa þessa bók. Hún inniheldur engan góðan boðskap, hvetur til óhlýðni og virðingarleysis og er **allt of bleik á litinn**.“
Velferðarnefnd unglinga

Skjoðu blogg dramadrottningarinnar á www.myspace.com/dramadrottning og taktu þátt í skemmtilegum leik og getraun á www.dramadrottning.com.

BÆKURNAR

„Mögnuð og trúverðug“

Írónísk, launfyndin, **bókmenntaleg spennusaga**. ***“

★★★★ Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Konungsbók er **viðburðarík og spennandi** saga“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Arnaldur **hefur góð tök á frásagnartækni**.“



Katrín Jakobsdóttir, Mbl.

„Arnaldur notar hugmyndirnar og tilfinningarnar sem aflagjafa fyrir **magnaða og trúverðuga spennusögu** í samtíma okkar.“

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar



Arnaldur Indriðason



„Maður getur ekki hætt að lesa ...“

sögunar tvinnar saman spennu, sorg og tilfinningalífi fólks á **meistaralegan máta**.“

★★★★★ Óttar M. Norðfjörð, DV

„Þrungið tilfinningum ...“

Ólafur Jóhann er vaxandi rithöfundur ... Þessi bók er **með hans betri verkum**.“

Skafti P. Halldórsson, Mbl.



Ólafur Jóhann Ólafsson



„Ólafur Jóhann er **gjörhugull höfundur með óvenjulegar stílgáfur**.“

Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.

„Nostrið við sögufléttuna eitt og sér nánast **tryggir ánægjulegan lestur**.“

Ágúst Borgþór Sverrisson, vettvangur.net

„**Snjallar og vandaðar** smásögur.“

Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós



Auður Jónsdóttir

★★★★★

„Auður Jónsdóttir heldur áfram að vaxa í þessari glæsilegu skáldsögu sinni ... **brýn og glæsilega stíluð**, þaulhugsuð saga um stórt efni.“

★★★★★ Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.

„Óhætt að mæla með henni.“

Viðar Eggertsson, Rás 2



Jólatvenna

4-pakki af
2l. Coke, eða Coke light
& JÓLATRUKKUR
fylgir **FRÍTT** með.



Coca-Cola

Með þér um jólin!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



BJÖRGVIN ÁRITAR!

Í verslunum Hagkaups
í dag, sunnudag.
Kl. 15:00 í Kringlu
og kl. 17:00 í Smáralind.

Björgrín

ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

KARLAKÓR FÓSTRÆÐRA, LANDSLÍÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA OG LANDSPEKKTUM GESTUM




Geislaplata og DVD mynddiskur
saman í veglegum pakka

Einhverjir mest sóttu og glæsilegustu tónleikar Íslandssögunnar, með ástsælasta söngvara þjóðarinnar, í einstaklega veglegum pakka sem inniheldur bæði DVD mynddisk og geislaplötu.

Komin í verslanir

Góða skemmtun! ►



Nói Baldvin Collard fjögurra ára:

Alltaf að reyna að vera góður

- Hvað gerir maður á jólinum?
„Skemmtir sér.“
- Hvernig?
„Vel.“
- Hvað gerir þú á jólinum?
„Ég bý til snjókarl og snjóbolta.“
- Er alltaf snjór á jólinum?
„Já.“
- Hvað gerirðu meira um jólin?
„Ég er heima að leika mér. Og skreyti líka jólatréð með bláum kúlum.“
- Þekkirðu jólasveinana?
„Já.“
- Hver er uppáhaldsjólasveinin þinn?
„Hurðaskellir. Það eru svo mikil læti í honum. Hann skellir oft hurðinni heima hjá okkur en við heyrum ekki í honum af því að við erum steinsofandi.“
- Hvað er hann að gera heima hjá þér?

„Ég held hann sé að gefa í skóinn.“
- Færð þú í skóinn?
„Já. Ég er alltaf að reyna að vera góður strákur.“
- En hvað þig langar í jólagjöf?
„Svona beinagrind sem fer á braut og bíla sem fara á braut og fara svo upp í loftið.“
- Ætlar þú að gefa einhverjum jólagjöf?
„Já, ég ætla að gefa pabba bók. Svona einhverja franska bók sem pabba finnst skemmtileg. Pabbi minn er franskur af því að hann fæddist í Frakklandi. Ég veit ekki hvað ég ætla að gefa mömmu. Kannski varalit. Ég ætla að gefa Nönnu [systur] barbí.
- En þekkirðu Jesúbarnið?
„Já, mamma mín sagði mér frá því. En það er bara til í bók.“



Porbjörg Edda Valdimarsdóttir, þriggja ára:

Úlfur át vondu Grýlu

- Hvað ætlarðu að gera um jólin?
„Ég ætla að baka köku og fara út og draga snjósleðann minn. Þá hlæ ég svona: ha ha ha,“ segir hún og leikur með innlifun hvað það er gaman á sleða.
„Svo dansa ég í kring um jólatréð og syng jólalög,“ segir Þorbjörg.
- Seturðu skóinn út í glugga fyrir jólin?
„Já, en ef börn eru óþekk fá þau kartöflu í skóinn. Það eru samt ekki jólasveinarnir sem gefa kartöflu. Það eru vondukallarnir.“
- Veistu hvað jólasveinarnir heita?
„Já, þeir heita bara jólasveinar. Grýla á heima í fjöllunum.“
- Þekkir hún jólasveinana?
„Nei. Einu sinni sá ég góða Grýlu með engan staf og engan poka sem stal engum börnum. Hún var að sofa hjá mér. Ég sagði henni að fara úr skónum og hún gerði það og kom inn til mín. Það var góða Grýla. Hún á ekki heima uppi í fjöllunum. Vonda Grýla á heima í fjöllunum og líka fólkið og Grýla var að éta það.
- Á Grýla ekki heima hjá jólasveinunum?
„Nei! Einu sinni kom risastór úlfur og var að éta vondu Grýlu.“
- Ertu búin að hugsa um hvað þig langar í jólagjöf?
„Já, bíl og lest sem er svona til að ýta á og segir dúm dúm og dansar í kring um allt.“



- En hvað langar þig mest í jólamatinn?
„Ummm. Kuðung... nei, djók! Ég ætla að fá kjöt og köku og ís og súkkulaði.“

Óþekk börn fá kartöflu í skóinn

Fyrsti sunnudagur í aðventu er á morgun og hefst þá jólaundirbúningurinn fyrir alvöru. Börnin eru farin að telja niður dagana til jóla. Vonda Grýla er liðin tíð en kartöflur í skóinn eru komnar til að vera. Sigríður Dögg Auðunsdóttir heimsótti nokkur börn á leikskólaaldri og spjallaði við þau um jólin.



Salka Sigmarsdóttir, þriggja ára:

Gott að borða kartöflu

- Ætlar þú að setja skóinn þinn út í glugga fyrir jólin?
„Nei, það má ekki setja skóinn sinn í gluggann. En jólasveininn ætlar að setja kartöflu í skóinn.“
- Finnst þér kartöflur góðar?
„Já.“
- En eru jólin bráðum að koma?
„Já. Þau eru heima hjá sér. Jólin eru nebblega bara þar.“
- Hvað ætlar þú að fá í jólagjöf?
„Pakka.“

- Hvað á að vera í pakknum?
„Stjarna. Nebblega stór stjarna.“
- Hvað ætlarðu að gera við stjörnunna?
„Athuga hvað er í henni. Opna hana og þá finn ég hjarta. Hjarta sem er með litlum stjörnum á.“
- Þekkirðu Jesú?
„Jesúbarnið á afmæli á jólinum. Mamma ætlar að koma með mér í jesúbarnakirkjuna. Hún er gul. Ég ætla að sjá jesúbarnið þar sem stjarnan er. Jesúbarnið verður glaður.“
- Ætlarðu að gefa einhverja jólagjöf?
„Já, ég ætla að gefa pabba mínum stjörnu og hjarta og mömmu minni nebblega pinulítið hjarta. Svona mömmuhjarta. Og pabbi minn verður glaður þegar hann sér stóra hjartað og sér hvað er í pakknum.“
- Hvað finnst þér gott að borða á jólinum?
„Kartöflu.“
- En langar þig ekki líka í eitthvað annað gott að borða?
„Þítsu. Þegar jólasveinarnir eru farnir þá fær maður ekki lengur kartöflu í skóinn.“
- Ertu nokkuð hrædd við Grýlu?
„Nei. Hún er besta mamma jólasveinanna.“

Kristín Thorlacius Pálmadóttir, fjögurra ára:

Langar í pylsu í jólamatinn

- Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á jólinum?
„Að dansa í kring um jólatréð.“
- Veistu hvað aðventan er?
„Nei.“
- Hvað langar þig að fá í jólamatinn?
„Þítsu. Sko, veistu hvað er besti jólamaturinn minn? Það er pylsa.“
- Finnst þér gaman að syngja jólalög?
„Já.“
- Hvað er uppáhaldsjólagið þitt?
„Eitthvað snjólag. Ég man ekki hvað það heitir. Ég man ekki alveg hvernig það er. Það er um snjó.“
- En hver er uppáhaldsjólasveinin þinn?
„Kertasníkir. Af því hann borðar svo mikið af kertum. Ég ætla að gefa honum kerti í skóinn. Einu sinni var ég í dýragarði og þá komu Grýla og jólasveininn. Ég var að borða franskar kartöflur... nei, snakk og þá sögðu Grýla og jólasveininn: „Hvað er þetta?“ og ég sagði: „Ekki neitt“. Jólasveininn sagði: „Viltu fá, Grýla?“ og svo tóku þau snakkið en þau spýttu því út úr sér. Er það ekki fyndið? Ég fór að skellið hægja af því að mér fannst það svo fyndið.“
- Hvað langar þig að fá í jólagjöf?
„Allt Bratz. Og eitt í viðbót sem er ekki Bratz. Einn sætan bangsa.“



Kannski svona Bratz-bangsa.“
- Veistu af hverju við höldum upp á jólin?
„Já, af því að Jesús fæddist á jólinum.“



- Hversvegna dregur úr sí- og endurmenntun fólks á vinnumarkaði eftir fimmtugt?
- Er fólki mismunað innan fyrirtækja eftir aldri með tilliti til möguleika á sí- og endurmenntun?
- Hvað ræður námsframboði símenntunaraðila?
- Tengist raunfærnimat stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði?

Atvinnurekendur, stjórnendur, vinnumiðlarar, rannsakendur og áhugafólk um íslenskan vinnumarkað athugið!

Verkefnisstjórn 50+ efnir til fundaraðar um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Síðasti fundur af þremur verður á Grand hótél, Hvammi þann 7. desember n.k. kl. 8:30-10:00.

Dagskrá:

1. Jón Torfi Jónasson prófessor í uppeldis- og menntunarfærni við Háskóla Íslands, fjallar um símenntun innan fyrirtækja. Eru eldri starfsmenn hvattir til þátttöku í símenntun jafnt og þeir sem yngri eru? Hvernig skynja fyrirtækin þrýsting á þátttöku? Eru þeir eldri tregari til þátttöku en þeir yngri? Skiptir starfsmannastefna máli varðandi þátttöku? Hvaða skýringar eru á minni þátttöku eldra fólks í endurmenntun?

2. Soffía Gísladóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fjalla um símenntunaraðila og samspil framboðs og eftirspurnar. Hvernig verður framboðið til og eftir hverju fara símenntunaraðilar þegar námsframboð er ákvarðað? Tengist raunfærnimat á einhvern hátt stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði?

3. Umræður.

Fundarstjóri Elín R. Línal.

Nánari upplýsingar um starf verkefnisstjórnarinnar og fundaröðina er að finna á heimasíðu Vinnuálastofnunar www.vinnuamalastofnun.is Morgunverður verður framreiddur frá kl. 8:00, verð kr. 1.400.-

Haraldur Ingi Ólafsson, þriggja ára:

Ekkert hræddur við Grýlu

- Hvað gerum við á jólinum?
„Ég veit það ekki. Mamma mín sagði að það eru til jólasveinar.“
- Og hvað heita þeir?
„Ég veit það ekki. Þeir eru rauðir.“
- Gefa þeir þér í skóinn?
„Nei.“
- Hvað segirðu, fá ekki allir góðir strákar í skóinn?
„Nei. En það eru bara til tveir jólasveinar. Veistu hvað? Ég á einn jólasvein sem kann ekki að tala. Hann er bara í bókinni minni. Veistu hvað? Ég kann að búa til snjókarl. Ég get ekki búið til snjókarl ef það kemur ekki snjór.“
- En þekkirðu jesúbarnið?

„Já. Ég kann lag um jesúbarnið. Viltu heyra? [Syngur] Jesús er besti vinur barnanna, Jesús er besti vinur barnanna. Alltaf er hann hjá mér, aldrei fer hann frá mér. Jesús er besti vinur barnanna.“
- Hvað finnst þér gott að fá í jólamatinn?
„Graut. Hvítan graut. Og líka heit-an graut með rúsinum. Veistu hvað? Konan mín heitir Lilla [Lilla er leikskólakennari Haraldar]. Veistu hvað? Ég er Stúfur. Veistu hvað? Grýla er góð. Ég var ekkert hræddur. Ég var bara aleinn að sitja og horfa á Grýlu í leikritinu.“



MAX DÚNDUR VERÐ

5 diskar á verði eins!
100 Íslensk jólalög á
5 geisladiskum

1.999 kr.

almennt verð
~~2.799~~



30stk

32 tommur

119.999 kr.

Grundig LXW827512

- 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn 1366x768 punktar
- HD Ready
- Progressive Scan
- Skerpa 700:1
- 20w Nicam Stereó hljóðkerfi
- DVI tengi
- 3 Scart, SVHS, CVBS, og heyrnartólstengi

almennt verð ~~149.999~~

8.999 kr.

PS2

Guitar Hero II
- PS2 leikur



almennt verð
~~9.999~~

25stk

89.999 kr.



Fujitsu Siemens FSC SCALEO H-AM2 3800+

- Borðtölva með 3800+ A64 X2 AM2 örgjörvi
- 2048Mb DDR2 533 minni (2x1024Mb)
- 500Gb 7200RPM SATA harður diskur (2x 250GB)
- 256MB ATI Radeon Xpress 1150 onboard
- 6x USB2.0, 10/100 LAN, 56k módem V.92
- 5.1 hljóðkort
- DVD brennari SM
- Þráðlaust Netkort 802.11g
- Þráðlaust lykklaborð og mús


almennt verð
~~129.999~~

**17 tommu
LCD skjár**



17" LCD Fujitsu Siemens skjár FYLGIR FRÍTT með tölvunni!

9.999 kr.



Funai 31A850

- 6 hausa myndbandstæki
- Nicam Stereó
- Long Play
- Scart tengi
- NTSC afspilun

almennt verð ~~12.999~~

1.999 kr.



- Remington CS5001**
- Keramik sléttujárn
 - Hitnar á 60 sek.
 - Hitnar í 200 gráður

almennt verð ~~3.999~~

1.999 kr.



almennt verð
~~2.499~~

Over the Hedge - DVD - Íslenskur texti

1.999 kr.



almennt verð
~~2.499~~

Adam Sandler - Click - DVD

PS2

Eragon
PS2 Hasarleikur

3.999 kr.

almennt verð ~~4.999~~



OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint
á móti IKEA**

MAX RAFTAEGI

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

UNGUR Í ANDA

Ólafur Gaukur segist sjálfur vera meira undrandi á því en aðrir að hann sé farinn að nálgast áttætt enda sé hann enn ungur í anda og gefi ekkert eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Rómantískur og fullur af orku

Ólafur Gaukur hefur verið afkastamikill tónlistarmaður í gegnum tíðina. Hann hefur samið tónlist og texta auk þess að spila á gítar og útsetja tónlist fyrir sjálfan sig og aðra. Þar að auki hefur hann rekið Gítarskóla Ólafs Gauks í 31 ár. *Sigríður Hjálmsdóttir* hittir Ólaf, sem er orðinn 76 ára gamall en slær ekki slöku við þrátt fyrir aldurinn.

Ólafur segist ekki hafa hugmynd um hversu mikið af tónlist og textum hann hefur samið í gegnum tíðina. „Ég ætlaði nú reyndar aldrei að gerast textahöfundur en það var af einhverri nauðsyn sem það vantaði endilega texta,“ segir Ólafur og bætir því við að hann muni meira að segja hvar og hvenær. „Það kom hérna danskur kvartett sem hét „Four Jacks“ og við spiludum undir hjá þeim. Þeir tóku meðal annars lagið „O, Maria, jeg vil hjem til dig“, sem okkur langaði til að flytja á íslensku en gátum ekki þýtt það almennilega því við kunnum ekkert í dönsku,“ segir Ólafur hlæjandi en hann gerði textann í einhverjum galsa á hljómsveitaræfingu. „Þetta varð til þess að ég byrjaði að semja texta.“

Ólafur játar því að textarnir hans verði gjarnan tregablandnir enda sé hann mjög rómantískur og textarnir hans því líka. „Ég er stundum að reyna að sneiða framhjá því en það gengur ekkert og ég veit ekki hvers vegna,“ segir hann brosandí.

Ólafur bendir á að þegar hann útsetur lög fyrir aðra sé hann að vissu leyti að semja tónlist líka. „Stundum er maður að snarbreyta einhverju og setja við það stór forspil og fleira, þá er maður alltaf að semja. Létt tónlist er í svo fyrirfram ákveðnum formum og lengdum en ef það kemur eitthvað skrítið lengd þá viljum við ekki hafa

það svoleiðis því það verður óþægilegt,“ segir Ólafur sem er mikið fyrir melódíur með fallegum hljómunum undir. „Það er mitt fag.“

Rekinn fyrir að spila djass

Aðspurður hvenær tónlistaráhuginn hafi vaknað segir Ólafur Gaukur: „Ég var bara strákur í menntaskóla og ætlaði að verða læknir þegar ég byrjaði að spila tónlist. Svo fengum við svo mikinn áhuga á djassmúsík, nokkrir strákur, og fórum að spila. Við vorum síðan auglýstir sem Djasstrío Ólafs Gauks,“ segir Ólafur en uppátekið féll ekki í góðan jarðveg hjá rektor skólans. „Ég var kallaður inn til rektors sem sagði við mig: „Ef ég sé eina auglýsingu í viðbót, Ólafur Gaukur, þá ert þú rekinn úr skólanum.“ Hann pöldi ekki djass og sagði að djass og búlluvesen á kvöldin væri ekki fyrir hans nemendur,“ segir Ólafur og játar að foreldrar hans hafi heldur ekkert verið hrifnir. „Pabbi var magister í rómönskum tungumálum. Ég skil ekki enn þann dag í dag af hverju hann flutti hingað með gráðu í fjórum rómönskum tungumálum frá háskólanum í Sorbonne. Hann var reyndar mikið úti en bjó hér alla tíð.“

Ólafur segir djassinn hafa þótt það neðsta sem hægt var að komast á þessum tíma. „Núna held ég að það sé hægt að taka próf í þessu í menntaskóla enda þykir það voða fint í dag að hlusta á djass. Þeir sem það gera þykja mjög finir í hausnum og skilja meira en aðrir.“

Það fuk verulega í Ólaf vegna viðbragða rektors. „Ég var náttúrulega bara lítill strákur og gat ekkert gert. Þorði ekkert að segja eða gera heldur labbaði bara út með skottið á milli lappanna. Ég fór beint til félaga míns og það hann að auglýsa mig ennþá meira til þess að hefna mín,“ segir Ólafur og bætir því við að um vorið hafi hann síðan fallið í latínu. „Ég álit að það hafi verið út af þessu en það er alls ekkert víst.“

”

Ég verð annaðhvort að vinna til dauðadags eða bara að segja mig á sveitina.

Tónlist fram yfir lækisfræði

Ólafur Gaukur gerði þó gott úr öllum saman og fór í Menntaskólann á Akureyri. „Þar var skólabróðir þabba skólameistari þannig að ég tók síðasta veturinn þar. Það gekk mjög vel en ég ákvað að spila ekki mikið þar enda varð ég að lesa rosalega mikið því námsefnið var öðruvísi þar en í MR.“ Í MA fékk Ólafur mjög góða aðstoð frá skólasystkinum sínum svo þar gekk allt upp.

„Svo innritaði ég mig í lækisfræði og var þá kominn með kærustu og eitt barn. Ég hafði nóg að gera við að spila og var því bara í tvö ár í lækisfræðinni. Endaði á því að mæta illa og óreglulega og gera ekki neitt.“

Spurður hvort hann hafi þá verið að elta hjartað þegar hann tók tónlistina fram yfir lækisfræðina segir hann: „Í rauninni var ég ekkert að elta hjartað heldur bara það sem var auðveldara. Ég er alveg sáttur við það núna og sérstaklega af því að sonur minn er skurðlæknir í dag í Bandaríkjunum, þannig að hann reddaði þessu fyrir mig á síðustu stundu. Hann lét tónlistina ekki trufla sig en spilar þó reglulega vel á gítar.“

Eftir að hann hætti í lækisfræðinni var mikið að gera hjá Ólafi við að spila með alls konar

hljómsveitum úti um allt land við góðar viðtökur. „Ég var í plötu-upptökum í hverri viku á sjötta áratugnum og spila á mörgum plötum sem enginn veit um,“ segir Ólafur Gaukur sem hefur spilað með flestum þekktustu tónlistarmönnum fyrri tíma og nokkrum af þeim yngri líka.

Þrátt fyrir aldurinn er Ólafur Gaukur að spila á sýningu á Broadway um þessar mundir ásamt þeim Friðriki Ómari og Guðrúnu Gunnars. „Við byrjuðum í fyrra með metsöluplötu fyrir jólin og gáfum út aðra um mitt þetta ár. Nú erum við komin með þessa sýningu út frá efni þessara platna. Þannig að á einu ári erum við komin með tvöfalda gullplötu sem nú er verið að selja saman í einum pakka.“

Sextíu og eitthvað

Ólafur Gaukur segir að sjálfum finnst honum það skrítnara en öllum öðrum að hann skuli vera orðinn 76 ára. „Ég bara skil það ekki. Ég þori varla að segja þetta og segi það ekki í útlöndum. Þar segi ég bara sextíu og eitthvað. Mig langar ekkert að segja fólki að ég sé kominn á grafarbakkan,“ segir Ólafur sem dregur ekkert af sér í daglegum störfum sínum.

Ólafur hefur mjög ákveðnar skoðanir á aðstæðum gamals fólks á Íslandi í dag: „Aðstæðurnar á Íslandi eru ekkert sérstakar fyrir þann sem hefur verið sinn eigin herra alla tíð og á ekkert í lífeyris-sjóði nema einhverja smáaura og ætlar svo að hætta að vinna. Ég verð annaðhvort að vinna til dauðadags eða bara að segja mig á sveitina,“ segir hann. „Við eigum alveg nóg fyrir okkur, en svona er þetta bara. Ég myndi reyndar samt halda áfram þar meðan ég hef orku til þess og segi þetta bara vegna þess að þetta hefur verið mikið í umræðunni og er svo óskaplega ósann-gjarnt fyrir þetta blessaða fólk. Aðbúnaður gamals fólks er svoleiðis fyrir neðan allar hellur að við megum skammast okkar,“ bætir Ólafur við og heldur áfram: Þetta munar engu. Kannski milljarði eða tveimur en það er alltaf verið að tala um hundruð milljarða.“

Ólafur Gaukur segir þetta skýrast af því að þeir sem séu að vinna með þessi mál séu sjálfir búnir að

koma því þannig fyrir að þeir séu vel settir þegar þeir hætti sjálfir að vinna. „Þegar maður er í útlöndum mikið þá veit maður að margt ekki er gott um Ísland að segja en ekki þetta. Þetta er búið að vera í umræðunni undanfarið ár en ekkert gerist þannig að ég býst ekki við neinum breytingum. Ég trúi ekki á neitt í sambandi við gamla fólkið fyrr en ég sé fimm milljarða minnst,“ segir Ólafur ákveðinn en sjálfur vonast hann eftir að geta unnið í mörg ár í viðbót. „Það getur verið að það sé vitleysa en þarf ekkert að vera óraunhæft.“

Öll þróun af hinu góða

Spurður hvort hann hafi lifað fyrir tónlistina segir Ólafur Gaukur. „Ég hef að minnsta kosti alltaf lifað á tónlist en hvort ég hef lifað fyrir tónlist, það veit ég ekki.“ Hann segist aðspurður einskis sakna frá fyrri dögum og vera mjög ánægður með lífið í dag, hvað varðar tónlistina.

„Ég á mér ekkert uppáhald af því sem ég hef gert í gegnum tíðina og ekkert skemmtilegra tímabil en annað á ferlinum. Það var reyndar rosalega skemmtilegt í tónlistarskólanum í Los Angeles þar sem ég var í átta ár með hléum. Skólastjórnin var farinn að segja við mig: „Nei, ert þú kominn enn einu sinni? Mér datt ekki í hug að þú kæmir aftur.“ Alveg þangað til ég kláraði allt,“ segir Ólafur Gaukur og hlær.

„Íslensk tónlist hefur þróast mjög mikið frá því ég byrjaði og öll þróun er af hinu góða. Það verða að gerast gagnangerar breytingar til þess að ekki sé alltaf farið í sömu áttina. Það er þannig með allt. Það þarf að fara í hinar og þessar áttir til þess að eitthvað fari að hreyfast og tosast áfram,“ segir Ólafur Gaukur og bætir við: „Ef ekkert er vikið frá beinu brautinni verður allt hundleiðinlegt. Mér finnst sumt gott og sumt ekki gott,“ segir hann um íslenska tónlist og bætir því við að hann eigi sér ekkert uppáhaldslag. „Ég heyri stundum eitthvað rosalega fallegt á ljósvakanum, hugsanlega bara einn frasa sem ég er með í huganum allan daginn. Ég bara stíðna upp þegar ég heyri slíkt,“ segir hann eldhressi og erni tónlistarmaður Ólafur Gaukur.



Ferilskra.is

Ferilskráin er markaðstækið þitt í atvinnuleitinni

Pantaðu núna á www.ferilskra.is og fáðu hnitmiðaða og árangursríka ferilskrá sem kemur þér í atvinnuviðtalið

Fljót og góð þjónusta

Góð ferilskrá er gulli betri þegar spennandi atvinnutækifæri byðst

Hafðu samband: www.ferilskra.is - ferilskra@ferilskra.is
Sími: 663 7973



Grunnskólinn í Grindavík Proskapjálfi

Grunnskólinn í Grindavík óskar eftir því að ráða þroskapjálfa, eða starfsmann með sambærilega menntun, til starfa við skólann. Um er að ræða 75% starf. Upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 420-1150. Netfang gulli@grindavik.is.

Skólastjóri



KÓPAVOGSBÆR

Lindaskóli Aðstoðarskólastjóri

- Staða aðstoðarskólastjóra við Lindaskóla í Kópavogi er laus til umsóknar.

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur reynslu af kennslu. Viðkomandi einstaklingur þarf að búa yfir góðum skipulags-hæfileikum og vera góður í samskiptum.

Lindaskóli er einsetinn skóli með 590 nemendum í 1. – 10. bekk.

Skólinn er vel búinn kennslutækjum og starfsaðstaða er mjög góð.

Við skólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem löggð er áhersla á góða kennslu og góða samvinnu skóla og heimila. Lindaskóli er umhverfisvænn skóli og tekur þátt í verkefnum Skólar á grænni grein.

Laun samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launafélagar sveitarfélaga. Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri
Gunnsteinn Sigurðsson
í síma 554-3900
eða 861-7100.

Umsóknarfrestur er til
12. desember 2006

www.kopavogur.is - www.job.is



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga

Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra

Óskum eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, en ráðið verður í stöðuna til næstu fimm ára, þ.e. frá og með 1. janúar 2007.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með daglegum rekstri og starfsmannahaldi heilbrigðisstofnunarinnar, en undir stofnunina heyra heilsugæslustöðvarnar á Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri og Heilbrigðisstofnunin Húsavík (sjúkrahús og heilsugæsla). Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlana, samhæfingu þjónustuþátta, gæðapróun og árangursmat, tekur þátt í langtíma stefnumörkun og vinnur að nýjungum og breytingum til hagsbóta fyrir sjúklinga auk annarra áhugaverðra verkefna.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með háskólapróf í viðskiptafræði eða með sambærilegt háskólanám, en reynsla af stjórnun, fjármálaumsýslu og áætlanagerð er nauðsynleg. Áhersla er lögð á faglegan metnað, skipuleg vinnubrögð, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi.

Í boði er áhugaverð stjórnunarstaða í faglegu starfsumhverfi. Skrifstofa Heilbrigðisstofnunarinnar er staðsett á Húsavík, en þar er einstök náttúrufergurð og öll nútímanleg aðstaða s.s. til íþróttaiðkanna og útiveru afar góð. Laun verða skv. ákvörðun kjararáðs sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Umsóknarfrestur er til og með 18. desember nk., viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem allra fyrst.

Guðný Harðardóttir og Birna V. Jakobsdóttir hjá STRÁ MRI ehf. veita nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir eða eigin starfsferilskrár ásamt viðeigandi prófgögnum til stra@stra.is. Umsóknareyðublað má finna á heimasíðu www.stra.is.



Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

STARFSFÓLK TIL FRAMTÍÐARSTARFA



Múrbúðin er ört vaxandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hágæða múrvörum, málningu og byggingavörum, neytendum til hagsbóta.

STARFSMAÐUR Í VERSLUN

Starfssvið:

Afgreiðsla byggingavara, ráðgjöf til viðskiptavina, áfylling og verðmerkingar.

Hæfniskröfur:

Pekking á byggingavörum æskileg. Kurteisi og þægilegt viðmót. Nákvæm vinnubrögð. Metnaður til framfara.

Í boði er öflugt starfsmannafélag, gott starfsumhverfi, endurmenntun og samkeppnishæf laun.

DEILDARSTJÓRI - GÓLFEFNADEILD

Starfssvið:

Sala og ráðgjöf til viðskiptavina, framsetning vöru í sýningarsal. Innkaup og vöruframboð.

Hæfniskröfur:

Metnaður til að ná árangri. Pekking á sölu sérvöru. Nákvæm vinnubrögð. Góðir samskiptahæfileikar.

Vinnutími:

8:00 - 18:00 alla virka daga auk þess sem unninn er einn laugardagur í mánuði.

Umsóknarfrestur er til og með 11. desember nk.

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn inn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um störf.

Umsjón með störfunum hefur

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, sigrunedda@radning.is



RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Heilsuhúsið

Við leitum að sjálfstæðum og metnaðarfullum leiðtoga í starf umsjónarmanns Heilsuhússins í Kringlunni.

Starfssvið og helstu verkefni:

- Umsjón með daglegum rekstri verslunar.
- Umsjón með starfsmannahaldi, mönnun og vaktaplani.
- Umsjón með pöntunum á vöru, sölu og birgðum.
- Umsjón með skipulagi og útliti verslunar.
- Aðstoðar viðskiptavini við val á vörum í verslun.


Hæfniskröfur:

- Mikill áhugi og góð þekking á heilsu og heilsuvörum.
- Hæfni til að stýra og vinna með fólki.
- Miklir söluhæfileikar og rík þjónustulund.
- Góð tölvukunnátta.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði.

Umsóknarfrestur er til 10. desember. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Hlutastörf: Einnig getum við bætt við starfsfólki í hlutastörf á kvöldin og um helgar í verslanir okkar í Kringlunni, Lág múla, Smáratorgi og Skólavörðustíg.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Kristjánsdóttir, rekstrarstjóri Heilsuhúsanna í s. 693-2236. Umsóknum skal skilað á netfang hennar, johannak@heilsuhusid.is



Skólavörðustíg • Kringlunni • Smáratorgi • Selfossi

VÉLVIRKI ÓSKAST

Vélvirki óskast til starfa á snyrtilegu og vel útbúnu vélaverkstæði. Getur hafið störf strax. Góð laun í boði.

Umsóknir berist á box@frett.is merkt "vélvirki".

MAÐUR VANUR HEIMILISTÆKJA-VIÐGERÐUM

Egill þjónustuverkstæði BYKO hf auglýsir laust til umsóknar starf viðgerðarmanns í heimilistækjum.

Helsta starfssvið:

- Viðgerðir á heimilistækjum.

GÓÐ LAUN Í BOÐI

Menntunar og hæfniskröfur:

- Þekking/reynsla á heimilistækjavíðgerðum
- Menntun tengd starfinu æskileg
- Áhugi á viðgerðum
- Lönnemar koma til greina í starfið
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri

Nánari upplýsingar veitir Elfa í síma 5154161 og með tölvupósti, elfa@byko.is. Umsóknir berist fyrir 11. des. til Elfu B. Hreinsdóttur, starfsþróunarstjóra BYKO hf, Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi eða með tölvupósti elfa@byko.is. Einnig er hægt að sækja um starfið á vef BYKO, www.byko.is.

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.



EGILL ÞJÓNUSTUVERSKSTÆÐI

Smíðjuvegi 9A (gul gata) • 200 Kópavogur • Sími 554 4445
Fax 554 4476 • Netfang: egill@egill.is • Vefang: www.egill.is

LÖGFRÆÐINGUR

Í boði er spennandi og krefjandi starf í fjölbreytilegu umhverfi. Unnið er að skipulagsbreytingum og er mikið þróunarstarf framundan.

Ört vaxandi fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða lögfræðing í sérhæft ábyrgðar- og sérfræðingsstarf.

Starfssvið

- Lögfræðileg verkefni fyrir fyrirtækið
- Ráðgjöf til samstarfsaðila
- Samskipti og samstarf við viðskiptavini
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði lögfræði
- Starfsreynsla mikill kostur, æskilegt er að starfsreynslan komi frá lögfræðideild banka eða sparisjóðs
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheiður.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



TrackWell var stofnað árið 1996 og er leiðandi í hugbúnaðarlausnum fyrir hreyfanlegar auðlindir (MRM - Mobile Resource Management). Með MRM lausnum TrackWell ná rekstaraðilar fram betri stýringu á forðum s.s. starfsmönnum, bílum, skipum og öðrum tækjum. Helstu vörur TrackWell eru TracScape-flotastýringarkerfi, Tímon - tíma- og verkskráningarkerfi og SeaData- útgerðarstjóri og afladagbók. Fyrirtækið er í góðum rekstri með marga trausta viðskiptavini og samstarfsaðila bæði innanlands og erlendis. Hjá fyrirtækinu starfar góður og samstilltur hópur með mikla reynslu og þekkingu.

TVÖ TÆKIFÆRI!

Þjónusta og forritun fyrir Tímon

Starfssvið

Þjónusta og forritun fyrir viðskiptavini Tímon, tíma- og verkskráningarkerfisins, ásamt daglegum samskiptum við viðskiptavini TrackWell og ábyrgð á afhendingu lausna.

Hæfniskröfur

Umsækjandi þarf að hafa reynslu og menntun á sviði kerfisfræði. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og hafa ríka þjónustulund. Æskilegt er að viðkomandi hafi unnið við viðskiptalausnir eða mannauðsstjórnun.

Allir umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði og verða að geta unnið sjálfstætt og eiga auðvelt með samskipti við aðra. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að vinna í tæknilega krefjandi umhverfi og eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar.

Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

Starfssvið

Þróun á hugbúnaðarlausnum. Aðstoð við þarfagreiningu fyrir viðskiptavini TrackWell og ábyrgð á afhendingu lausna.

Hæfniskröfur

Umsækjandi þarf að hafa menntun á sviði verk-, tækni-, tölvunar- eða kerfisfræði. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á vefþróun, uppbyggingu vefþjónustu í Java J2EE eða .NET. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Linux eða Unix stýrikerfum, C/C++ og einu eða fleiri skriftarmálum.

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Yr. Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Guðrún D. Hálfðanardóttir (guðridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

MARKAÐS- OG KYNNINGASTJÓRI

Matis ohf. er nýtt hlutfélag í eigu ríkisins sem tekur við starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti (MATRA) og Rannsóknastofnu Umhverfisstofnunar. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 2. janúar 2007.

Matís ohf. óskar eftir að ráða drífandi og skapandi einstakling í starf markaðs- og kynningastjóra hjá fyrirtækinu. Um nýtt starf er að ræða og mun viðkomandi því taka þátt í mótun starfsins.

Markaðs- og kynningastjóri Matís hefur umsjón með og ber ábyrgð á:

- Gerð og eftirfylgni kynningaáætlana
- Kröftugri og áhugaverði heimasíðu
- Skipulagningu funda, ráðstefna o.fl.
- Samskiptum og miðlun upplýsinga til almennings, fjölmiðla o.fl.
- Ímyndarmálum Matís

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á ensku og íslenskrri tungu, bæði í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Áhugi á markaðs- og kynningamálum

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ICEBANK

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart sparissjóðum, innlendum sem erlendum fjármálafyrirtækjum og öðrum stærri aðilum. Bankinn starfar á sviði erlendra viðskipta, greiðslumiðlunar, fjárstýringar og fjármögnunar í því skyni að veita afmörkuðum hópi innlendra og erlendra viðskiptavina framúrskarandi þjónustu. Með sérhæfingu að leiðarljósi byggir bankinn upp samkeppnishæfa og arðsama starfsemi.

Mótuð hefur verið ný framtíðarsýn fyrir bankann til næstu fimm ára. Sú sýn felur í sér nýjar áherslur, ný gildi, metnaðarfull markmið og breytingu á eignarhaldi. Nú er leitað að fjórum einstaklingum sem vilja taka þátt í að láta framtíðarsýnina verða að veruleika.

Aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu

Viðskiptaþjónusta er annað af stoðsviðum bankans. Þar fer fram margs konar frágangur viðskipta, einkum gjaldeyrisviðskipta og verðbréfavíðskipta, og lánaumsýsla. Sviðið á fjölbreytt samskipti við innlenda og erlenda aðila. Á sviðinu starfa um 35 manns. Starfið felst einkum í almennri stjórnun sviðsins í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra þess, þróun verkferla, hagnýtingu upplýsingatækni og hvers kyns úrbótastarfi til að auka afköst, gæði og öryggi.

Mannauðsstjórnun - mótun nýs fyrirtækjabrags

Einn liður í því að hrinda breytingum í bankanum í framkvæmd er að móta nýjan fyrirtækjabrag og mannaúdsstefnu, sem fellur að hinni nýju framtíðarsýn. Til samans munu fyrirtækjabragurinn og mannaúdsstefnan styðja með öflugum hætti við starfsemi bankans inn á við og út á við og hafa þannig lykilaðhrif á samkeppnisstöðu hans á öllum sviðum. Mannauðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs og stýrir starfsmannaþjónustu bankans. Fyrst í stað mun viðkomandi hins vegar einbeita sér að því að festa nýjan fyrirtækjabrag í sessi í náinni samvinnu við bankastjóra og framkvæmdastjóra bankans.

Sérfræðingur í greiningardeild

Í tengslum við ofangreindar breytingar hefur verið ákveðið að setja á laggir greiningardeild í bankanum. Hún verður staðsett innan fjárstýringar og heyrir undir framkvæmdastjóra sviðsins. Meginstarfsemin felst í greiningu á þeim þáttum sem hafa áhrif á vexti og gengi íslensku krónunnar og helstu gjaldmiðla erlendis. Þá mun deildin útbúa kynningarefni um íslensk efnahagsmál, um íslenskan fjármálamarkað og um bankann og sinna samskiptum við erlenda aðila í samvinnu við ýmsa aðila í bankanum.

Yfirmaður upplýsingatæknimála

Tölvumiðstöð sparissjóðanna (TS) gegnir hlutverki upplýsingatæknisviðs bankans. Í sameiningu leita bankinn og TS að einstaklingi til að hafa yfirmensjón með upplýsingatæknimálum bankans. Viðkomandi verður starfsmaður TS en mun eingöngu sinna upplýsingatæknimálum bankans og hafa vinnuáðstöðu á báðum stöðum. Viðkomandi mun vinna náið með æðstu stjórnendum bankans við að móta framtíðarsýn og stefnu bankans á þessu sviði og sinna þarfagreiningu. Þá mun viðkomandi hafa umsjón með daglegum verkefnum í bankanum á sviði upplýsingatækni og fylgja eftir verkefnum sem unnin eru fyrir bankann hvort heldur er hjá TS eða öðrum birgjum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskipta- eða tæknigreinum, meistaraþróf er kostur.
- Reynsla af hliðstæðum verkefnum í viðskiptabanka er skilyrði.
- Reynsla af mannaforráðum.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði talmáli og ritmáli.
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaraþróf í mannaúdsstjórnun eða hliðstæðri grein.
- Reynsla af hliðstæðum verkefnum er skilyrði.
- Góðir greiningarhæfileikar og hæfileikar til að setja hugsanir fram á skýran hátt.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði talmáli og ritmáli.
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaraþróf í hagfræði.
- Góðir greiningarhæfileikar og hæfileikar til að setja hugsanir fram á skýran hátt.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði talmáli og ritmáli.
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í kerfisfræði, tölvunarfræði, tölvuverkfræði eða hliðstæðum greinum; meistaraþróf er kostur.
- Reynsla af hliðstæðum verkefnum er skilyrði, reynsla í fjármálafyrirtæki er ótvíræður kostur.
- Góðir greiningarhæfileikar og hæfileikar til að setja hugsanir fram á skýran hátt.
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði talmáli og ritmáli.
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.

Tölvumiðstöð sparissjóðanna

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ragnheidur.dagsdottir@capacent.is og Herdís Rán Magnúsdóttir herdis.magnusdottir@capacent.is hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR



Framkvæmdasvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða öflugan starfsmann í framtíðarstarf. Starfsmaðurinn mun starfa á athafnasvæði Orkuveitunnar á Vesturlandi.

Pípulagningamaður eða vélvirki óskast til starfa.

Orkuveita Reykjavíkur er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustuvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks á að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er:

Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum

Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum

Sækir fram af eldmóði

Traust og starfar í sátt við umhverfið

Um er að ræða starf í Framkvæmdadeild Orkuveitunnar á Vesturlandi. Viðkomandi þarf að vera búsettur í Borgarbyggð.

Framkvæmdadeild hefur með höndum viðhaldsverk, viðbrögð við bilunum og smærni nýlagnir í kerfum Orkuveitunnar og HAB (Aðveituæðin milli Deildartungu og Akraness).

Um starfið gildir að viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að fást við öll þau fjölbreyttu verkefni sem upp geta komið.

Við leitum að duglegum, samviskusömum einstaklingi með færni í mannlegum samskiptum. Ef þú ert einstaklingur með áðumefnda hæfileika getur orðið um framtíðarráðningu að ræða. Umsækjendur um starfið þurfa að uppfylla eftirfarandi kröfur:

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í pípulögnum eða vélvirkjun
- Haldgóð almenn tölvukunnátta
- Aukin ökuréttindi æskileg

Upplýsingar og umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Sólrún Kristjánsdóttir (solrun.kristjansdottir@or.is) hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Umsóknarfrestur er til og með 17. desember nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Orkuveitunnar: www.or.is og senda jafnframt ferilskrá. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



ÍSLENSKA SÍLA SÖRFY 3307 11 06



Gagnaveita Orkuveitu Reykjavíkur leitar að vörustjóra fyrirtækjalausna.

Orkuveita Reykjavíkur er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustuvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks á að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er:

Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum

Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum

Sækir fram af eldmóði

Traust og starfar í sátt við umhverfið

capacent
RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is og senda jafnframt starfsferilskrá.

Gagnaveita OR er sjálfstætt starfandi svið innan Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem verður að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu OR frá og með janúar 2007.

Gagnaveitan hefur með höndum uppbyggingu, rekstur og þjónustu á gagnaflutningskerfi OR. Gagnaveita OR vinnur að því að ljósleiðaravæða heimili á veituvæðum OR undir vörumerkinu SAMBAND OR. Gagnaveitan rekur einnig dreifikerfi fyrir Internet-, síma- og sjónvarpsdreifingu, sem byggt er á IP samskiptatækni yfir ljósleiðara. Sjálfstæðir þjónustuaðilar á markaði nýta sér dreifikerfi OR til miðlunar á efnis- og þjónustuframboði sínu til heimila.

Vörustjóri fyrirtækjalausna starfar á viðskiptadeild. Viðskiptadeild Gagnaveitu hefur umsjón með uppbyggingu, sölu og markaðssetningu þjónustuframboðs Gagnaveitu. Jafnframt hefur deildin umsjón með samstarfi við þjónustu og efnisveitur, þróun þjónustu með sveitarfélögum og leitar nýra viðskiptatækifæra.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Markaðs- og kynningarmál
- Umsjón með samstarfi við fjarskiptafyrirtæki
- Uppbygging vöruframboðs
- Þróun þjónustu með sveitarfélögum
- Undirbúningur sölulherferða
- Ábyrgð á innri ferlum, eftirfylgni og framkvæmd frávikagreiningar

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, rekstrarfræði eða sambærilegt
- Gráða í vörustjórnun kostur
- Starfsreynsla æskileg
- Reynsla af samningagerð og verkefnastjórnun
- Góð ensku- og dönskukunnátta kostur
- Samstarfshæfni, metnaður, frumkvæði, agi og sjálfstæði í vinnubrögðum



ÍSLENSKA SÍLA SÖRFY 3307 11 06

VDAGUR
OFBELDIÐ BURT

V-dags samtökin auglýsa eftir framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri þarf að viðhafa sjálfstæð vinnubrögð við fjáröflun, rekstur, hugmyndavinnu og forvarnarstarf samtakanna.

Viðkomandi einstaklingur þarf að hafa reynslu af samskiptum við fjölmörg, auk þess að hafa góða tölvukunnáttu og góð tök á íslenski og enski tungu. Umfram allt er leitað eftir einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á að berjast gegn ofbeldi á konum.

Umsóknarfrestur er til 11. desember. Umsóknir berist til afgreiðslu Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt: vdagur.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



Hjálpartækjamiðstöð -leitar að vandvirkum og laghentum starfsmanni á verkstæði með iðnmenntun á sviði rafeinda- og eða vélvirkjunar.

Starfið felst m.a. í viðgerðum og viðhaldi á hand- og rafknúnum hjálpartækjum.

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun á sviði rafeinda- og eða vélvirkjunar
- Reynsla af viðgerðum sem nýtast í starfinu
- Sjálfstæð, skipulögð og vönduð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Björk Pálsdóttir, forstöðumaður hjálpartækjamiðstöðvar í síma 560 4600.

Umsóknarfrestur er til 10. desember 2006. Umsóknir sendist starfsmannþjónustu Tryggingastofnunar ríkisins, Laugavegi 114, 150 Reykjavík, í pósti eða rafrænt (starf@tr.is). Í umsóknum skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar niðurstaða um ráðningu liggur fyrir.

Í Tryggingastofnun starfa um 200 manns, þar af 30 í hjálpartækjamiðstöð. Meginstarfsemin er á Laugavegi 114 en hjálpartækjamiðstöðin er í Kópavogi, Smiðjuvegi 28.

Stefna Tryggingastofnunar ríkisins er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og inna af hendi réttar greiðslur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem Tryggingastofnun eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.

Tryggingastofnun ríkisins
www.tr.is, Laugavegur 114, 150 Reykjavík, Sími 560 4400

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



Hjálpartækjamiðstöð -lagermaður-

Við leitum að lagermanni sem sér um hjálpartækjalager miðstöðvarinnar.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af lagerstörfum
- Sjálfstæð, skipulögð og vönduð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR.

Nánari upplýsingar veitir Björk Pálsdóttir, forstöðumaður hjálpartækjamiðstöðvar í síma 560 4600.

Umsóknarfrestur er til 10. desember 2006. Umsóknir sendist starfsmannþjónustu Tryggingastofnunar ríkisins, Laugavegi 114, 150 Reykjavík, í pósti eða rafrænt (starf@tr.is). Í umsóknum skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar niðurstaða um ráðningu liggur fyrir.

Í Tryggingastofnun starfa um 200 manns, þar af 30 í hjálpartækjamiðstöð. Meginstarfsemin er á Laugavegi 114 en hjálpartækjamiðstöðin er í Kópavogi, Smiðjuvegi 28.

Stefna Tryggingastofnunar ríkisins er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og inna af hendi réttar greiðslur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem Tryggingastofnun eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.

Tryggingastofnun ríkisins
www.tr.is • Laugavegur 114 - 150 Reykjavík
Sími 560 4400

Lagerstarf

Heildverslun á höfuðborgarsvæðinu leitar að drifandi einstaklingi til lagerstarfa sem fyrst.

Vinnutími er frá kl. 8.00-16.00 alla virka daga en álagstímar sem krefjast yfirvinnu geta koma til.

Umsóknir óskast sendar á box@frett.is fyrir 8. des 2006, merkt "Lager2525"

Getum bætt við okkur sölufulltrúa

DENYCE GRAVES, mezzosópran, er ein mest spennandi söngstjarna heims um þessar mundir og því mikið fagnaðarefni að hún skuli koma fram á tvennum tónleikum með SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS. Efnisskrá tónleikanna í Háskólabíói er víðfeðm og spennandi, enda Graves fjölhæfur og frábær flytjandi.

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI

FIMMTUDAGINN 7. DESEMBER KL. 19.30 – **UPPELT**

LAUGARDAGINN 9. DESEMBER KL. 17.00 – LAUS SÆTI

Hljómsveitarstjóri :: Jonas Alber
Einsöngvari :: Denyce Graves



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 :: WWW.SINFONIA.IS

Fyrsti konsert er frír
í bóði FL Group og Sinfóníuhljómsveitarinnar

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

STÓRFENGLEG!
Lau. 6/1, lau. 13/1, lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus - sún. kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus - sún. kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR
Fös. 8/12 **uppselt**, lau. 9/12 **uppselt**, sun. 10/12 örfá sæti laus.
Allra síðustu sýningar!

BAKKYNJUR
Frumfyrir 26/12 uppselt, 2. sún. mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sún. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sún. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sún. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sún. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sún. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sún. fim. 18/1

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

PATREKUR 1,5
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus.
Ath. Miðaverð aðeins 1500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskirteinis.


KÚLAN KL. 20.00

SKOPPA OG SKRÍTLA
Lau. 6/1 kl. 11:00 örfá sæti laus - sún. kl. 12:15 - sún. kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00 - sún. kl. 12:15 - sún. kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00 - sún. kl. 12:15 - sún. kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00 - sún. kl. 12:15 - sún. kl. 14:00 **uppselt**.

LEIKHÚSLÓFTIÐ

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag sun. 3/12 kl. 13:00 **uppselt** - sún. kl. 14:30 **uppselt** - sún. kl. 16:00 **uppselt**, lau. 9/12 kl. 13:00 **uppselt** - sún. kl. 14:30 **uppselt** - sún. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 10/12 kl. 13:00 **uppselt** - sún. kl. 14:30 **uppselt** - sún. kl. 16:00 **uppselt**, lau. 16/12 kl. 13:00 - sún. kl. 14:30 - sún. kl. 16:00 **uppselt**, sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt** - sún. kl. 14:30 **uppselt** - sún. kl. 16:00 **uppselt**, fös. 22/12 kl. 13:00, lau. 23/12 kl. 13:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



Spjaldanna á milli

Halldór Guðmundsson

Sígildar þýðingar

Á hverju ári koma út á Íslandi nýjar þýðingar á klassískum bókmenntum og hér skulu þrjár nefndar:

Fýkur yfir hæðir

Var nafnið á fyrri íslensku þýðingunni á Wuthering Heights eftir Emily Brontë, sem nú er komin út undir sínu upprunalega heiti í búningi Silju Aðalsteinsdóttur. Brontë var 29 ára þegar þessi bók um kraumandi kviku ástríðunnar undir storknuðu síðahrauni Viktoríutímans birtist. Hún gaf bókina út undir dulnefni Elliss Bell, því hún átti ekki von á því að mark yrði tekið á skáldsögu eftir konu sem viki jafn mikið frá viðurkenndum „kvenlegum“ rithætti og hún. Bókin vakti ekki mikla athygli og höfundurinn lést ári síðar, 1848, og varð því ekki aðnjótandi sívaxandi frægðar verksins eftir því sem leið á nítjándu öldina. Sagan átti umtalið bæði að þakka umfjöllunarefni sínu, lýsingunni á heitri ást og heiftuðugri hefningunni – bara nafn aðalpersónunnar, Heathcliff, vekur sterk hugrenningatengsl – og frásagnartækni sinni sem þótti óvenju nútímaleg. Tilfinningarnar brjóstast fram einsog náttúruöfl á hinu afskekktu sögu-sviði í Yorkshire en frásagnarhátturinn heldur verkinu saman og gefur því blæ af trúverðuleika. Sagan hefur verið ótal listamönnum innblástur síðan, frá skáldkonunni Sylvíu Plath til söngkonunnar Kate Bush.

... og frostkaldan mel

Þótt ótrúlegt sé kemur nú í fyrsta sinn ein frægasta saga nítjándu aldar, Frankenstein, út á íslensku í þýðingu Böðvars Guðmundssonar. Frankenstein er ein af þessum persónum sem hefur fyrir löngu vaxið sögunni þar sem hún birtist fyrst yfir höfuð, er orðin goðsögn og nafnið haft um ólíkustu skepnur. Bókin kom upphaflega út árið 1818, undir lokin á hryllingssagnatímabili rómantísku stefunnar, sagna sem Englendingar kölluðu „gothic novels“. Höfundurinn var nítján ára gömul stúlka, Mary Shelley, og hafði reyndar lagt drög að sögunni tveim árum fyrr. Hún var vel að sér í rómantísku stefnunni, eiginkona skáldsins PB Shelley, góð vinkona Byrons lávarðar, og Frankenstein fjallar ekkert síður um snillingshugmyndir rómantísku stefunnar en hefubundin hryllingsminni. Gáfa Shelleys fólst í að sameina snilling og hrylling, taka upp hina fornu gyðinglegu sögn um golem, leirmanninn, og gera hana að tákni listamannsmyndar rómantísku stefunnar. Hér er líka hafin sígild umræða um vanda vísindanna: Vísindamaðurinn býr til skepnu sem smám saman vex honum yfir höfuð. En þetta er heimlik saga og býður upp á ýmiss konar túlkanir, og má minna á að gervimaðurinn fyllist þá fyrst illsku þegar skapari hans neitar að búa til handa honum lífsförunaut. Innst inni þráði þetta skelfilega monster bara ástina, en tilfinningakuldinn fer með það og það á því einkar vel við að leikurinn skuli berast alla leið á frostkaldar ísbreiður norðurpólsins.

Í fjallinu dunar

Atli Magnússon hefur verið að þýða sígildar heimsbókmenntir og nú kemur frá honum þýðing á stórbrótnustu sögu pólsk-enska höfundarins Joseph Conrad, Nostromo, sem fyrst kom út 1904. Frásagnartækni skáldsögunnar náði nýjum hæðum hjá Conrad en hann var líka þjóðfélagslegur höfundur og gerkunnugur heimsvalda- og nýlendustefnunni á síðari hluta nítjándu aldar. Sögusviðið er ímyndað þjóðfélag í Suður-Ameríku og aðalpersónan, sem nýtur vinsælda og virðingar með þjóðinni, er kallaður Nostromo, styttingu úr ítölsku: nostr'uomo, okkar maður. En digur silfurmana í hrjóstrugu fjalli setur öll góð áform úr skorðum og Conrad lætur lesandann glíma við sígildar spurningar um hvað mönnum gangi til; sagan er útsmög in stúdía í græðgi.

Það er sameiginlegt þessum gerólku bókum að í þeim takast á náttúruöfl og siðmenning, með frumstæðu hætti í Frankenstein, hástemmdari í Wuthering Heights en í flókinni pólitískri samfélagsumgjörð í Nostromo, í samræmi við þróun borgaralegs samfélags á þessum tæpu eitt hundrað árum sem skilja verkin að, og að persónurnar skortir hæfileikann til að elska aðra mannveru, það eru myrkari öfl en ástin sem reka þær áfram. Það þarf því ekki að undra að þær hafa allar verið kvikmyndagerðarmönnum innblástur, allt frá því Boris Karloff lék Frankenstein fyrst í mynd frá árinu 1931, Laurence Olivier Heathcliff átta árum síðar og þar til Claudio Amendola lék Nostromo í kvikmynd sem gerð var fyrir áratug eða svo.

Útgáfa þessara þýðinga er bókmenntafólki mikið gleðiefni.

Picasso sleginn í kvöld

„Já, það er frábært úrval núna,“ segir Tryggvi Páll í Galleríu Fold sem mun stjórna glæsilegu listmunauppbóði í kvöld í Súlnasalnum.

Meðal verka sem boðin verða upp eru margar perlar: Níu verk eftir Kjarval, fjögur eftir Gunnlaug Scheving, tvö eftir Kristínu Jónsdóttur, þrjú eftir Nínu Tryggvadóttur, svo og verk eftir Ásgrím Jónsson, Jón Engilberts, Júlíönu Sveinsdóttur, Þorvald Skúlason, Gunnlaug Blöndal, Snorra Arinbjarnar, Svavar Guðnason, Karl Kvaran og Mugg. Þá verður boðið upp verk eftir Picasso. Alls verðabóðin upp um 140 verk.



Tryggvi segist aðspurður ekki vita hvernig standi á því að svo mikið framboð sé núna en verkin komi úr ýmsum áttum. Eitthvað sé um að verkin komi úr dánarþúfum sem gæti stutt þá kenningu að kynslóðin sem keypti meistarana í fyrstu sé að falla frá. Og markaðurinn muni sjá meiri dýrgripni en verið hefur. „Þetta gengur í sveiflum. En áhuginn hefur verið að aukast,“ segir Tryggvi í Fold sem heldur nú sitt fimmsta málverkauppbóð þetta árið.

Spurður um Picasso-verkið sérstaklega segir Tryggvi Páll það vera þrykk. „Já, þetta er grafík. Nei, ekki er það nú algengt að verk eftir Picasso séu á uppboði héraendis.“

Tryggvi Páll segir reyndar nokkuð um að grafíkverk eftir Picasso hafi verið á uppboðum í Danmörku. Og hann megi kaupa fyrir ekki ófyrstíganlegt verð í galleríum bæði í Frakklandi og Spáni.

„En vissulega er gaman að eiga verk eftir meistarann. Sjálfur á ég reyndar tvö þrykk eftir Picasso án þess að það komi þessu við. Þetta verk er nú bara í eigu einstaklings

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

30 1 2 3 4 5 6

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

17.00 **Kammerkór Akraness** heldur tónleika í **Hallgrímskirkju** í Saurbæ, **Hvalfjarðarsveit**. Á efnisskrá tónleikanna í Saurbæ eru verk eftir J. S. Bach sem kórinn flytur ásamt strengjasveit og einsöngvörum. Auk þess verður flutt falleg adventutónlist frá ýmsum tímum og má þar nefna meðal höfundu **Johann Eccard**, **Andrew Carter** og **Báru Grímsdóttur**. Einsöngvarar með kórnum eru þau **Laufey Geirsdóttir** sópran, **Jón Þorsteinsson** tenór og **Stefán Sigurjónsson** bassi. Stjórnandi er **Sveinn Arnar Sæmundsson**, organisti Akraneskirkju.

17.00 **Kór Háteigskirkju** heldur adventutónleika í Háteigskirkju. Fjölbreytt efnisskrá. **Hrönn Hafliðadóttir** syngur einsöng. Stjórnandi er **Douglas A. Brochie** og meðleikari **Fríðrik Vignir Stefánsson**. Aðgangur er ókeypis.

SÝNINGAR

11.00 Myndlistarkonan **Elena Fitts** sýnir verk sín á **Kaffi Sólon** í Bankastræti.

11.00 Myndlistarkonan **Sigrún Guðjónsdóttir, Rúna** sýnir verk sín í Hafarborg í Hafnarfirði. Á sýningunni Ofið úr þögninni má sjá verk unnin á pappír og steinflisar. Sýningin stendur til 30. desember.

10.00 Einkasýningu **Þórdísar Aðalsteinsdóttur** á **Kjarvalsstöðum** lýkur í dag. Sýningin **Því heyrir þó hvíslað að einhverjir muni komast af** er opin til kl. 17.

OPIÐ HÚS

10.00 Opið hús verður í **glerblástursverkstæðinu** á **Kjalarnesi** í Gestablaðarar eru **Jette Bøge Sørensen** og **Camilla Mikkelsen** frá Danmörku og munu þær, ásamt **Sigrúnu** og **Ólöfu Einarsdætrum** sýna glerblástur. Verkstæðið er staðsett milli **Klébergsskóla** og **Grundarhverfis** og stendur dagsskráin til kl. 15.

UPPÁKOMUR

13.00 **Gradualekór Langholtskirkju** verður með kökbasar milli kl. 13 og 15 í **Blómavali**, **Skútuvogi 3**. Ágóðinn mun renna í fyrirhugaða ferð kórsins til Slóveníu nk. vor. Þá mun kórinn syngja **jóla-lög** á staðnum. Velunnarar kórsins og aðrir eru hvattir til að mæta og kaupa heimabakaðar **tertur** og kókur um leið og þeir styrkja starf kórsins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



KOLATEIKNING EFTIR MUGG Þessi mynd verður boðin upp í kvöld, 30x26, kolateikning af ungri stúlku.

og hann hefur líklega eignast þetta þannig.

Uppboðshaldarinn snjalli segir erfitt að segja til um hvaða verk sem hann hefur boðið upp í gegnum tíðina sé dýrast. Verðlag sé hér svo breytilegt. En nefnir þó að nýverið seldi hann vatnslítmynd eftir Ásgrím á yfir fimm milljónir.

„Trúlega það dýrasta. Og, nei, Picasso-myndin fer örugglega ekki á það.“

Málverkið uppgert

Yfirlitssýningunni Málverkið eftir 1980 lýkur í Listasafni Íslands í dag. Dr. Halldór Björn Runólfsson, listfræðingur og aðstoðarsýningarstjóri sýningarinnar, verður með leiðsögn um sýninguna kl. 14 og mun hann fjalla um þróunina í myndlist tímabilsins út frá verkum listamannanna sem eiga þar verk.

Með sýningunni er í fyrsta sinn gerð heildarúttekt á þróun málverksins á tímabilinu frá 1980 til dagsins í dag. Frá opnun sýningarinnar 7. október hafa listamenn og fræðimenn fjallað um sýninguna og fjölmargir tekið þátt í fræðsludagskránni á sunnudögum, til dæmis með

leiðsögn og listamannaspjalli. Rúmlega 11.000 manns hafa gert sér ferð á sýninguna.

Sýningarsalir Listasafns Íslands verða því lokaðir frá 4.-14. desember vegna uppsetningar á næstu sýningu, Frelsun litarins / Regard Fauve, sem verður opnuð 15. desember.



SÝNINGARSTJÓRAR BREGÐA Á LEIK
Laufey Helgadóttir og Halldór Björn Runólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



RITHÖFUNDURINN BORIS PASTERNAK Þýddi leikrit Shakespeares um Lér konung.

Lér hjá Mír

Félagið Mír, menningartengsl Íslands og Rússlands stendur fyrir reglulegum kvikmyndasýningum í húsaáskynnum sínum við Hverfisgötu 105 og í dag er komið að stórvirki leikstjórans Grígoríj Kozintsév, Lér konungur.

Myndin er frá árinu 1970 en hún byggir á samnefndu leikriti Shakespeares sem rithöfundurinn Boris Pasternak þýddi á sínum tíma en þykir leikstjóra hafa tekist vel að höndla margslungið efni. Tónlistina samdi Dmitrí Shostakovítsj en eistlenski leikarinn Júrj Jarvet fer með titilhlutverkið.

Sýningin hefst kl. 15 í dag og tekur myndin rúma tvo tíma í flutningi.



Sýnt í lönd

Sun. 3. des. frá kl. 11-16 og
Fim. 7. des. 2 tímum fyrir sýningar.
Fös. 8. des. Sími 562 9700
Lau. 9. des. idno.is og midi.is
Sýningar kl. 20

Síðustu sýningar!



"Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri." S.A. TMM

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress STRAVINSKY
Frumssýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 - 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

GJAFAKORT Í ÓPERUNA - jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.



„SKYLDI HÆNA HAFI SÁL?“

MEIN KAMPF

ÓFAGRA VERÖLD	MEIN KAMPF
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort Fim 18/1 kl. 20 4. sýning Græn kort	Lau 9/12 kl. 20 Síðustu sýningar
AMADEUS	
VILTU FINNA MILLJÓN?	Í kvöld kl. 20 Sun 7/1 kl. 20 Síðustu sýningar
Fös 8/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20	Lau 30/12 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20
RONJA RÆNINGJADÓTTIR	
FOOTLOOSE	Í dag kl. 14 Lau 30/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14 Sun 7/1 kl. 14
Lau 9/12 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20	Lau 6/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20
JÓLALEIKRITID RÉTTA LEIÐIN	
BRILLJANT SKILNAÐUR	Barna og unglíngaleikhúsið Borgarbörn
Í kvöld kl. 20 Fös 29/12 kl. 20	Fös 8/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
BLÖÐBRÚDKAUP	
Nemendaleikhúsið sýnir Blöðbrúðkaup Í dag kl. 17 Mið 6/12 kl. 20	Í kvöld kl. 20 Miðaverð 1.500
SÖNGLIST NEMENDASÝNINGAR	
Í dag kl. 11:00 Mán 4/12 kl. 17:00	Í dag kl. 14:00 Mán 4/12 kl. 20:30
BROT AF ÞVÍ BESTA	
Fim 7/12 kl. 20 Rithöfundar lesa úr nýjum bókum. Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur	
Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is	

BORGARLEIKHÚSIÐ



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Kangoo



Master

Trafic

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi.

Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílum þínum. **B&L** atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

Renault er leiðandi merki atvinnubíla í Evrópu.

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.620.000

Verð frá kr. 1.301.205 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 24.896

Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

Renault Trafic

Verð frá kr. 2.280.000

Verð frá kr. 1.831.325 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 35.295

Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

Renault Master

Verð frá kr. 2.720.000

Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 42.024

Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.



ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

Nýtt fólk og nýir karakterar í Stelpunum

„Það var alveg rosalega skemmtilegt. Erfitt en skemmtilegt,“ segir Sævar Guðmundsson leikstjóri en nýverið lauk tökum á nýrri þáttaröð af gamanþáttunum Stelpurnar sem Sagafilm framleiðir fyrir Stöð 2.

Þetta er í fyrsta skipti sem Sævar leikstjóri Stelpunum en á liðnum árum hefur hann starfað sem auglýsingaleikstjóri, auk þess að leikstjóra stuttmyndum og þáttunum um Venna Páer sem er verið að sýna á Skjá einum. „Það er fyrst og fremst frábær kjarni sem stendur á bak við þessa þætti. Hópur sem gerir erfitt og annasamt verk létt og skemmtilegt, eða léttara í það minnsta,“ segir Sævar og er sáttur við afraksturinn.

Eitthvað er þó um ný andlit í Stelpunum í þessari nýju seríu þar sem Brynhildur Guðjónsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Nína Dögg Filippusdóttir og Steinn Ármann Magnússon eru ekki

lengur með. Í þeirra stað eru komin Helga Braga Jónsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir og strákarnir Sveppi, Auði og Pétur svo það er engin vöntun á grínurum frekar en fyrr. Sævar tekur fram að með viðbættum fyrri kjarna hafi þessi hópur unnið einstaklega vel saman. „Í raun er alveg sama hvaða vitleysingur er að leikstjóra þessum snillingum,“ segir Sævar í léttum tón. „Í nýju seríunni er samt ekki mikið um að fyrri karakterar snúi aftur, enda er alltaf lagt upp með að gera nýja og ferska hluti. Engu að síður vorum við að vinna með týpur og atriði í sama anda, með sama hómor og hefur þegar fallið svona vel í kramið hjá Íslendingum.“ Sævar er nú sestur við að klippa þættina og hefur gaman af. Stelpurnar fara í sýningu eftir áramót. - mg

TÖKUM LOKIÐ Á STELPUNUM Sævar Guðmundsson leikstjóri gerir allt klárt í næsta skot.



Stökkpallur fyrir hæfileikafólk

Heimasíðan Youtube.com er ein sú vinsælasta á netinu. Fjöldinn allur af fólki hefur hlaðið inn myndböndum á síðuna og reyna margir að vekja á sér eftirtekt og vona að þannig verði þeir uppgötvaðir með hjálp síðunnar.

Milljónir manna heimsækja heimasíðuna Youtube.com dag hvern. Síðan er botnlaus gleðigjafi og inniheldur hátt í milljón myndskæið, fólki til gagns og gamans. Myndskeiðin eru jafn mismunandi og þau eru mörg, en notendur síðunnar geta hlaðið inn

eigin efni, hvort sem það er viðurkennt skemmtiefni eða ómerkilegar heimaupptökur. Grínistinn Judson Laipply á Youtube alla



JUDSON LAIPPLY Yfir 36 milljón manna hafa skoðað myndskæið hans á Youtube sem er það allra vinsælasta frá upphafi.



DISNEY LÖGIN Hvert eitt og einasta Disney lag sem komið hefur út á íslensku undanförunum 15 árum má finna á youtube. Í flestum tilvikum eru það Disney-óðir Bandaríkjamenn sem hlaða upp myndskæiðunum.

sína velgengni að þakka en yfir 36 milljónir manna hafa skoðað sex mínútna myndband af uppstandi með honum, langvinsælasta myndskæið Youtube frá upphafi. Síðan að myndbandið sló í gegn á síðunni hefur ferill hans sem grínisti blómstrað, en áður leit hann á uppstandið sem áhugamál en ekki tekjulind og feril. Leikstjórnin

Kevin Smith sem leikstjóri meðal annars Clerks, Dogma, Mallrats og nú síðast Clerks 2 heldur því fram að youtube sé kjörinn stökkpallur til þess að koma hæfileikafólki framfærinnar á framfæri.

„Ef kvikmyndagerðarmenn eiga erfitt með að fá fólk til að sjá myndina sína, geta þeir skipt henni upp í sex kafla og sett hana á Youtube,“ segir leikstjórnin, en í dag er mjög algengt að sjálfstæðir kvikmyndagerðarmenn veki athygli á verkum sínum þannig.



KEVIN SMITH Segir að Youtube muni hrista upp í Hollywood.

„Þegar svo yfirmenn kvikmynda-veranna sjá myndina og hvort einhverjir hæfileikar búi að baki geta tilboðin hrannast inn,“ segir Smith enn fremur, en hann segir að netið sé eina leiðin til að koma sér áfram í dag, eins og Myspace-síðan hefur sýnt og sannað. En á Youtube skiptir ekki máli hvort maður sé tónlistarmaður, grínisti, leikstjóri eða leikari, lögmálið er einfalt, ef það er skemmtilegt og á ensku þá slær það í gegn. Pottþétt.

dori@frettabladid.is

Íslenskt á Youtube

Ef Íslandi er flett upp á síðunni Youtube.com þá finnst yfir 3.000 myndskæið. Mörg hver eru ómerkileg en inn á milli má finna gullmola.



XXX ROTTWEILER - SÖNN ÍSLENSK SAKAMÁL Myndband hljómsveitarinnar sem var tilnefnt til íslensku tónlistarverðlaunanna 2001, þrátt fyrir að hafa aðeins verið í spílun í nokkra daga. Myndbandið var bannað og hafa fáir fengið að njóta þess.



FALL UNNAR BIRNU Þó svo að það sé bannað að hlæja að óföllum annarra þá er ekki annað hægt hér. Unnur Birna dettur beint á trýnið á keppninni Ungfrú Island 2006.



QUENTIN TARANTINO Á ÁRAMÓTABRENNU Stutt myndskæið þar sem Quentin Tarantino sést á áramótabrennu í Vesturbænum. Tekið með myndavélarsíma.



SYKURMOLA-TÓNLEIKARNIR Í LAUGAR-DALSHÖLL Alla tónleikana, lag fyrir lag, má finna á síðunni, en tónleikarnir voru að sögn víðastaddra alveg stórkostlegir.



HEIMSMET BENEDIKTS MAGNÚSSONAR Kraftakappinn Benedikt Magnússon lyftir 410 kg í réttstöðu sem ku vera heimsmet.



BJÖRK Í SJÓN- VARPSPÆTTINUM MTV CRIBS Söngkonan Björk sýndi heimili sitt að Geirsgötu í sjónvarpsþættinum MTV Crips um árið. Skemmtilegur þáttur sem fór framhjá mörgum, en er hægt að sjá hér.



EVROVÍSIJÓN EINS OG ÞAÐ LEGGUR SIG Á Youtube er hægt að finna öll evróvisjón-atriði sem Íslendingar hafa sent í keppnina síðan árið 1986, þegar HLH-flokkurinn braut ísinn.

Grasrótargrínistinn

„Er hann svangur? Ég er nefnilega að sjóða pylsur ef hann vill,“ segir Steinþór Hrór Steinþórsson þegar blaðamaður segir honum að ljósmyndari sé á leiðinni til hans. Steinþór hefur slegið í gegn meðal netverja með gamansemi sinni undanförunum misseri, en með aðstoð Myspace og Youtube hefur hann dreift grínögum og sketsum við góðar undirtektir.

„Vinir mínir voru flestir í tónlist, en á því sviði hef ég takmarkaða hæfileika og áhuga. Svo á meðan þeir vinna að list sinni og reyna að koma henni á framfæri, geri ég það sama með grínið mitt,“ segir Steinþór um hvernig gamanið hafi þróast og æxlást. Steinþór er 22 ára gamall, búsettur í Mosfellsbæ og hefur starfað við fjölmiðla síðastliðin ár. Í sumar ritstjórnir hann tímaritinu Flass og var einnig með útvarpsþátt á samnefndri stöð. Í haust sagði hann skilið við útvarpsstöðina til þess að starfa í kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur, Veðramót. „Kvikmyndagerðin heillar mig mikið og er það sem ég vil læra. Núna er ég að skrifa handrit að stuttmynd samhljóða því að skrifa í bæklingi hér í Mosó,“ segir Steinþór en um hríð gaf hann út sitt eigið blað í Mosó.

Af íslensku gríni eru það þeir Tvíhöfða-frændur sem standa upp úr að mati Steinda, en annars hlær hann mest að vitleysunni í félögum sínum. „Mér finnst vanta meira af íslensku gríni, við eigum alveg nóg af skemmtilegu fólki,“ segir hann alvarlegri en áður. „Hei, ég verð að hætta, pylsurnar eru farnar að sjóða upp úr, illa séð sko,“ og þannig lýkur viðtalinu. Þeim sem hafa áhuga er bent á að fara á myspace.com/steindijr eða fletta nafninu upp á Youtube. - hal



STEINÞÓR HRÓAR STEINÞÓRSSON Vinnur að gríninu sínu eins og aðrir listamenn að sinni iðu.

ÖLL MYNDBÖNDIN Í EINUM PAKKA
METALLICA
THE VIDEOS 1989-2004

KEMUR Í VERSLANIR 4. DES!

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS BTC MDF A NUMERID 1900 OG ÞU GÆTIR UNNIÐ EINTAK!

Vinningar eru Metallica the best of videos • Aðrir DVD með Metallica Geislaþlötur með Metallica • Aðrar geislaþlötur • DVD myndir og margt fleira

VINSÆLASTA TÓNLISTIN Í DAG!

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK AF VINSÆLUSTU TÓNLIST LANDSINS Í NÆSTU VERSLUN!



100 íslensk jólalög



Sálin og Gospel - Lifandi í Laugardalshöll




Bubbi - 060606




Friðrik K. ásamt Þórunni Lár. - Álfar og fjöll



Baggalútur - Jól & blíða



Óskar Pétursson - Ástarsól



The Beatles - Love



Stóra Stundin ykkar



Lay Low - Please don't hate me

Á blússandi uppleið!



Björgvin og Símfó




U2 - 18 Singles



Ampop - Sail to the moon

TÓNLISTINN 2006			
47. VÍKA			
Nr.	Var. vikur	Diskur	Flytjandi
1.	1.	100 íslensk jólalög	Flytjandi
2.	20.	2. Sálin og Gospel	Yfira
3.	3.	3. 06.06.06	Sálin og Gospelkór Rvk.
4.	10.	4. Álfar og fjöll	Bubbi
5.	6.	5. Jól & blíða	Friðrik K. & Þórunni Lár
6.	Nr. 1	6. Baggalútur	Ragnheiður Grindal
7.	21.	7. Ástarsól/Yng Gunnars Þórðar	17 tónur
8.	4.	8. Love	Baggalútur
9.	Nr. 1	9. Stóra stundin ykkar	Nylon
10.	Nr. 1	10. Lay Low	Óskar Pétursson
11.	3.	11. Björgvin og Símfó	Believer Music
12.	1.	12. U2 - 18 Singles	Sena
13.	1.	13. Ampop - Sail to the moon	Sena

Góða skemmtun um jólin ▶



Nýtt í bíó
Jólamyndin 2006

Hátíð í bæ
Deck the Halls
Frá þeirri ljófskylda- og gamanmynd sem kemur öllum í gott jólahjálpi!

CASINO ROYALE
★★★★★ P.P., FBL
M.M.J. kvikmyndir.com
★★★★★ BLADID
★★★★★ V.J.V. TOPPS.IS

THE NATIVITY STORY
LEIÐIN TIL BETLEHEM
STÓRKOSTLEGASTA SAGA ALLRA TÍMA LIFNAR HÉR VIÐ Í STÓRBROTINNI MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF. UPPLIFID HINA SÖNNU MERKINGU JÓLANNA

SKÓGARSTRÍÐ
OYRIN TAKA VOLDINI!
MED ISLENSKU OG ENSKU TALI

MYRIN
5 EDDUVERÐLAUN
BESTA MYND
BESTI LEIKARI
BESTI LEIKSTJÓRNIN
BESTI AUKALEIKARINN
OG BESTA TONLISTIN
(MUGISON)

BORAT!
ERU ÞU TILBÚÐIN FYR EINA
FYNDUSTU MYND ALLRA TÍMA?

SAW
ALLS EKKI FYRIR
VIÐKVÆMA
HVERSU LANGT MYNDIR
ÞU GANGA TIL AD HALDA LÍFI?

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000
HÁTÍÐ Í BÆ kl. 2, 3, 4, 5, 5, 8 og 10.10
PULSE kl. 10.20 BL. 16 ÁRA
CASINO ROYALE kl. 5, 8 og 11 BL. 14 ÁRA
SYND Í LÚXUS kl. 2, 5, 8 og 11
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL kl. 2 og 4
OPEN SEASON ENSKT TAL kl. 2 og 3.50
BORAT kl. 6, 8 og 10 BL. 12 ÁRA
MYRIN kl. 5.40 og 8 BL. 12 ÁRA

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000
HÁTÍÐ Í BÆ kl. 3, 5, 5, 8, 10.10
THE NATIVITY STORY kl. 5.50, 8 og 10.10 BL. 7 ÁRA
PULSE kl. 10.15 BL. 16 ÁRA
CASINO ROYALE kl. 3, 6 og 9 BL. 14 ÁRA
MYRIN kl. 3, 6 og 8 BL. 12 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL kl. 3

Borgarbíó SÍMI 462 3500
HÁTÍÐ Í BÆ kl. 2, 4 og 6
SAW III kl. 8 og 10* BL. 16 ÁRA
CASINO ROYALE kl. 6 og 9 BL. 14 ÁRA
MYRIN kl. 4 BL. 12 ÁRA
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL kl. 2
*KRAFTSÝNING

450 kr. í bíó!
Gættu á allar sýningar
Með þessu korti færstu
450 kr. í bíó!
með þessu korti færstu
450 kr. í bíó!

mid.is | EGO | X | ALPARAKKA SAMBÍÓIN | Borgarbíó | BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

SAW
ALLS EKKI FYRIR
VIÐKVÆMA
HVERSU LANGT MYNDIR
ÞU GANGA TIL AD HALDA LÍFI?
BLÓÐBADIÐ ER HAFIÐ


SKÓGARSTRÍÐ
Frá harrísöndum
Sýnd kl. 2, 4, 6 og 8 ENSKT TAL
Sýnd kl. 2, 4 og 6 ÍSL. TAL

CASINO ROYALE
Sýnd kl. 8 og 10.20-POWER bl. 16
Sýnd kl. 2, 4 og 6 ÍSL. TAL

BORAT!
Sýnd kl. 10.40 bl. 12
Sýnd kl. 2 og 4 ÍSL. TAL

SKÓGARSTRÍÐ
Sýnd kl. 2 og 4 ÍSL. TAL
MIDASALA ÖPNAR KL. 1.30

450 KR. Í BÍÓ!
Gættu á allar sýningar
Með þessu korti færstu
450 kr. í bíó!



SAW

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA FSA
Á NÚMERIÐ 1900 OG
ÞU GÆTIR UNNIÐ MIÐA!
VINNINGAR ERU MIÐAR FYRIR TVO Á SAW 3
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, FULLT AF PEPSI
OG MARGT FLEIRA

WALKMAN SMS LEIKUR

EGO X ALPARAKKA SAMBÍÓIN Borgarbíó



LINDSAY LOHAN Féll í gryfju eiturlyfja og áfengis eins og margar aðrar barna- stjórnmur hafa gert en er nú að reyna að snúa blaðinu við.

Komin í AA

Leikkonan unga Lindsay Lohan hefur nú sést mæta á AA-fundi. Lohan fannst á hótélherbergi sínu fyrir skömmu þar sem hún var meðvitundarlaus eftir ofneyslu áfengis og vímuefna. Fjölskylda stúlkunnar hefur lýst yfir áhyggjum sínum á villtu lífferni stúlkunnar og hefur móðir hennar nú flutt til Los Angeles til að hjálpa Lohan. Nú hefur Lohan tekið sig á og mætt á fundi í viku og vonast til að það hjálpi sér til að hætta að neyta vímuefna. Ferill leikkonunnar er í hættu þar sem hún er komin með svartan blett á orðspor sitt vegna partíllíffernis og fékk áminningu fyrir að vera alltaf of sein í tókur á síðustu mynd sinni í sumar.

700 kr. miðinn ef greitt er með MasterCard dagana 1.-7. desember

Ein þekktasta saga mannkynssögunnar lifnar við í stórbrotinni mynd sem fylgir Mariú og Jósef eftir frá Nasaret til Betlehem. Mikið var lagt í að gæða myndina raunsæi og fjölmargir sérfræðingar fengnir til aðstoðar við gerð myndarinnar. Sú vinna hefur skilað sér í magnþunginni og fallettri mynd sem segir söguna af fæðingu frelsarans.

REGNBÖGINN | AKUREYRI SAMBÍÓIN

Meira á www.kreditkort.is/klubbar

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ bara lúxus

Ódýrt í bíó


ATH. SÝND KL. 2

SKÓGARSTRÍÐ
FLUSHED AWAY

SKÓGARSTRÍÐ

450 kr. á 2 sýningar


SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum



HAGATORGI • S. 530 1919 www.haskolabio.is

UPPLIFID HINA SÖNNU MERKINGU JÓLANNNA

NATIVITY STORY	kl. 3:40-5:50-8-10-10	B.16	BÖRN	kl. 4-6	B.12
MYRIN	kl. 4-6-8-10-10	B.12	SCANNER DARKLY	kl. 10:40	B.16
THE DEPARTED	kl. 8	B.16			



- ÍTÖLSK KVÍKMYNDAHÁTÍÐ -
23. NÓV - 3. DES. SÝNINGARTÍMAR

Posto dell'anima, II (staður sálarinnar) kl. 3:40
Zeder (hefnd hinna dauðu) kl. 5:50
Posto dell'anima, II (staður sálarinnar) kl. 8
Uomo in più, L' (honum er ofaukió) kl. 10:10

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			SAMBÍÓ / KEFLAVÍK			SAMBÍÓ / AKUREYRI		
SAW 3	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.16	THE GRUDGE 2	kl. 10:30	B.16	SKOLAD Í BURTU	kl. 2 - 4	Leyð	SKOLAD Í BURTU	kl. 2 - 4	Leyð
SAW 3 VIP	kl. 8 - 10:30		JÓNAS	kl. 1:45 - 3:40	Leyð	FLUSHED AWAY	kl. 6	Leyð	FLUSHED AWAY	kl. 6 - 8	Leyð
SKOLAD Í BURTU	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	Leyð	FLY BOYS	kl. 8	B.12	SANTA CLAUSE 3	kl. 8	Leyð	THE GRUDGE 2	kl. 10	B.16
FLUSHED AWAY	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Leyð	THE DEPARTED VIP	kl. 2 - 5		THE GRUDGE 2	kl. 8 - 10:20	B.16	SANTA CLAUSE 3	kl. 2 - 4 - 6	Leyð
SANTA CLAUSE 3	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10	Leyð	BÆJARHLADID	kl. 1:45 - 4	Leyð	THE DEPARTED	kl. 10	B.16	THE LAST KISS	kl. 8	Leyð
CASINO ROYALE	kl. 6 - 9	B.14	ÖBYGGÐIRNAR	kl. 1:30	Leyð	BÆJARHLADID	kl. 4	Leyð	ADRIFT	kl. 10:15	B.16

Safnplata frá Ladda

Skemmtikrafturinn Laddi gefur á næstunni út tvöföldu safnplötuna Hver er sinnar kæfu smiður. Platan hefur að geyma öll vinsælustu lög hans, auk hinna ýmsu grínatriða sem hann hefur gefið út. Alls er að finna fimmtíu mismunandi upptökur á plötunum tveimur, þar á meðal lög með HLH-flokknum og efni frá Halla og Ladda.

„Ég fór að spekulera því ég á stórafmæli í janúar og þá datt mér þetta í hug,“ segir Laddi, sem verður sextugur á næsta ári. „Mér fannst allt í lagi að nota þetta tækifæri enda kominn tími á þetta.“

Laddi hefur verið mjög afkastamikill



á ferli sínum. Hann hefur gefið út um þrjátíu plötur og hefur hann 22 sinnum náð gullsólu og tvisvar plátínusölu.

Laddi leikur um þessar mundir í Viltu finna milljón? og Ronju ræningjadóttur í Borgarleikhúsinu auk þess sem æfingar eru nýhafnar á leikritinu Ó fagra veröld eftir Anthony Neilson í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Verður það frumsýnt milli jóla og nýárs. Þess á milli hefur Laddi verið með uppstand sem hefur vakið mikla lukku.

LADDI Skemmtikrafturinn Laddi er að gefa út safnplötuna Hver er sinnar kæfu smiður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á flakki frá fæðingu



Á veggjum kaffihússins Babalú á Skólavörðustígnum gefur nú að líta teikningar eftir Steindór Walter Þorgeirsson. Þetta er fyrsta sýning hans hér á landi, en hann hefur áður sýnt í Amsterdam og Danmörku. „Ég er fæddur á Íslandi, ólst upp í Róm, var í námi í Bretlandi og hef eiginlega verið á flakki frá fæðingu,“ sagði Steindór. Hann hefur þó alltaf snúið aftur til Íslands inn á milli.

Blekteikningar Steindórs bera vitni um mikla nákyæmni, enda segist hann taka sérstaklega eftir smáatriðum. „Ég nota líka minnstu gerð af penna sem ég hef fundið. Hann fæst ekki hér á landi svo ég fæ hann sendan til mín,“ sagði Steindór. „Þetta er eiginlega hugleiðsla með öllum þessum smáatriðum,“ sagði hann. Þó að teikningarnar hafi alltaf verið áhugamál getur Steindór þó sagst hafa haft lífibraud af þeim. „Ég gekk í gegnum Evrópu fyrir tveimur árum og þá gerði ég það stundum að röлта inn á einhvern stað og biðja um mat eða kaffi í skiptum fyrir mynd. Það virkaði ágætlega,“ sagði Steindór.

Sýningin á Babalú varir til 4. desember, en Steindór áformar að halda einhvern veginn upp á lokunina þar sem ekki fór mikið fyrir opnunartítt.

STEINDÓR WALTER ÞORGEIRSSON Bauð myndir í skiptum fyrir mat á göngu sinni um Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Sparbíó* — 450kr

SKOLAD Í BURTU 3 M/ ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK OG KEF.

JÓLASVEINNINN 3 M/ ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK OG KEF.

JÓNAS, SAGA UM GRÆNMETI M/ ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

BÆJARHLADID M/ ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

ÖBYGGÐIRNAR THE WILD Sýnd með íslensku tali

ÖBYGGÐIRNAR M/ ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

Sparbíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

Frá framleiðendum **SHREK** og **MADAGASCAR**

SYND BÆDI MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

DREAMWORKS & AARDMAN

Skolad í Burtu
Flushed Away

KOMIN Í BIÓ

BRITISH AIRWAYS LAUGARAS BÍO SELFÓSS BÍÓ SAMBÍÓ REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

> Öruggt hjá Gummersbach

Lærisveinar Alfreds Gíslasonar hjá Gummersbach gerðu góða ferð til Rússlands í gær þar sem þeir lögðu rússnesku meistarana í Cheovski Medvedi með sex marka mun, 31-37. Þetta var fyrri leikur liðanna í sextán liða úrslitum keppinnar og Gummersbach er því nokkuð öruggt með að komast áfram í átta liða úrslitin. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta mörk fyrir Gummersbach, Róbert Gunnarsson þriggju og Guðlaugur Arnarsson eitt en hann stóð vaktina í vörninni einnig mjög vel. Það var ekki sama reynsla yfir leik lærisveina Viggós Sigurðssonar í Flensburg sem töpuðu með tíu mörkum í Celje, 41-31, gegn Celje Lasko.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ HRAFNHILDI SKÚLADÓTTUR

SEKÚNDUR

Ísland er ... Stress.

Danmörk er... Æðisleg.

Ísland eða Danmörk? Danmörk.

Júmbó eða smörrebröd? Þessi er erfið. Ég er mikið fyrir bæði en segi smörrebröd.

Handbolti er ... Frábær.

Ef ekki handbolti þá ... Væri ég ófrísk.

FH-ingur eða Valsari? ÍR-ingur.



Fyrirmynd í handboltanum? Margar, t.d. Anja Andersen, Alfred Gísla, Kristján Ara og Júlfi.

U2 eða Pearl Jam? Stórdúettinn Knoll og Tott.

Bold eða Neighbours? Bold.

Te eða kaffi? Hvorugt.

Ertu farin að hlakka til jólanna? Rosalega mikið.

Eitthvað að lokum? Meira helvíti, meira pönk.

Júlíus Jónasson:

Getum keppt við svona lið

HANDBOLTI „Við vissum að þetta yrði erfitt. Spilamennskan var góð á köflum. Við vorum samt stundum að klicka á einföldum atriðum varnarlega en það var mikil barátta og vilji. Við töpuðum og maður er aldrei ánægður með að tapa,“ sagði Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari. „Við vitum að Rúmenía er eitt af 3-4 bestu liðum í heimi og auk þess vorum við á útivelli í þessum leik. Við sýndum samt að við getum alveg keppt við svona lið en við megum ekki gleyma okkur eina einustu mínútu því þá verður okkur refsað.“ - dsd

RÚMENÍA-ÍSLAND 39-28

Mörk Íslands (skot): Ágústa Edda Björnsdóttir 6 (10), Hrafnhildur Skúladóttir 4 (7), Hanna G. Stefánsdóttir 3 (4), Dagný Skúladóttir 3 (6), Jóna Margrét Kristinsdóttir 3 (8), Rakei Dögg Bragadóttir 3/3 (10/3), Harpa Melsted 2 (2), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (2), Guðbjörg Guðmannsdóttir 1 (3), Eva Margrét Kristinsdóttir 1 (4).

Vari skot: Íris Björk Símonardóttir 9/1, Berglind Íris Hansdóttir 3.

Hraðauppþróaðir: 4 (Harpa 2, Hanna, Dagný).

Fiskuð viti: 3 (Rakei, Hanna, Hrafnhildur).

Utan valla: 10 mínútur.

Stórt tap gegn sterku liði Rúmena

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta tapaði fyrir Rúmenum með ellefu mörkum í gær, 28-39. Rúmenar eru með eitt sterkasta landslið heims og liðið sýndi af hverju í síðari hálfleik.

HANDBOLTI Ísland tapaði sínum öðrum leik í undankeppni HM í handbolta kvenna þegar liðið tapaði fyrir feiknasterku liði Rúmena, 28-39. Íslenska liðið lék vel í fyrri hálfleik og stóð vel í þeim rúmensku en það dugði þó ekki til og vonir liðsins um að komast á heimsmeistaramótið sem fram fer í Frakklandi á næsta ári því úr sögunni.

Það var allt annað að sjá til íslenska liðsins í fyrri hálfleiknum í gær heldur en gegn Portúgal og greinilegt að íslensku stelpurnar voru staðráðnar í að gera betur gegn Rúmenum. Rúmenska liðið fékk góðan stuðning frá heimamönnum og sú stemning sem var á vellinum virtist fara vel í okkar stelpur.

Ísland byrjaði leikinn betur og náði þriggja marka forskoti strax í upphafi, 7-4. Þá vögnuðu rúmensku stelpurnar til lífsins og náðu að jafna leikinn.

Rúmenar náðu smátt og smátt



KOMIN Í GEGN Hanna Guðrún Stefánsdóttir skorar hér eitt þriggja marka sinna í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/THI JOVANOVIC

forystu í leiknum en íslenska liðið var aldrei langt undan. Staðan í hálfleik var 16-19, heimamönnum í vil og íslenska liðið búið að eiga skínandi góðan fyrri leik.

Síðari hálfleikur byrjaði eins og sá fyrri endaði, Rúmenar höfðu yfirhöndina en íslenska liðið var aldrei langt undan.

Það var engu líkara en að allur

móður væri úr heimamönnum á áhorfendapöllum eftir mótlaeti íslenska liðsins því það var nánast grafarþögn í húsinu fyrstu fimmtán mínútur síðari hálfleiks.

Um miðjan síðari hálfleik vögnuðu þó bæði rúmensku leikmennirnir og stuðningsmenn þeirra á pöllunum til lífsins á meðan lítið gekk í sóknarleik íslenska liðsins. Markvörður Rúmenanna fór að verja vel og auk þess fóru margar sendingar íslenska liðsins í súginn og við það fengu Rúmenar ófá hraðauppþróað sem erfitt var að ráða við. Rúmenía fór að lokum með öruggan sigur af hólmí, 28-39.

Íris Björk Símonardóttir átti ágætan síðari hálfleik en af útleikmönnum átti Ágústa Edda Björnsdóttir fínan leik.



FORKEPPNI HM
.....
DAGUR SVEINN DAGBJARTSSON
skrifar frá Rúmeníu
dagur@frettabladid.is

Sjá dagar koma ...

Verðlaunamyndir úr ljósmyndasamkeppni Eimskíps



Jökulsá á Brú • Sveinbjörg Sveinsdóttir



Frá Hólmi á Mýrum • Arngrímur Sigmarsson



Slitlag á Þjóðvegi 1 • Sveinr Guðfinnsson



Hverarönd við Námaskarð
Amar Már Hall Guðmundsson



Skipsskrokkur í Reykjavíkurhöfn
Arngrímur Sigmarsson



Frá Möðrudalsræfum • Vilhelm Gunnarsson



Við Leiruna í Garði • Oddgeir Karlsson



Úr Námaskarði • Sigrún Guðjónsson



Á Holtavörðuheidi • María Björk Steinarsdóttir



Við Reykjavíkurhöfn • Arngrímur Sigmarsson



Sólfarið (Jón Gunnar Árnason, 1990)
Sigrún Þorvaldardóttir



Frá Látrabjargi • Bjarki Lúðvíksson

Fyrir þessu ári efndi Eimskíp til ljósmyndasamkeppni í samvinnu við Ljósmyndarafélag Íslands – um myndir á dagatal Eimskíps 2007. Þemað var: Þjóðbrautir fyrr og nú – eða samgöngur í sinni víðustu mynd.

Hér getur að líta þær 12 myndir sem dómnefndin valdi en hana skipuðu fulltrúar frá LÍ, Eimskíp og Himni og hafi. Þess má geta að dómnefndinni var mikill vandi á höndum, þar sem alls bárust yfir 400 myndir í samkeppnina.

Eimskíp þakkar öllum þeim sem sendu inn myndir í samkeppnina.

EIMSKIP

Unnt er að nálgast dagatalið í afgreiðslu Eimskíps að Kornagördum 2 og á öðrum afgreiðslustöðum Eimskíps um land allt.

SONY

Gift

KDL32U2000
SONY 32" LCD SJÓNVARP U2000
Týpa: KDL32S2000 LCD vegg sjónvarp
Skjástærð: 32 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
PIP - myndfrystimöguleiki
Borðstandur með snúningi fylgir
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 450



139.999,-

11.666,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

Kauptu sony hjá sony

varan
alltaftil



SONY ALPHA D-SLR
Stafræn Repex myndavél frá Sony
10 megapixlar (APS-C CCD)
Alpha-mount notar Sony og A-mount
Minolta linsur
Hristivörn á myndpögu

99.950,-



Sony CyberShot DSC-W70
7.1 Megapixla Super HAD CCD
myndpaga
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
3x optical aðdráttur
2.5" LCD litaskjár

fulgir

256MB minniskort
512MB minniskort
Taska

49.950,-



Sony HandyCam DCR-HC46
1.0 Megapixla CCD myndflaga
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
12x aðdráttur um linsu

fulgir

Pinnacle Studio 9
Auka rafhlaða, ferða
hleðslutæki, taska og
6 DV spólur

69.950,-

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ

RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR

Stefnir á að spila handbolta í Danmörku

Rakel Dögg Bragadóttir er tvímælaust ein efnilegasta handboltakona landsins en þessi tvítuga stelpa var fyrst valin í A-landslið Íslands þegar hún var 17 ára gömul. *Dagur Sveinn Dagbjartsson* settist niður með Rakel Dögg í Rúmeníu þar sem íslenska landsliðið leikur í undankeppni HM þessa dagana og ræddi við hana um handboltann, æskuárin, námið og fleira.

Rakel Dögg Bragadóttir ætti að vera flestum handboltaunnum að góðu kunn. Hún leikur handbolta með Stjórnunni í Garðabæ og er lykilmáður í liði þeirra. Rakel Dögg er tvítug og mjög áberandi á velli, en þessi hávaxna og myndarlega stúlka ber sig einkar tignarlega á vellinum og vekur auk þess athygli hvar sem hún kemur fyrir vinalega og hlýlega framkomu.

Stjarnan hefur alltaf verið félagið hennar Rakelar og hún hóf ung að æfa handbolta með félaginu. „Ég var sjö ára þegar ég fór á fyrstu æfinguna en ég byrjaði að æfa þegar ég var níu ára. Við fluttum til Danmerkur þegar ég var átta ára en þegar ég kom aftur tæpu ári síðar voru allar stelpurnar í bekknum byrjaðar að æfa og þá byrjaði ég líka,“ sagði Rakel en hún reyndi fyrir sér í mörgum íþróttagreinum á sínum yngri árum.

Var efnileg í skák

„Ég var lengi í fótbolta og svo hef ég prófað fimleika, badminton og skák. Ég veit reyndar ekki hvort það telst íþrótt en ég var samt efnileg í skák,“ sagði Rakel og hló. „Svo hef ég prófað körfubolta og sund líka en ekkert af neinu viti þó.“

Rakel sagði að handboltinn hafi einfaldlega átt best við sig. „Mér fannst þetta bara svo skemmtilegt og ég fann það eiginlega bara strax. Frá því að ég byrjaði að æfa með öllum stelpunum í bekknum mínum þá hefur þetta legið svo vel fyrir mér og fann það strax að þetta var rétta íþróttin fyrir mig. Þó að ég hafi alltaf verið í fótbolta þá vissi ég alltaf að ég myndi velja handbolta. Mér finnst þetta bara svo skemmtileg og spennandi íþrótt.“



HRESS OG KÁT Rakel sést hér á göngu í Rúmeníu með vinkonu sinni, Elísabetu Gunnarsdóttur.

Herdís Sigurbergssdóttir var fyrsti þjálfari Rakelar og hún var einnig helsta fyrirmynd Rakelar þegar hún var að byrja í handbolta. Rakel sagði einnig að hún hafi alltaf litið upp til Hrafnhildar Skúladóttur sem nú er samherji hennar í landsliðinu.

Að leika með landsliðinu er gamall draumur. „Ég hef alltaf stefnt að þessu frá því ég byrjaði og mig langaði alltaf að fara í A-landsliðið. Ég var líka ótrúlega ánægð þegar kallið kom. Mér finnst þetta líka mikill heiður, að spila fyrir hönd þjóðarinnar. Maður lærir líka svo margt í þessum ferðum og sér svo marga ólíka hluti. Maður lærir líka að meta Ísland betur.“

Það er líka gaman að kynnst svona mörgum stelpum í kringum þetta allt saman. Eins og þegar ég byrjaði í unglingalandsliðinu á sínum tíma, þá var maður allt í einu liðsfélagi stelpnanna sem maður spilaði alltaf á móti. Maður þoldi eiginlega ekki að spila á móti þeim en svo voru þetta bara skemmtilegar stelpur. Ég hlakka líka alltaf rosalega til að fara í þessar ferðir og það heldur manni oft gangandi ef það kemur einhver smá niðursveifla hjá manni,“ sagði Rakel sem á u.þ.b. 30 A-landsleiki að baki fyrir Íslands hönd en hún var ekki nema 17 ára gömul þegar hún var fyrst valin í A-landslið Íslands.

Góður félagsskapur

Rakel bætti einnig við að hún hafi eignast margar af sínum bestu vinkonum í gegnum handboltann. „Allar þær stelpur sem fóru með mér í gegnum alla yngri flokkana eru góðar vinkonur mínar,“ sagði Rakel og eftir að hafa fylgst með landsliðinu í Rúmeníu undanfarna daga finnst undirrituðum augljóst að Rakel og Eva Margrét Kristinsdóttir, leikmaður Gróttu, nái mjög vel saman utan vallar.

„Ég og Eva vorum saman í yngri landsliðunum og náðum strax vel saman. Við erum svipaðar persónur og erum kannski jafn mikil fífl. Við erum alltaf að fíflast eitthvað saman.“

Rakel sagðist eiga margar góðar minningar frá landsliðsferðum í gegnum árin. „Ferðin til Makedóníu síðasta vor er t.d. mjög eftirminnileg. Við spiludum í stóru íþróttahúsi og það voru eitthvað um fjögur þúsund áhorfendur á leiknum. Það voru því lík læti á leiknum, við þurftum lögreglu-fylgd, það var verið að hrækja inn



ÁKVEÐIN Rakel Dögg brýst hér af harðfylgi í gegnum vörn Portugal í öðrum leik íslenska liðsins í Rúmeníu. Sá leikur tapaðist því miður og gerði út um möguleikana á að komast áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/TÍHI JOVANOVIC

á völinn og maður var eiginlega hálf hræddur.

Ferðin til Tékklands var líka frábær upplifun, þegar við komumst loksins á stórmót. Að sjá úrslitaleikinn á milli Rússlands og Noregs var ótrúlega mikil upplifun. Þær eru svo góðar þessar stelpur. Við vorum þarna í tvær vikur og þarna var spilaður heimsklassa handbolti.“

Rakel stundar nám í hagfræði við Háskóla Íslands og er á öðru ári í því námi, en auk þess að vera í skóla þjálfar hún 4. flokk í handbolta hjá Stjórnunni. „Hagfræði er svo sem ekkert sem ég hef stefnt að lengi. Ég datt eiginlega bara inn á þetta af því að fjölskyldan mín er svo mikið í þessu. Bróðir minn, pabbi minn og frænka mín eru öll í þessu. Ég var alltaf ákveðin í að fara beint í háskóla eftir stúdentsprófið og þegar bróðir minn fór í þetta og

fór að tala um þetta þá fékk ég áhuga á þessu.“

Ég ætlaði alltaf að verða læknir eða flugmaður eða eitthvað því um líkt þegar ég var lítil en ég valdi hagfræði. Ég er líka mjög ánægð með það, þetta á vel við mig og ég er mjög ánægð í þessu námi,“ sagði Rakel sem kláraði stúdentspróf frá Fjölbautaskólanum í Garðabæ á þremur árum.

„Mig langar mikið að fara út til Danmerkur eftir háskólann og taka framhaldsnám þar. Mig langar líka að spila handbolta þar. Ég bjó þar um tíma og kannast vel við mig. Svo fær maður sér bara góða vinnu þegar þar að kemur. Ég er ekkert að flýta mér í þeim efnunum,“ sagði Rakel en hún er staðráðin í að klára námið hér heima áður en hún fer til Danmerkur að spila handbolta eins og stefnan er hjá henni.

Yngst þriggja systkina

Rakel Dögg er yngst þriggja systkina en hún á tvo eldri bræður. „Yngsta prinsessan fékk mikla vernd og mikla stríðni líka. Ég fékk alveg að finna fyrir því og það er kannski þess vegna sem ég er svona hörð í dag,“ sagði Rakel glöð í bragði og bætti við að hún hafi fengið gott uppeldi.

„Ég er mjög ánægð með það. Ég fékk ekki mjög strangt uppeldi. Foreldrar mínir treystu mér alveg til þess að koma heim á réttum tíma og ég held að það hafi í rauninni gert mig miklu samviskusamari og ábyrgðarfullri. Ef þau sýna mér mikið traust þá sýni ég þeim að ég get staðið undir því trausti. Bræður mínir áttu líka alveg þátt í uppeldinu. Ég lít mikið upp til foreldra minna og þau er miklar fyrirmyndir í mínu lífi,“ sagði þessi einkar geðgóða stelpa að lokum.

SUNNUDAGSPENNINN EINAR LOGI VIGNISSON

Glæsímennið sem lék sig lélegan

Ítalir kalla hann Canna. Í senn stytting á nafni hans og tilvísun í tvennt. Annars vegar sykurreysstafinn sem bognar en brotnar ekki. Þykir lýsa ódrepanði baráttugleði hans.

Hins vegar orðatiltækið „povero in canna“ sem merkir bláfátækur og er vísun í uppruna hans í hinni snauðu borg Napólí. Þegar Fabio Cannavaro tók á móti verðlaunum sínum sem besti knattspyrnumaður Evrópu í vikunni til einkaði hann þau fátækum börnum Napólí með von um að aðstæður þeirra bötnuðu.

Þótti lýsa hjartalagi landsliðsfyrirliðans sem alltaf hefur fyrst og fremst litið á sig sem Napólímann og margsinnis sagt að ekkert annað komi til greina en að ljúka ferlinum með Napólí. Helst með bróður sinn Paolo sér við hlið í vörninni og að sjálfsögðu verði Napólí þá komið á sinn réttmæta stað í deild hinna bestu, Serie A.

Varnarmenn vanmetnir

Fabios Cannavaro býða sennilega önnur verðlaun innan skamms, verðlaunin sem FIFA veitir besta leikmanni ársins. Þar etur hann kappi við Zidane og Ronaldinho en er laus við samkeppni lands síns Buffons sem varð í öðru sæti á eftir honum í vali France Football.

Öll Ítalía því að baki hans en menn skiptust í tvö nokkuð jöfn horn í stuðningi sínum við Buffon og Cannavaro þegar misvísandi fréttir birtust um hvor þeirra hefði verið valinn. Báðir enda þjóðhetjur og að auki fannst mönnum tími til kominn að varnarmaður eða markvörður yrði heiðraður.

Ítalir fást mikið yfir því að hvorki Paolo Maldini, Franco Baresi né Dino Zoff hafi hlotið verðlaunin á glæstum ferli. En sóknarmenn hafa alltaf dómínerað þetta val. Lev Yashin eini markvörður-

inn og Josef Masopust, Franz Beckenbauer og Mattias Sammer einu varnarmennirnir sem valdir hafa verið. Val Sammers þykir Ítölum alltaf jafn kjánalegt enda átti hann fá góð ár þótt hann hafi grísað á flotta leiki með Evrópu-meistaraliði Djóðverja 1996.

Sloppinn úr syndinni

Það kann að hafa veitt Cannavaro forskot umfram Buffon að hann er farinn frá hinu synduga liði Juventus. Því eftir mútuhneykslið mikla vill enginn kannast við stórkostlegan leik félaganna í meist-araliði síðasta vors. Vilja einblína á HM.

Þar var Buffon frábær en Cannavaro ef eitthvað er enn betri auk þess að vera fyrirliðinn sem tók á móti styttni og fékk myndirnar af sér á forsíður blaðanna um allan heim. Jafnframt held ég að það hafi hjálpað Cannavaro að menn hafi hreinlega ekki gert sér

grein fyrir því almennilega á alþjóðavetvangi fyrr en á HM hversu stórkostlegur leikmaður hann er á góðum degi.

Á meðan Buffon var undrabarn sem var kominn í landsliðið 19 ára og verið í sviðsljósinu síðan þurfti Cannavaro að búa síns tíma og var orðinn 25 ára þegar hann lék sinn fyrsta landsleik. Hann lék á þeim árum með Parma sem var ágætt lið en ekki í miðpunkti fótboltaheimsins.

Þaðan fór hann til Inter þar sem hann átti tvö heldur slæm ár. Svo léleg reyndar að Inter lét hann fara á frjálsri sölu til Juventus eftir að hafa greitt Parma 32 milljónir evra fyrir hann á sínum tíma. Það var ein af alspaugilegustu pælingunum sem komu upp í calciopoli hneykslinu að Cannavaro hefði „leikið sig

lélegan“ undir sitt síðasta hjá Inter til þess að losna úr prísundinni og ná að auka möguleika sína á betri samningi annars staðar með því að fá frjálsa sölu.

Heilaköst á mörkum fánleikans auðvitað en vist er að Intervistin dró úr trúverðugleika Cannavaros sem leikmanns og mörgum þótti þáverandi áskrift hans að landsliðs-sæti óverðskulduð. Leiktíðirnar tvær hjá Juventus voru hins vegar svo glimrandi sem og framganga hans á HM að hann hefur tryggt sess sinn sem einn besta varnarmaður Ítalíu-sögunnar.

Cannavaro þykir drengur góður, alþýðlegur og trúr uppruna sínum. Jafnframt einstakt glæsímenni sem kynþokkinn drýpur af. Hló ég mikið þegar ég var að vinna þessa grein og sló inn leitarorðið „Fabio Cannavaro biography“ að efst kom upp síðan www.mostbeautifulman.com með glæsilegum graðhestamyndum af kappanum fáklæddum.



BT



32" SONY BRAVIA LCD sjónvarp

5 DVD

32"

Lækkað verð



...eða Desperate Housewives!

Season 2

12.499

Sony BRAVIA flatsjónvörpin eru að slá í gegn um allan heim. Frábært LCD sjónvarp frá Sony á betra BT verði.

12.499

*Vaxtalaust 12 mán.

149.988

Staðgreitt

SONY

32" U línu BRAVIA LCD sjónvarp
HDMI tengi fyrir stafræn myndgæði
Innbyggður stafrænn móttakari
PIP - myndfrystimöguleiki
Innbyggður stafrænn móttakari
HD Ready
3D Comb Filter
PC tengi fyrir tölvu
BBE ViVa HD3D hljóðtækni

JAMES BOND

ISLENSKUR TEXTI

2.799

Aðeins í BT

FYLGIR

Verð í Virgin megastore



39.999

Nú færðu allar Bond myndirnar í stórglæsilegri skjalatösku merktri ofurnjósnaranum sjálfum 007!

Allar myndirnar hafa verið endurbættar fyrir stafræn gæði, bæði hljóð og mynd.

2.799

*Vaxtalaust 12 mán.

33.588

Staðgreitt

Canon EOS 400D

Frábær 17-85 mm IS USM linsa með hristivörn fylgir



17-85 mm IS USM linsa með hristivörn. Linsa fyrir allar aðstæður.

Tryggir þér skarpari myndir

Canon

Canon EOS 400D
10 megapíklar
CMOS myndflaga APS stærð
Lokuhraði 1/4000 sek til bulb
ISO 100-1600
Notar Compact flash minnskort
Þyngd 556g

14.999

Frábær vél fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna sem vilja topp myndgæði

Nýtt í 400D:

Meiri upplausn

Ný rykvörn á myndflögu

9 punkta autofokus

Stærri skjár 2,5"

Hraðari vinnsla

Vélin slekkur á skjánum þegar hún er borin við auga

Betra notendaviðmót

Fleiri upplýsingar í leitara

14.999

*Vaxtalaust 12 mán.

179.988

Staðgreitt

ÚRSPLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

ARSENAL - TOTTENHAM HOTSPUR	3-0
1-0 Emmanuel Adebayor (20.), 2-0 Gilberto Silva (42.), 3-0 Gilberto Silva (72.).	
BLACKBURN ROVERS - FULHAM	2-0
1-0 S. Nonda (6.), 2-0 Benni McCarthy (24.).	
MIDDLESBROUGH - MAN. UNITED	1-2
0-1 Louis Saha (19.), 1-1 James Morrison (66.), 1-2 Darren Fletcher (68.).	
PORTSMOUTH - ASTON VILLA	2-2
0-1 Gareth Barry (37.), 1-1 Matthew Taylor (52.), 2-1 Matthew Taylor (80.), 2-2 Juan Angel (82.).	
READING - BOLTON WANDERERS	1-0
1-0 Kevin Doyle (33.).	
SHEFFIELD UNITED - CHARLTON ATHLETIC	2-1
0-1 Andy Reid (17.), 1-1 Chris Morgan (64.), 2-1 Keith Gillespie (88.).	
WIGAN ATHLETIC - LIVERPOOL	0-4
0-1 Craig Bellamy (9.), 0-2 Craig Bellamy (26.), 0-3 Dirk Kuyt (40.).	

STADAN:

MAN. UNITED	16	13	2	1	35-8	41
CHELSEA	15	11	2	2	25-8	35
ARSENAL	15	7	4	4	25-12	25
PORTSMOUTH	16	7	4	5	21-14	25
LIVERPOOL	16	7	4	5	19-15	25
READING	15	8	1	6	17-18	25
ASTON VILLA	16	5	9	2	19-15	24
BOLTON	16	7	3	6	15-15	24
EVERTON	15	5	6	4	18-15	21
FULHAM	16	5	5	6	16-23	20
MAN. CITY	15	5	4	6	13-17	19
TOTTENHAM	15	5	4	6	13-19	19
WIGAN	14	5	3	6	17-20	18
BLACKBURN	14	4	4	6	13-17	16
MIDDLES.	15	4	4	7	12-19	16
SHEFF. UNITED	16	4	4	8	11-20	16
WEST HAM	14	4	2	8	10-16	14
NEWCASTLE	14	3	4	7	9-15	13
WATFORD	14	1	6	7	10-20	9
CHARLTON	15	2	3	10	11-23	9



KÁTIR Bellamy og Kuyt fóru á kostum með Liverpool í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



ALDREI SNERTING United komst yfir með marki úr umdeildu víti þar sem aldrei var komið við Ronaldo. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Man. Utd hreint óstöðvandi

Man. Utd vann enn einn leikinn í ensku deildinni í gær. Að þessu sinni á útivelli gegn Boro, 1-2. Liverpool á útivelli og Spurs átti aldrei möguleika gegn Arsenal.

FÓTBOLTI Manchester United bætti við forskot sitt í ensku úrvalsdeildinni í gær með því að næla í þrjú stig á Riverside í fjórugum leik. Louis Saha kom United yfir með marki úr umdeildri vítaspyrnu. James Morrison jafnaði um miðjan síðari hálfleik en Darren Fletcher kom United aftur yfir tveim mínútum síðar og það reyndist vera sigurmark leiksins.

Gærdagurinn í enska boltanum byrjaði fjórlega þegar Lundúna-liðin Arsenal og Tottenham mættust á Emirates-vellinum. Sá leikur varð aldrei eins spennandi og vonir stóðu til því Arsenal vann

öruggan 3-0 sigur á erkifjendunum.

„Þessi sigur skipti gríðarlega miklu máli fyrir okkur því við máttum ekki við því að tapa fleiri stigum,“ sagði Brasilíumaðurinn sem skoraði tvö mörk úr vítum og bar einnig fyrirliðabandið í fjarveru Thierry Henry sem er meiddur.

Adebayor fagnaði marki sínu í leiknum með því að hlaupa til Henry en hann hafði lofað honum að skora mark í leiknum.

Eyðimerkurgöngu Liverpool á útivelli lauk loksins í gær þegar liðið lagði Wigan, 0-4, en öll mörk-

in komu í fyrri hálfleik. Þetta var fyrsti sigur Liverpool á útivelli í vetur. Craig Bellamy skoraði tvö mörk, hefði getað nælt í þrennuna en sýndi mikla óeigingirni er hann gaf boltann á Dirk Kuyt sem skoraði þess í stað.

„Craig þurfti að sýna mörgu fólki að hann væri enn góður leikmaður. Við gætum hreinlega verið að fá nýjan leikmann með hann í slíku formi,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool, en Bellamy var sýknaður af ákæru um árás fyrr í vikunni og virtist vera mikið létt í leiknum í gær.

henry@frettabladid.is



MARKÚS MÁNI Átti finan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valur lagði Fylki, 28-23: Valur á toppinn

HANDBOLTI Valur komst á topp DHL-deildar karla á nýjan leik í gær þegar liðið vann frekar áreynslulausan sigur á Fylki, 28-23. Valur tók forystuna snemma í leiknum og gekk liðið hreinlega frá leiknum í fyrri hálfleik.

Fylkir reyndi að klóra í bakkann í síðari hálfleik en komst aldrei mjög nálægt heimamönnum og sigurinn því ekki í hættu.

Pálmar átti stórbrotinn leik í markinu, Markús var finn í sókninni og Ingvar mjög drjúgur. Fátt var um fína drætti hjá Fylki þar sem Eymar Kruger var allt í öllu en hinir gátu sama sem ekki neitt fyrir utan Hlyn Morthens sem varði ágætlega á köflum. - hbg

VALUR-FYLKIR 28-23 (17-10)

Mörk Vals (skot): Markús Máni Michaelsson 9/3 (13/4), Ingvar Arnason 4 (4), Hjalti Pálmason 4 (4), Emir Hrafn Arnarsson 4 (8), Fannar Friðgeirsson 2 (3), Elvar Friðriksson 2 (4), Arnór Gunnarsson 1 (3), Sigurður Eggertsson 1 (4), Davíð Höskuldsson 1 (1).

Varin skot: Pálmar Pétursson 27/1. Hraðauppþaup: 8 (Ingvar 2, Emir 2, Markús, Fannar, Davíð, Arnór).

Fiskuð víti: 4 (Ingvar 3, Elvar).

Utan vallar: 10 mínútur.

Mörk Fylkis (skot): Eymar Kruger 8 (17), Tomislav Bros 4 (8), Ívar Grétarsson 4/3 (6/4), Ásbjörn Stefánsson 2 (6), Arnar Þór Sæþórsson 2 (5), Brynjar Þór Hreinnsson 1 (1), Þórir Júlíusson 1 (3), Haukur Sigurvinsson 1 (5).

Varin skot: Hlynur Morthens 13/1, Sölvi Thorarson 2.

Hraðauppþaup: 3 (Ásbjörn, Bros, Arnar).

Fiskuð víti: 4 (Þórir, Arnar, Guðmundur, Bros).

Utan vallar: 6 mínútur.

ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA

16

SAW

BLÓÐBAÐIÐ ER HAFIÐ

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA TIL AÐ HALDA LÍFI?

EGO

ÖDYRT BENSÍN

EINFALT GOTT ÖDYRT

KÍKTU Á KVITTUNINA

Ödyrt eldsneyti + ávinningur!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MÍÐA Á SPENNUTRYLLINN

SAW 3

KOMIN Í BÍÓ

ALFABAKKA SAMBIÓN LAUGARÁS BÍÓ Borgarbió

ATLAS
international
www.atlasinternational.com

Húseignir á Spáni, Kýpur og Grikklandi

– Atlas fylgir þér alla leið –

- Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
- Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
- Allar húseignir á eignarlóðum
- Verð frá 75.000 €
- Mörg hundruð eignir um að velja
- Nýjar og notaðar eignir
- Aðstoð við rekstur
- Tryggingar
- Húsgögn
- Leigubjónusta
- 28 ára reynsla
- 68.000 viðskiptavinir



SÖLUSÝNING

Í DAG

HÓTEL LOFTLEIÐUM
ÞINGSAL 1 KL.: 13-17



Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga

Sími: 586 2880 Gsm: 696 1960

www.atlasiceland.com

sales@atlasiceland.com

> **Lindsay Lohan**

Fæddist 2. júlí 1986 og vakti fyrst athygli þegar hún lék í myndinni Freaky Friday. Lindsay er þessa dagana að reyna að breyta um ímynd með því að taka alvarlegri hlutverk en hún hefur áður gert. Næst fáum við séð hana í myndinni Bobby sem fjallar um morðið á Bobby Kennedy. Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld myndina Mean Girls þar sem Lindsay leikur aðalhlutverkið.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR** HYLLIR UPPÁHALDSFRÆNDA ÍSLENDINGA

Hver er þessi Hemmi Gunn?

Litill vinur minn sem hefur búið í útlöndum bróðurpartinn af ævinni kom í heimsókn um daginn með foreldrum sínum og það um að fá að horfa á sjónvarpið. Eftir skamma stund kom hann aftur inn í borðstofu þar sem fullorðna fólkið sat að kaffisumbli og spurði alvarlegur: „Hver er Hemmi Gunn?“ Og flestum varð orða vant. Ekki af því að við vitum það ekki heldur vegna þess að það er ekki hægt að útskýra Hemmi Gunn í fáum orðum. Hemmi Gunn hefur aldrei haldið því fram að hann sé neitt betri en hver annar en samt er ferill hans næstum ofurmannlegur. Hemmi Gunn er Íslendinga Jay Leno, Parkinson og Ed Sullivan í einum manni með smáslettu af Oprah Winfrey. Lífshlaup hans er næsta ótrúlegt, frábær fótboltaður sem hefði getað orðið landsins frægasti þar til meidsl komu í veg fyrir frekari frama, söng með vinsælasta skemmtanabatteri landsins án þess að halda lagi svo heitið gæti og er elskaðasti sjónvarpsmaður Ísland-

inga fyrir og síðar. Hann hefur meira að segja risið upp frá dauðum. Og nú heldur hann úti einum vinsælasta sjónvarpsþætti landsins. Hemmi Gunn hefur mörg líf og ris alltaf upp aftur eins og Föenix úr öskunni. Hann er eins og uppáhaldsfrændinn í leiðinlega fjölskylduboðinu, sá sem kann skemmtilegar sögur en hefur líka áhuga á því sem maður er að segja. Enda gerir fólk næstum hvað sem er fyrir hann. Og dillandi hlátur hans ómar í eyrum landans eins og staðfesting á því að allt sé í lagi.

Þetta er Hemmi Gunn. Með honum í sjöunda himni er okkur óhætt.



Ekki missa af



▶ **19.45 Sjálfstætt Fólk** STÖÐ 2



▶ **04.00 After The Sunset** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.10 Battleship Galactica** SKJÁR EINN



▶ **10.55 Jón Ólafs** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 NFL Leikur** SÝN

SJÓNVARPIÐ

- 8.00 Morgunstunden okkar**
- 10.17 Allt um dýrin** (9:25)
- 10.45 Jólادagatalið - Stjörnustrákur**
- ▶ **10.55 Jón Ólafs**
- 11.35 Spaugstofan**
- 12.00 Lífið fyrir fæðingu** (1:2)
- 12.50 Lífið fyrir fæðingu** (2:2)
- 13.50 Hvað veistu?**
- 14.20 Veronica Villaroel**
- 15.20 Dætur sléttunnar**
- 16.20 Tíu fingur** (7:12)
- 17.20 Nærmynd**
- 17.50 Táknmálsfréttir** **18.00 Stundin okkar** (10:30)
- 18.30 Geimálfurinn Gígur** (5:10)
- 18.40 Hrefna og Ingvi (7:13)** (Viivi & Leevi) Finnskir brúðupættir. e.
- 18.45 Jólادagatalið - Stjörnustrákur**
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.10 Tíu fingur (8:12)**
- 21.10 Örninn (6:8)** (Ørnen) Danskur spennu-myndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn.
- 22.10 Helgarsportíð**
- 22.35 Ég heiti Dina** (Jag är Dina) Sænsk bíómynd frá 2002. Myndin gerist í Norður-Noregi um 1860 og segir frá telpu sem verður móður sinni að bana, er send í fóstur og á viðburðaríka ævi. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 23.55 Kastljós**
- 0.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 8.00 The Guys** (Strákarnir)
- 10.00 The Legend of Johnny Lingo** (Goðsögnin um Johnny Lingo)
- 12.00 Mean Girls** (Vondar stelpur)
- 16.00 The Guys** (Strákarnir)
- 18.00 The Legend of Johnny Lingo** (Goðsögnin um Johnny Lingo)
- 20.00 Mean Girls** (Vondar stelpur)
- 22.00 After the Sunset** (Eftir sólarlagið) Bönnuð börnum.
- 0.00 Foyle's War 2** Bönnuð börnum
- 2.00 The Skulls 3** Bönnuð börnum.
- ▶ **4.00 After the Sunset** Bönnuð börnum.



- 7.00 Myrkfælnu draugarnir** (59:90)
- 7.10 Barney**
- 7.35 Pocoyo**
- 7.45 Stubbarinn**
- 8.10 Doddi litli og Eyrnastór**
- 8.20 Kalli og Lóla**
- 8.30 Könnuðurinn Dóra**
- 8.55 Gullararnir**
- 9.15 Codename: Kids Next Door**
- 9.40 Kalli litli kanína og vinir hans**
- 10.00 Ævintýri Jonna Quests**
- 10.25 Sabrina - Unglingsnornin**
- 10.50 Bratz**
- 11.15 Galdrastelpurnar** (14:26)
- 11.35 Ljónagrín**
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.20 Silfur Egils**
- 13.55 Neighbours**
- 14.15 Neighbours**
- 14.35 Neighbours**
- 14.55 Neighbours**
- 15.15 Neighbours**
- 15.40 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
- 16.45 Beauty and the Geek** (5:7) **17.45 Martha**
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.
- 19.10 Kompás** Íslenskur fréttaskýringabáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
- ▶ **19.45 Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2006-2007)
- 20.20 Commander In Chief** (9:18)
- 21.05 Numbers** (7:24) (Tölur)
- 21.50 Thief** (2:6) (Þjófur) (2:6)
- 22.40 60 mínútur** (60 Minutes)
- 23.25 X-Factor**
- 0.20 Proof**
- 2.45 Proof**
- 3.35 Murder Investigation Team** (1:4) Bönnuð börnum.
- 4.50 Missing** (4:18)
- 5.30 Sjálfstætt fólk**
- 6.00 Fréttir Stöðvar 2** endursýndar frá því fyrir í kvöld.
- 6.40 Tónlistarmyndbönd** frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 15.45 Tekinn** Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk'd með Ashton Kutcher. Auðdi hrekkir þjóðþekktu einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar. (e)
- 16.15 Till Death Do Us Part: Carmen** (e)
- 16.45 The Hills** (e)
- 17.15 The Player** (e)
- 18.00 Seinfeld**
- 18.30 Fréttir NFS**
- 19.10 Seinfeld**
- 19.35 Four Kings - NÝTT (e)** Drepfyrndir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York.
- 20.00 Tekinn (e)**
- 20.30 Till Death Do Us Part: Carmen** Það virðist vera sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakomin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru.
- 21.00 Vanished (8:13)** (Vanished) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og falletu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug.
- 21.50 Weeds (8:12)** Önnur þáttaröðin um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles borgar. Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir Nancy í miklum fjárhagsörðugleikum.
- 22.20 Rescue Me (e)** Þriðja þáttaröðin um Tommy Gavin og félagana hans á slökkvistöð númer 62. Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.
- 23.05 My Name is Earl** (e)
- 23.30 Ghost Whisperer** (e)
- 0.15 Pepper Dennis** (e)
- 1.00 Sirkus Rvk** (e)
- 1.30 Entertainment Tonight** (e)
- 2.00 Tónlistarmyndbönd** frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Kortur er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 11.20 Toppskífan** (e)
- 12.00 2006 World Pool Masters**
- 12.50 Love, Inc.** (e)
- 13.20 Out of Practice** (e)
- 13.50 Dýravinir** (e)
- 14.20 One Tree Hill** (e)
- 15.05 Queer Eye for the Straight Guy** (e)
- 16.00 America's Next Top Model VI** (e)
- 17.00 Innlit / útlit** (e)
- 17.50 How to Look Good Naked** (e)
- 18.15 Rachael Ray** (e)
- ▶ **19.10 Battlestar Galactica - Ný þáttaröð e.**
- 20.00 Dýravinir** Gríðarlegur fjöldi Íslendinga á gæludýr, hvort sem um er ræða fiska, hunda, ketti, kaninur eða köngulær.
- 20.30 Frægir í form** Ný, íslensk þáttaröð þar sem þekktir einstaklingar sem vilja bæta líf sitt og hækka lífaldur fara í strangar æfingabúðir undir eftirliti læknis og einkabjálfa. Fólkið er misvel á sig komið en allir hafa eitthvað sem þeir vilja laga. Við fylgjumst með því takast á við sig sjálf með öllu því erfið sem fylgir.
- 21.30 C.S.I.: New York** Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagana hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
- 22.30 Brotherhood** Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórnmalamaður en hinn forhertur glæpamaður. Caffee-fjölskyldan fær óvænta heimsókn og bræðurnir verða að taka höndum saman.
- 23.30 Conviction - Iokabáttur**
- 0.20 Law & Order** (e)
- 1.10 The L Word** (e)
- 2.10 Óstöðvandi tónlist**
- SKJÁR SPORT**
- 12.00 Að leikslokum** (beint)
- 13.00 Arsenal - Tottenham** (frá 2. des)
- 14.55 Að leikslokum** (e)
- 15.50 Everton - West Ham** (b)
- 18.00 Prumuskot** (e)
- 19.00 Roma - Atalanta** (2. des)
- 21.00 Blackburn - Fulham** (2. des)
- 23.00 Sheff. Utd. - Charlton** (frá 2. des)

LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið 3. desember, kl.19 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 140 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14, föstudag 10-18, laugardag 11-17 og sunnudag 12-17. Hægt er að nálgast uppboðsskrána á netinu: www.myndlist.is



Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is



Muggur



Kjarval



Gunnlaugur Blöndal

Í KVÖLD

Till Death Do Us Part

Það virðist vera sem nýjasta æðid hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikabætti þar sem hjónakornin opinbera ást sína og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sýna fram á hversu hamingjusöm þau eru og heppin í lífinu. En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll þörin virðast skilja jafnarðan og slökkt er á tökuvelunum. Carmen Electra og Dave Navarro, dómari úr Rock Star og fyrrverandi gítarleikari Jane's Addiction, eru þar engin undantekning. Í þessum þáttum fáum við að fylgjast með undirbúningi brúðkaups þeirra og lífinu í kjölfarið. Sambandið entist í sjó þætti, sem er bara býsna langt samband í Hollywood, ekki satt?



VIÐ MÆLUM MED Sjálfstæðu fólki á STÖÐ 2 kl. 19.45.

Hann Jón Ársæll heldur áfram að vera með puttann á púlsinum og nú heimsækir hann stórsöngvarann Sverri Guðjónsson, sem vart þarf að kynna. Hann hefur verið einn af okkar fremstu söngvurum um árabil; listamaður sem ætíð hefur haft sinn einstaka stíl og farið ótroðnar slóðir í listsköpun sinni. Um þessar mundir fer hann með stórt hlutverk í verki í Íslensku óperunni, Skuggaleik eftir Karólinu Eiríksdóttur og Sjón og hefur hlotið lof fyrir. Þetta ætti því að vera forvitnilegur þáttur.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir	16.08 Veðurfregni
8.05 Morgunandakt	16.10 Heimurinn okkar
8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	17.00 Síðdegi skógarpúkanna
9.00 Fréttir	18.00 Kvöldfréttir
9.03 Lóðrétt eða lárétt	18.25 Auglýsingar
10.00 Fréttir	18.26 Seiður og hélog
10.05 Veðurfregni	19.00 Afsprengi
10.15 Bókabing	19.50 Óskastundin
11.00 Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju	20.35 Sagnaslóð
12.00 Hádegisútlit	21.15 Laufskálinn
12.20 Hádegisfréttir	21.55 Orð kvöldsins
12.45 Veðurfregni	22.00 Fréttir
13.00 Útvarpsleikhúsið: Fjallkirkjan	22.10 Veðurfregni
13.50 Fiðla Mozarts	22.15 Til allra átta
14.17 Söngvamáli	23.00 Andrarímur
15.05 Út um víðan völl: Á ferð um landið	0.00 Fréttir
16.00 Fréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

9.55 Gillette Sportpakinn Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem allar íþróttageinar eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í fjölmörg ár við miklar vinsældir.

10.25 Meistaradeild Evrópu í handbol (Medvedi - Gummersbach)

11.40 Box - Winky Wright - Ike Quartey

14.50 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni.

15.20 Ameríski fótboltinn Upphíttun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum.

15.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Espanyol og Sevilla í spænska boltanum. Espanyol sem var eitt af spútnikliðum deildarinnar í fyrra, tekur hér á móti spútnikliðinu í ár, Sevilla, á hinum glæsilega Ólympíuleikvangi í Barcelona.

17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Madrid og Atletico Bilbao í spænska boltanum. Gengi Real hefur verið upp og ofan á þessari leiktíð en liðið þarf að herða róðurinn í deildarkeppninni þó svo að gengið hafi ágætlega í Meistaradeildinni. Mikil hefur verið rætt og ritað um framtíð Davids Beckhams að undanförmu og spurning hvort það hafi einhver áhrif á liðið.

19.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Zaragoza og Osasuna í spænska boltanum.

21.50 NFL deildin í ruðningi Bein útsending frá leik New York Giants og Dallas Cowboys.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjstu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

11.25 Þá jobjagt 11.55 Attention Mobning 13.00 Guðstjenesne í DR Kirken 14.00 Temalördag; Protestsangin havde vinger engang - og nu flyver den igen! 14.05 60'erne 14.40 70'erne 16.25 Protestsangin på vingerne igen 17.00 Sigurd og Big Bandet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Mysteriet om Danmark Ekspeditionen 18.30 Livet på skinner 19.00 Ømen 20.00 TV Avisen 20.15 Søndag 20.45 Søndagsporten med SAS liga 21.00 Tavi - ånden der steg op fra havet 21.50 Columbo 23.00 Fortidens bedrag

NKI

11.50 V-cup skýter: 1500 m kvinner 12.25 V-cup kombinert 13.00 V-cup skýter: 10000 m menn 14.40 Sport i dag 16.00 12 bud 16.30 Ápen himmel: Guðstjenesne i Storsalen menighet i Oslo 17.00 Ole Aleksander Filibom-bom-bom 17.15 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Kvitt eller dobbelt 20.15 Kongekabalen 22.00 Kveldsnytt 22.15 Et mesterverk 23.05 Nytt på nytt 23.35 Kunstløp: Grand Prix fra Paris 0.05 Ungkarsreiret

SVT 1

10.55 MGP Nordic 12.55 Söderlund & Bie 13.25 Kobra 13.55 Great thinkers of our time 14.25 Reef Route 66 14.52 Grounded 14.55 Världen 15.55 Makalösa monument 16.25 Om barn och böcker 16.55 Anslagstavlan 17.00 Anki och Pytte 17.30 Skärgårdsdoktorn 18.25 Radiohjälpen hjälper - Världens barn 18.30 Rapport 19.00 Världscupen: Alpin Aspen 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Orden med Anna Charlotta 21.40 Vetenskap - universum i provör 22.10 Rapport 22.20 Cuppen 23.20 Brother

Linda B. Stefánsdóttir
Sölu- og markaðsþjóri
Löggiltur fasteignasali

Bjarni Björgvinsson
Löggiltur fasteignasali

Kristján Gestsson
Löggiltur fasteignasali

Sveinbjörg Sveinbjörnsd.
Héradssómsögnaður
Löggiltur fasteignasali

HYLSALIR 16 - 201 KÓP

Sölusýning
í dag á milli kl. 15:30 og 16:30

Bergur Heiðar Birgisson
Sölufrulltrúi
bergur@domus.is
s. 664 6013

Elsa Björg Þorólfssdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/440 6013

Verð 48,9 M.

HRÍSMÓAR -210 GBÆR

Sölusýning
í dag á milli kl. 14:00 og 14:30

Elsa Björg Þorólfssdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/440 6013

Verð 16,5 M.

SAFAMÝRI 57 - 108 RVÍK

Sölusýning
í dag á milli kl. 15:00 og 15:30

Elsa Björg Þorólfssdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/440 6013

Verð 35,0 M.

SKAFTAHLÍÐ 10 - RVÍK

Bókaðu skoðun

Bergur Heiðar Birgisson
Sölufrulltrúi
bergur@domus.is
s. 664 6013

Verð 23,9 M.

LINDASMÁRI - 200 KÓP.

Bókaðu skoðun

Elsa Björg Þorólfssdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/440 6013

Verð 34,5 M.

FLÉTTURIMI - 112 RVK.

Bókaðu skoðun

Elsa Björg Þorólfssdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/440 6013

Verð 20,7 M.

TRÖNUHJALLI - 200 KÓPAVOGI

Bókaðu skoðun

Halldór Jónsson
Viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100/440 6014

Verð 22,9 M.

ÁLFHEIMAR - 105 REYKJAVÍK

Laus fljótlega

Halldór Jónsson
Viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100/440 6014

Verð 44,9 M.

KÓLGUVAÐ - 110 REYKJAVÍK

Bókaðu skoðun

Halldór Jónsson
Viðskiptastjóri
halldor@domus.is
sími 840 2100/440 6014

Verð 42,0 M.

www.domus.is Akureyri Hafnarstræti 91 | Egilsstaðir Lyngási 5-7 | Reykjavík Laugavegi 97 | sími 440 6000



...fær Kristján M. Atlason, sem liðsinnti ABC við hjálparstarf í Afríku í sumarfríinu sínu frekar en að eyða því í dekurdvöl á sólríkri baðströnd.

HIN HLIÐIN: ELÍSBET EYÞÓRSÓTTIR TÓNLISTARNEMI

Óttaðist óheppni í ástum á yngri árum

Hvað er að fréttu? Allt gott. Ég var að syngja inn á diskinn hans Barkar Hrafn Birgissonar sem var að koma út. Hann heitir Þriðja leiðin.
Augnítur: Grænblá.
Starf: Ég er nemi í Tónlistarskóla FÍH.
Fjölskylduhagur: Einhleyp.
Hvaðan ertu? Ég er bara úr Reykjavíkinni.
Ertu hjátrúarfull? Nei og já. Ég var það þegar ég var yngri, þá gat ég ekki labbað yfir holræsi því vinkona mín hafði sagt mér að þá yrði ég óheppni í ástum. Ég trú því samt ekki lengur.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Friends og kannski breski Office-þátturinn.
Uppáhaldsmatur: Jólasmaturinn.
Fallegasti staður: Ég myndi nú bara segja Seyðisfjörður. Það er líka rólegur og þægilegur staður.
iPod eða geislaspilar: Bæði. iPodinn tek ég með mér út en nota geislaspilarann heima við.

Hvað er skemmtilegast? Að syngja.
Hvað er leiðinlegast? Að vera í vondu skapi.
Helsti veikleiki: Sætindi. Ég er rosalegur gotterfígrís.
Helsti kostur: Ég læt nú aðra um að svara því.
Helsta afrek: Að fara í rosalega bratta rennibraut í skemmtigarði í Danmörku. Hún var alveg skelfilega brött.
Mestu vonbrigðin: Hvernig fór á Kárahnjúkum.
Hver er draumurinn? Að fá að vera tónlistarmaður, það er draumurinn.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Sigga, stóra systir mín.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Baktal og smjatt.
Hvað er mikilvægast? Fjölskyldan mín.



Íslenskt pelsafólk




HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Hefur vakið mikla athygli hvert sem hann fer fyrir selskinnsjakka sem hann notar þegar tækifæri gefst og tekur sig vel út.



DORRIT MOUSSAIEFF Forsetafrú og ein af hefðardómum landsins skartar loðfeldum, keipum og loðkrögum af hvaða tilefni sem er.



ARNAR GUNNLAUGSSON Sást á næturrólti miðborgarinnar skarta þessum flekkótta loðfeldi þótt ekki fylgi sögunni hvaða gerð þetta sé og notar hann víst loðfeldinn þegar kólnar í lofti.



AGNIESZKA Tiskudívan og stílistinn sést oftar en ekki klæðast loðfeldi á götum borgarinnar.



PÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR Stofnandi Atlanta-flugfélagsins og á eflaust fleiri en einn loðfeld inni í skáp.

LOÐFELDIR: VAXANDI VINSÆLDIR HÉR Á LANDI MEÐ BÆTTUM EFNAHAG

Pelsar fyrir bæði kynin

Loðfeldir, mökkakápur og selskinnsjakkar eru dýrustu flikur sem hægt er að fá á Íslandi í dag. Vinsældir þeirra hafa farið vaxandi með árunum og eru kaupmenn sem selja slíka vöru sam mála um það að batnandi efnahagur í landinu spili þar inn í.
 „Ég panta loðfeldina mína frá París og sel alltaf hvert eitt og einasta stykki fyrir jólin enda er fallegur loðfeldur á óskalista hverrar einustu konu fyrir jólin,“ segir stórkaupmaðurinn Sævar Karl, en loðfeldirnir í hans búð eru á verðbilinu 200.000-600.000 krónur og því dýrustu flikurnar í búðinni.
 „Loðfeldir eru fyrir karlmenn til að gefa konunum sem þeir elska í jólagjöf, þeir segja meira en þúsund orð,“ segir Sævar Karl glaður í bragði.
 Loðfeldir eru ekki lengur mun aðarvara heldur hafa þeir rutt sér til rúms innan tískuheimsins og búðir með notaðan fatnað selja einnig loðfeldi fyrir minni pening fyrir almúgann.
 Þessa stundina eru loðfeldir ekki bara fyrir kvenmenn því karlpeningurinn hefur kveikt á þessari tiskubólu og segir Eggert Jóhannsson feldskerir að þeir séu nú að bætast í hóp viðskiptavina sinna í vaxandi mæli. Helstu ráðamenn og viðskiptajöfrar þjóðarinnar hafa verið að láta sjá sig í loðfeldum og selskinnsjökkum upp á síðkastið. „Rétt í þessu var ég að selja hjónum frá Hollandi hvoru sinn loðfeldinn,“ segir Eggert en að karlarnir séu hrifnari af selskinnsjökkun.



EGGERT FELÐSKERIR Segir að bæði karlmenn og konur gangi í loðfeldum og mökkakápum nú til dags sem er afturhvarf til fimmta áratugarins þegar flestir karlmenn gengu með hatt og staf og skörtuðu finustu pelsum.

um og mökkakápunum. Útlendingar eru stór hluti af viðskiptavinum Eggerts en þá eru feldirnir fyrirfram pantaðir.

Verðbilið á loðfeldum er allt frá 200.000 kr. og upp úr öllu valdi. Samkvæmt heimildum blaðsins er dýr-

asti loðfeldurinn í einni búð bæjarins á 1.200.000 krónur en ef verið er að sérpanta eða sérsauma getur verið farið upp úr öllu valdi. Eggert gengur svo langt að segja að það verð sé ekki prenthæft.

Það er meira að segja þannig að búðir með svona dýran fatnað eru undanskildar almennum reglum um verðmerkingar í búðargluggum því verið þykir það hátt að ekki er ráðlagt að flagga því.

alfrun@frettabladid.is

SÆVAR KARL Segir að loðfeldirnir sem hann pantar frá París seljist alltaf upp fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/PB



LOÐFELDIR Verðlagið og vinsældirnar fara vaxandi með árunum og eru þeir dýrustu flikur á Íslandi nú.

KALLI Í PELSINUM Karl J. Steingrímsson er eigandi búðarinnar Pelsins sem selur aðeins loðfeldi.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Félagar og vinir **Ellerts B. Schram** kímdu þegar þeir sáu hvaða nafn hann notar á aðra aðalpersónu sína í bráðskemmtilegri bók sem hann sendi nýverið frá sér. Persónan ber nafnið **Eggert Scheving** og byggist augljóslega á höfundu sjálfum. Nafnið þekkja hins vegar vinir Ellerts vel frá því í gamla daga þegar menn voru á Sjallanum. Var þar mikið fagurra fljóða og menn að gera sig breiða. Ellert vildi þó ekki gera mikið úr því, þóttist of þekktur maður til að sperra stél, og var ekki fyrr búinn að sleppa því orðinu en blómarós mikil tók þéttingsfast utan um hann aftan frá og sagði: „Ég veit hver þú ert. Eggert Scheving!“ Og hefur Ellert ávallt verið kallaður Eggert í ákveðnum hópi eftir þetta atvik.

Hin persónan í bók Ellerts B. Schram, Á undan sinni samtíð, er svo stórgrósserinn seinheppni **Búbbi**. Bók Ellerts er lykilsaga, byggist á sönnum atburðum og persónum, og þykjast margir þar þekkja þætti í Búbba úr fari og sögu **Svans Þórs Vilhjálmssonar** lögmanns. Svanur er svo bróðir sjálfs borgarstjórans, **Vilhjálmssonar**, þannig að víða liggja vegir.

- jbg

Sérhæfum okkur í sérsníði. Erum með mikið úrval af Demöntum og Demantsskartgripum

ÍVAR & ÍVAR BJÖRN
GULLSMÍÐIR OG LETÚRGRAFARAR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 2, SÍMI 562-2222

Skopteiknari býður fórnarlömbum til veislu

„Við erum búnir að grafa upp heilmörg netföng og reynum að koma boðum til sem flestra,“ segir skopmyndateiknarinn Halldór Baldursson sem stefnir að því að bjóða öllum sem koma við sögu í skopmyndabókinni 2006 í grófum dráttum í útgáfuteiti í vikunni.

Halldór hefur vakið mikla athygli fyrir snarpa samfélagsrými sem hann birtir í teikningum sínum í blaðinu *Blaðinu*. Teikningunum hefur hann nú safnað saman í bókinni sem kom út fyrir skömmu.

Flestir sem eitthvað hefur kveðið að í þjóðmálaumræðunni síðustu mánuði skjóta upp kollinum í bókinni þannig að gestalisti Halldórs verður ekki af verri endanum og sem örfá dæmi má nefna Davíð Oddsson, Halldór Ásgrims-



HALLDÓR BALDURSSON Hefur slegið hressilega í gegn með skopmyndum sínum í *Blaðinu*. Hann segir árið hafa verið gott hvað stórmál varðar og sér síður en svo fram á efnisþurrð.

son, Steinunni Valdís Óskarsdóttur, Ólaf Ragnar Grímsson, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Silvíu Nótt.

Halldór vonast til þess að sjá sem flesta og leggur áherslu á að

hann sé ekki að gera grín að fólki með boðinu. „Ég verð að sjálf-sögðu fyrir miklum vonbrigðum ef þetta fólk mætir ekki.“


Halldór efast þó ekki um að margir séu ósáttir við meðferð hans á þeim en segir það þó alls ekki illa meint þó stundum sviði undan teikningum hans. „Ég hef nú ekki fundið neitt fyrir því en það hljóta einhverjir að vera sárir, fjandinn hafi það. Það er hlutverk skopteiknarans að vera gagnrýnn á samfélagið og þá hljóta stundum einhverjir að móðgast. En þetta er betrunarbók.“

Halldór segist þó ekki síður vilja hitta þau fórnarlömb sín sem hafi móðgast. „Ég er alveg til í það og ef einhverjir vilja koma og leiðrétta mig og rökræða þá er það velkomið.“

- jpp

Nýtt rúm

Fráááábær hugmynd!



Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmunum

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti mótórin er, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótór er prófaður og viðurkenndur sem læknatæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd mótórum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótór & grind.



Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð



Tempur inniskór
Tilboð kr. 7.700,-



Tempur heilsukoddi
Tilboð kr. 7.990,-



Temprakon hitajöfnunarsængin
Tilboð kr. 24.900,-



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð: Virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ríttstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaáæild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Tæki færi

í gormánuði

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 Sími 520 3000
www.sminor.is



BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

Dauðinn í Grafarvogi

Fréttir í upphafi nýliðinnar viku vöktu athygli mína. Svo virðist sem hópur íbúa í Grafarvogi hafi sett sig upp á mótí því að lík-brennsla yrði reist í hverfinu, af ötta við að gamla fólkið mætti ekki sjá reyk framúr án þess að vera óþyrmilega minnt á forgengileikann. Ekki fylgdi sögunni hvort Grafarvogsbúar hyggist skipta um nafn á hverfinu eða leggja blátt bann við skurðgröfum og öðrum menjum hins endanlega ástands. Í kjölfarið fór ég aftur á mótí að hugsa um hvernig ég vil láta búa um mig þegar þar að kemur. Ætli ég láti ekki brenna mig.

Ekki svo að skilja að ég sé á grafarbakkanum, vonandi á ég langa ævi framundan og dey saddur lífdaga seint og síðar meir (sjö-njú-þrettán). Ég hef ekki velt því mikið fyrir mér hvernig dauða minn mun bera að og hef svo sem engar séróskir, nema ég vona að það verði ekki eitthvað vandræðalegt atvik fyrir opnum tjöldum, til dæmis að hrasa fullur í neðsta tröppuþrepi á þéttsetnu veitingahúsi og liggja örendur eftir. Ekki mikil reisn í því.

En þótt maður sé ekki með annan fótinn í gröfinni er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessum efnum. Það er bæði hagnýtt og eitthvað skáldlegt við það að láta brenna sig og ekki alltaf sem það fer saman. Reyndar er ég hissa á hvað athafnamenn hafa vanrækt hina hagnýtu möguleika dauðans, það er að segja hvernig er hægt að breyta kvæðjustundinni sem enginn sleppur við í peninga.

EINU sinni fíhugaði ég að opna útfararstofu. Ég sá fyrir mér neonskilti: Bergsteinn legstein: leggst einn inn - leggst einn út. Mér skilst hins vegar að það séu margir um hituna í þessum bransa og erfitt fyrir nýliða að gera sig gildandi; þeir sem fyrir eru jarði líka samkeppni, ef svo má að orði komast. Þá fékk ég aðra hugmynd og betri: Jarðarfarabátturinn Bless.

Í jarðarfarabættinum Bless væri hægt að fylgjast með undirbúningi útfarar (kannski hægt að taka upp síðustu orðin ef maður er forsjáll), bent á heppilegar lausnir, persónulegar útfarir þar sem fólk er jarðað í túninu heima og þar fram eftir götunum. Brúðkaup eru ekkert sérstök, margir ganga í hjónabönd í tvígang eða oftast en fæstir eru bornir til mouldu oftast en einu sinni (þau tilfelli eru kannski efni í sérþátt). Og þó, kannski er þessi hugmynd andvana fædd.

GAUTABORG

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Sumaráætlun: Tvö flug í viku

ALICANTE

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Sumaráætlun: Fjórú sinnur í viku

Friedrichshafen

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Sumaráætlun: Tvisvar í viku

STOKKHÓLMUR

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Sumaráætlun: Tvisvar í viku

PARÍS

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

NÝR AFANGASTADIR

Sumaráætlun: Þrisvar í viku

KÖBEN

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Flugió daglega

LONDON

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Flugió daglega

FRANKFURT HAHN

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Sumaráætlun: Þrisvar í viku

BASEL

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

NÝR AFANGASTADIR

Sumaráætlun: Einu sinni í viku

BILLUND

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

NÝR AFANGASTADIR

Sumaráætlun: Tvisvar í viku

BERLÍN

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

Sumaráætlun: Þrisvar í viku

ÓSLÓ

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

NÝR AFANGASTADIR

Sumaráætlun: Tvisvar í viku

EINDHOVEN

AFANGASTADIR ICELAND EXPRESS 2007

NÝR AFANGASTADIR

Sumaráætlun: Tvisvar í viku

www.icelandexpress.is

Nú geturðu bókað flug til 13 áfangastaða með Iceland Express!

Allar nánari upplýsingar um vetrar- og sumaráætlanir er að finna á www.icelandexpress.is

Iceland Express hefur flug til 5 nýrra áfangastaða á næsta ári og verða þá áfangastaðirnir orðnir 13 talsins. Sala flugsæta fram til haustsins 2007 er þegar hafin. Tryggðu þér lægsta mögulega verð til Evrópu með því að bóka strax á www.icelandexpress.is

» VERÐ FRÁ:
7.995 kr.
Aðra leið með sköttum.

» BÖRN:
50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd meðfullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.



ORMSSON SMÁRALIND ER ENGIN VENJULEG VERSLUN

Full búð af nýppteikum, fallegum og spennandi vörum til jólagjafa!

VINSJELASTA JÓLAGJÖFIN TARI!

OPID ALLA HELGINA

BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSKA

ORMSSON

VELKOMIN Í JÓLALEGA VERSLUN!